# FRÉTTABLAÐIÐ

184. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 6. ÁGÚST 2016




# Gleðilega Hinsegin daga

Miðbærinn iðar af lífi og ástin liggur í loftinu á hápunkti Hinsegin daga í dag. Guðni Th. Jóhannesson heldur tölu.

→16, 44

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Ferill Ólafs í myndum

→18-22



## Starfaði sem fatafella í Berlín

→24



## Mættar til Ríó

→12

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **ATVINNA** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Að mestu hægur vindur á morgun, en strekkingur með suðausturströndinni. Víða bjart veður en þó líkur á síðdegisskúrum, einkum norðaustanlands. Hiti 10 til 17 stig, hlýjast vestan til.

SJÁ SÍÐU 36

# Ólympíuþorpið á gröfum þræla

**BRASILÍA** Afkomendur þræla ásaka byggingaverktaka um að hafa eyðilagt fornleifar með því að byggja húsnæði fyrir blaðamenn ofan á fjöldagröf afrískra þræla.

Blaðamenn og ljósmyndarar flykkjast nú til Brasilíu til að fylgjast með Ólympíuleikunum sem fara fram í Ríó um þessar mundir. The Guardian greinir frá því að afkomendur þræla, þekktir sem quilombo, segi að Barra, fjölmiðlaþorp númer þrjú, hafi verið byggt á landi þar sem forfeður þeirra voru grafnir og þeir töldu heilagt.

Adilson Batista Almeida, leiðtogi Camorim Quilombo, ásakar byggingaverktakann um að koma í veg fyrir að samfélagið eigi opinbert svæði til að halda afrísk-brasilíska menningu í heiðri.

Húsnæðið í fjölmiðlaþorpinu verður selt einkafyrirtækjum að loknum Ólympíuleikunum. **– sg**

# Áframhaldandi gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára piltur var í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 19. ágúst að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en það var gert á grundvelli almannahagsmuna.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er pilturinn grunaður um tvö kynferðisbrot, annað á höfuðborgarsvæðinu en hitt á Suðurnesjum. Hann hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Rannsókn málsins miðar vel að sögn lögreglu. **– sg**

**Nítján ára piltur hefur kært gæsluvarðhaldsúrskurð vegna meintra nauðgana á tveimur fimmtán ára stúlkum.**

# Heljarstökk á makrílveiðum



Margir lögðu leið sína að höfninni í Hafnarfirði í veðurblíðunni í gær. Fjöldi manna greip með sér veiðistöng til að fara á makrílveiðar en aðrir virtust koma á staðinn til að njóta stemningarinnar. Ungur maður nýtti tækifærið til að taka heljarstökk ofan í svalandi sjóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Snjór í Miðengi. MYND/HELGA GÚSTAVSD.

# Hvít sumarjörð

**VEÐUR** Hvít jörð var í gær í Miðengi í Grímsnesi. Þar gerði þrumur og fylgdi þeim haglél.

Veðurstofa Íslands hefur í spám fyrir vikuna minnt á að afar óstöðugt loft sé yfir landinu. Skúrir og haglél geta fylgt slíku ástandi og þá að sjálfsögðu þrumur og eldingar.

Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofunni, segir kröftugar skúrir og klakka hafa verið sunnanlands. Þrumur og eldingar hafa mælst með þessu óstöðuga lofti. Mælitæki Veðurstofunnar hafi numið tvær eldingar en líklega hafi þær verið mun fleiri. **– sg**

# Minnast vina í óvissu um ástæður flugslyss

**Bílaklúbbsmenn á Akureyri reistu minnisvarða í gær til heiðurs föllnum félögum. Þrjú ár eru síðan sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti á Akureyri. Formaður klúbbsins vill að skýrsla rannsóknarnefndar flugslysa verði opinber sem fyrst.**

**AKUREYRI** Bílaklúbbur Akureyrar afhjúpaði í gær minnisvarða um Pál Steindór Steindórsson og Pétur Róbert Tryggvason sem fórust í flugslysi á svæði bílaklúbbsins fyrir þremur árum þegar sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti á svæðinu af ókunnum ástæðum.

Einar Gunnlaugsson, formaður bílaklúbbsins, segir atburðinn hafa legið þungt á félagsmönnum allan þennan tíma.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur ekki enn birt skýrslu sína um orsakir þess að sjúkraflugvélin af gerðinni Beechcraft B200 Super King Air brotlenti fyrir þremur árum.

„Það er auðvitað erfitt að hafa ekki fengið skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Á meðan bíðum við í óvissu og þá fara að vakna hugmyndir um orsakir sem ekki eru á rökum reistar," segir Einar.

Með afhjúpun minnisvarðans er ætlunin að reyna að ná einhverri niðurstöðu í málið.

„Þessi atburður er til þess ætlaður að setja ákveðinn punkt aftan við þetta mál. Lífið heldur áfram og við viljum minnast þeirra fyrir þá menn sem þeir höfðu að geyma," segir Einar.

Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður Íþróttabandalags Akureyrar, hélt ræðu við tilefnið.

„Við munum líklega öll hvar við vorum stödd þegar við fengum fréttir af hörmulegu flugslysi sem átti sér stað hér á félagssvæði Bílaklúbbs Akureyrar þar sem tveir miklir heiðursmenn létu lífið," sagði Geir Kristinn.

„Litla samfélagið okkar var sem lamað en það var engu að síður aðdáunarvert að sjá samkenndina og stuðninginn sem fylgdi í kjölfarið, hvort sem um ræðir félagsmenn Bílaklúbbsins eða samfélagið í heild," bætir Geir við.

Mótorhjólafólk og Bílaklúbbur Akureyrar afhentu síðan við athöfnina hollvinasamtökum sjúkrahússins á Akureyri fjárframlag til kaupa á svokallaðri ferðafóstru sem er sérstaklega hannaður hitakassi fyrir ungbörn.

Samkvæmt barnadeild sjúkrahússins mun þessi gjöf koma að mjög góðum notum þar sem fyrir er gamall hitakassi sem þarfnast endurnýjunar. Búnaðurinn er notaður þegar flytja þarf veika nýbura strax eftir fæðingu til frekari aðhlynningar í Reykjavík.

**sveinn@frettabladid.is**



Viðstödd voru börn mannanna sem létust, þau Guðný Birta og Sara Elísabet Pálsdætur, og Markús, Snædís Lind og Krumma Dís Pétursbörn. Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður Íþróttabandalags Akureyrar er fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Það er auðvitað erfitt að hafa ekki fengið skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Á meðan bíðum við í óvissu og þá fara að vakna hugmyndir um orsakir sem ekki eru á rökum reistar.**

Einar Gunnlaugsson, formaður Bílaklúbbs Akureyrar








Kringlan

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA · SÍA

**TÖLUR VIKUNNAR** 31.07.16–06.08.16

ALLT AÐ
**53%**
**hækkun** verður á launum saksóknara eftir nýjan úrskurð kjararáðs.

**27%**
fyrirtækja skiluðu ekki **skattframtali** vegna rekstrarársins 2014.

**20%**
aukning hefur orðið á magni **úrgangs** frá byggingaframkvæmdum í tonnum talið frá því á sama tímabili í fyrra.



**60%**
aflaheimilda í **Þorlákshöfn** eru komin í hendur fyrirtækja utan sveitarfélagsins.

**36 manns**
gistu fangageymslur lögreglunnar víðs vegar um landið um verslunarmannahelgina.

Almennur byggðakvóti minnkar um **18%** milli fiskveiðiára og fer úr **6.800** tonnum í **5.600.**

**5.000.000.000**
Ríkissjóður fær 5 milljörðum meira í tryggingagjald á fyrri helmingi þessa árs en í fyrra.

## Þrjú í fréttum
## Innsetning, Hinsegin og þingmannsefni

**Guðni Th. Jóhannesson**



tók við embætti forseta Íslands í vikunni. Hann er sjötti forseti lýðveldisins. Í ræðu sinni þakkaði Guðni fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt þegar honum var falið embættið. Hann sagði að forseti réði sjaldan úrslitum einn síns liðs og talaði um að enginn ætti að þurfa að líða skort á Íslandi.

**Eva María Þórarinsdóttir Lange**
*formaður Hinsegin daga*



segir samkynhneigt fólk aðallega glíma við dulda fordóma. Litlu atriðin geti verið pirrandi. „Til dæmis hringdi tryggingasölumaður í mig um daginn og talaði alltaf um manninn minn. Það þyrfti að breyta svona hlutum og tala frekar um maka,“ sagði Eva María, sem hefur staðið í ströngu undanfarið.

**Árni Johnsen**
*fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins*



hefur ákveðið að gefa kost á sér í eitthvert af efstu sætunum í prófkjöri flokksins í Suðurkjördæmi sem haldið verður þann 10. september. Árni Johnsen, sem er 72 ára gamall, var þingmaður Suðurlands á árunum 1983 til 1987 og 1991 til 2001 og svo Suðurkjördæmis frá 2007 til 2013.

# Faghópur rammaáætlunar er ósammála verkefnisstjórninni

**Niðurstöður faghóps 4 í skýrslu verkefnastjórnar rammaáætlunar bendir til að ekki hafi nauðsynleg vinna farið fram svo hægt sé að meta virkjunarkosti nægjanlega. Hvorki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um kostnað né ábata. Umhverfisráðherra segir það bagalegt að faghópurinn hafi ekki getað unnið sitt verk.**

**ORKUMÁL** Faghópur 4 í þriðja áfanga rammaáætlunar, sem átti að fjalla um virkjunarkosti með tilliti til hagrænna þátta, telur ekki forsendur til að meta þjóðhagslega hagkvæmni þeirra virkjanakosta sem til umfjöllunar eru nú.

Umhverfisráðherra segir það mistök að hópurinn hafi ekki verið skipaður fyrr af verkefnastjórn.

Ekki var farið í nauðsynlega rannsóknarvinnu um fjárhagslegan kostnað og ábata virkjanakosta að mati faghópsins sem hefði tekið um það bil tvö ár í vinnslu. Samt sem áður átti að leggja mat á þessa þætti svo unnt væri að raða svæðum eftir því hvort þeir yrðu nýttir eða verndaðir, samkvæmt þingsályktunartillögu sem þingið samþykkti á sínum tíma um rammaáætlun.

Því má segja að verkefnisstjórn þriðja áfanga rammaáætlunar hafi ekki hlustað á eigin faghóp.

„Það er niðurstaða faghópsins að hvorki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um fjárhagslegan kostnað og ábata né mat á öðrum kostnaði og ábata sem leggja megi til grundvallar áreiðanlegu mati á þjóðhagslegum áhrifum,“ segir í niðurstöðu faghópsins.

„Það er hins vegar mat hópsins að afar mikilvægt sé að slíkt mat fari fram, og jafnframt að gera ætti slíkt mat að hluta af ferli samþykktar virkjanaframkvæmda,“ bætir faghópurinn við.

Faghópurinn var settur saman í desember í fyrra og skipaður þremur einstaklingum. Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindasviðs HÍ, var formaður hópsins en einnig sátu í honum Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við HÍ, og Sigurður Jóhannesson forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ.



**Miklir hagsmunir liggja í því hvort svæði verði nýtt til verndar eða nýtingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra segir að verkefnastjórn hefði átt að skipa faghópinn mun fyrr svo hægt væri að ráðast í þetta verkefni. Tímaleysi komi í veg fyrir það nú.

„Það er bagalegt að verkefnastjórn skyldi ekki skipa þennan hóp fyrr. Það sem ég gerði með formanni verkefnastjórnar var að setja niður mjög ákveðið tímaplan um hvað ætti að gera á hvaða tíma,“ segir Sigrún.

Þá kveðst Sigrún ekki munu skipta sér af verklaginu nema til að fylgjast með.

> **Ég efast um að þingið klári rammann, sem er leitt. Á þessum dögum sem eftir eru í þinginu mun ég aðeins kynna málið fyrir þinginu. Ekki gefst tími í annað.**
>
> Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra



„Ég efast um að þingið klári rammann, sem er leitt. Á þessum dögum sem eftir eru í þinginu mun ég aðeins kynna málið fyrir þinginu. Ekki gefst tími í annað,“ segir ráðherrann.

Sigrún vill ekki leggja mat á framkomnar athugasemdir draga skýrslu verkefnastjórnar um þriðja áfanga rammaáætlunar.

„Ég get ekki á þessum tímapunkti haft skoðun á einstökum athugasemdum. Nú bíðum við bara eftir að vinnu verkefnastjórnar ljúki þannig að við fáum fullbúið verk inn í þingið.“

**sveinn@frettabladid.is**




# Fimmtán hleranir á símum þingmanna

**DÓMSMÁL** Sakdómur samþykkti fimmtán sinnum að leyfa hleranir á símum þingmanna fyrir stórviðburði á árunum 1949 til 1968. Þetta kemur fram í svari Ólafar Nordal innanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar á Alþingi. Svarið byggir á samantekt Þjóðskjalasafnsins og tekur til sex úrskurða sakadóms þar sem samþykkt var að hlera síma eins til þriggja þingmanna í hvert skipti. Meðal annars í tengslum við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu árið 1949, landhelgissamninga við Breta árið 1961, heimsókn Dwights Eisenhower árið 1951 og Lyndons B. Johnson árið 1963, sem báðir urðu forsetar Bandaríkjanna.



**Lyndon B. Johnson heimsótti Ísland í september árið 1963, tveimur mánuðum áður en John F. Kennedy var myrtur og Johnson tók við forsetaembættinu.**

Þá sagði Þjóðskjalasafnið að ekki væri vitað til þess að beiðni um að hlera síma þingmanna hafi verið hafnað.

Össur spurði jafnframt hvort þessar upplýsingar gæfu tilefni til að þinglegt eftirlit yrði heimilað til að koma í veg fyrir að hlerunum yrði beint gegn stjórnmálamönnum. Ólöf benti á að ýmsar réttarúrbætur hefðu verið gerðar síðan á sjöunda áratugnum. Til að mynda hefði dómsvald og framkvæmdarvald verið aðskilið. Heimildir ríkissaksóknara til að hafa eftirlit með hlerunum hefði verið aukið síðustu ár. Því yrði ekki séð að þær hleranir á þingmönnum sem hefði verið spurt gæfu tilefni til sérstaks eftirlits af hálfu Alþingis í dag. –ih

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

# MÁLNINGAR DAGAR

## 20 % afsláttur af ALLRI málningu og viðarvörn






20% afsláttur

JOTUN

**2.396 kr**
~~2.995 kr~~
**Jotun Vegg&loft 3 ltr.**
Frábær ný innimálning fyrir veggi og loft. Gljásti 5. Blöndum alla liti.
7119781-83

20% afsláttur

JOTUN

**Pallaolía Jotun Treolje 3 ltr.**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda fleiri liti.
7049123-33-37

**1.908 kr**
~~2.385 kr~~

# ÚTSALA Á VÖLDUM HEIMILISTÆKJUM

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ



ÚTSALA • ÚTSALA
**58.990 kr**
~~76.900~~
**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
Electrolux



ÚTSALA • ÚTSALA
**64.990 kr**
~~78.990~~
**Þurrkari** EDP2074PDW
Barkalaus með rakaþétti.
1860171
Electrolux



ÚTSALA • ÚTSALA
**72.990 kr**
~~84.900~~
**Uppþvottavél** ESF5521LOX
Orkunýting A+, þurrkhæfni A, þvottahæfni A, hljóðstyrkur 45 dB
1808975
Electrolux

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN



# LAGERHREINSUN

## á sumarvörum allt að 70% afsláttur

Byggjum á betra verði

www.husa.is



Lögregluskóli ríkisins.

## Efins um breytt lögreglunám

**STJÓRNSÝSLA** Landssamband lögreglumanna, LL, hefur áhyggjur af því að fyrirhugaðar breytingar á námi lögreglumanna auki enn á þá miklu manneklu sem fyrir er í lögregluliði landsins.

Breyta á lögreglunáminu á þann veg að það verður fært yfir á háskólastig og gert að tveggja ára námi í stað eins árs líkt og nú er. Því verður enginn útskriftarárgangur árið 2017.

Til samanburðar hefur lögreglan í Reykjavík einni auglýst eftir 20 lögreglumönnum en lögregluskólinn útskrifar aðeins sextán lögreglumenn í september á þessu ári.

„Við höfum bent yfirvöldum á það að þetta er óheppileg tímasetning. Á meðan höfum við horft upp á mikinn niðurskurð hjá lögreglunni og það sárvantar lögreglumenn til starfa. Þannig mun þetta aðeins auka á vandann,“ segir Snorri Magnússon, formaður LL. **– sa**

## Sex ára í skotlínunni



Indverski strákurinn Bothai Narzary, sem er sex ára gamall, slasaðist í árás í Balajan Tinali í gær. Byssumenn hófu skotárás á fjölförnum markaði í Norðaustur-Indlandi í gær. Að sögn lögreglu féllu að minnsta kosti fjórtán almennir borgarar og fleiri særðust í árásinni. Einn af árásarmönnunum var skotinn. Talið er að meðlimir National Democratic Front of Bodoland beri ábyrgð á árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hækkun hafin á vöruverði í Bretlandi

**Raftækjaframleiðendur, fataverslanir og bíla- og bílavarahlutaframleiðendur eru byrjaðir að hækka laun eða vara við hækkun í bráð vegna hruns pundsins. Formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi segist reikna með að íslenskir fiskútflytjendur bregðist eins við.**

**EFNAHAGSMÁL** Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Bretlandi um að yfirgefa Evrópusambandið hefur breska pundið fallið verulega. Það hefur valdið vandræðum fyrir innflytjendur, þar á meðal raftækjaframleiðendur, fataverslanir og bílaframleiðendur.

Á undanförnum dögum hafa margir ákveðið að hækka vöruverð og aðrir boða hækkanir.

Bandarískir og asískir raftækjaframleiðendur, sem greiða helst kostnað af framleiðslu sinni í bandaríkjadal og jeni, voru á meðal þeirra fyrstu sem ákváðu að hækka vöruverð.

Gengi breska pundsins er 10 prósentum lægra gagnvart dollaranum en það var þegar þjóðaratkvæðagreiðslan fór fram hinn 23. júní síðastliðinn.

Sölumenn í London segja að framleiðendur á borð við Dell og HTC hafi hækkað verð á vörum um 5-15 prósent á síðustu dögum.

„Verð hefur klárlega hækkað á öllum rafvörum,“ segir Sohel Amin, sem stýrir Itbex UK, en það er verslun sem selur raftæki á lágu verði (e. outlet store).

Stjórnendur bandaríska tölvurisans Dell sögðu í yfirlýsingu að sterkari bandaríkjadalur myndi hafa bein áhrif á hluta af þeirri framleiðslu sem seld er breskum neytendum.

Haft er eftir Sally Moore, talskonu fyrirtækisins, á vef Wall Street Journal að verðhækkanirnar og tímasetningar þeirra væru ólíkar eftir ólíkum vöruflokkum.

Bretland er einn mikilvægasti einstaki markaðurinn fyrir útflytjendur íslenskra sjávarafurða.




Allt frá því að kosningar um útgöngu úr Evrópusambandinu fóru fram hefur pundið lækkað um 10 prósent gagnvart dal. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aðspurður hvort íslenskir fiskútflytjendur séu þegar farnir að grípa til sömu ráðstafana og raftækja- og bílaframleiðendur segir Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, að hægagangur hafi verið í fiskvinnslu undanfarið vegna sumarleyfa. Þá séu viðskiptin mjög misjöfn og margir með viðskiptasamninga mánuði fram í tímann.

„En margir eru mjög áhyggjufullir yfir þessari þróun og menn eru farnir að ræða það við kaupendur að það þurfi að sækja hækkun til að vega á móti. En ég hef ekki heyrt neitt hvernig það hefur gengið,“ segir Jens Garðar. Hann reiknar þó með að fiskútflytjendur muni bregðast við á sama hátt og aðrir framleiðendur.

jonhakon@frettabladid.is

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst föstudaginn 2. september í Árbæjarlaug

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557 6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com

## Þingmenn ekki einhuga

**STJÓRN** Ekki er einhugur um Sigmund Davíð Gunnlaugsson sem formann Framsóknarflokksins meðal þingmanna flokksins. Fréttastofa hefur heimildir fyrir því að innan þingflokks Framsóknarflokksins hafi verið átök um það hvort Sigmundur Davíð eigi að leiða flokkinn í kosningunum. Staðan er í senn viðkvæm og flókin.

Miðstjórn Framsóknarflokksins mun í næsta mánuði ákveða hvort landsþing flokksins verður haldið fyrir kosningar í haust. Flestir þingmenn sem fréttastofa náði tali af styðja flokksþing í haust svo forysta flokksins geti endurnýjað umboð sitt.

Fréttastofa hafði samband við alla þingmenn Framsóknarflokksins til að kanna afstöðu til formannsins. Þorsteinn Sæmundsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Eygló Harðardóttir, Vigdís Hauksdóttir, Lilja Alfreðsdóttir og Þórunn Egilsdóttir styðja Sigmund Davíð heils hugar.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Aðrir segja ótímabært að svara því eða vilja ekki gefa upp afstöðu sína. Ásmundur Einar Daðason segir flokksþing ákveða forystu flokksins hverju sinni, Líneik Anna Sævarsdóttir segist fylgja afstöðu flokksins og Höskuldur Þórhallsson segist styðja þann til forystu í flokknum sem hann telur að hafi það traust sem nauðsynlegt er.

Þeir þingmenn flokksins sem vildu ekki tjá sig undir nafni segja mikla óvissa uppi. Flestir þingmenn sem fréttastofa náði tali af styðja flokksþing í haust svo forysta flokksins geti endurnýjað umboð sitt. **– sg**


Gleðilega hátíð
Landsbankinn er stoltur bakhjarl Hinsegin daga. Hápunktur hátíðarhaldanna er Gleðigangan sem fer fram í sautjánda sinn í dag.
Árið 2005 lögðu tveir ungir menn af stað í gönguna í dularkuflum. Þeir höfðu ekki gengið lengi þegar báðir komu fyrirvaralaust út úr skápnum.
Lestu frásögn þeirra á landsbankinn.is/hinsegindagar.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# Eitrað fyrir börnum



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það er almennt viðurkennt í samfélaginu af læknum, vísindamönnum og næringarfræðingum að hvítur sykur sé skaðlegur heilsu manna og einn helsti orsakavaldur vaxandi offitu og áunninnar sykursýki á Vesturlöndum.

Bandaríski læknirinn Robert Lustig sem er sérfræðingur í offitu barna hefur líkt hvíta sykrinum við eitur. Í niðurstöðum rannsóknar sem teymi hans birti í fyrra kemur fram ótvíræð sönnun þess að sykurinn er beinn orsakavaldur í insúlínviðnámi, sem er forstig áunninnar sykursýki. Insúlínviðnámið getur verið lúmskt og grafið um sig án þess að sjúklingurinn verði þess var. Innan fárra ára er svo viðkomandi með áunna sykursýki með tilheyrandi lífsgæðaskerðingu og kostnaði fyrir kerfið.

Í raun má segja að foreldri sem nærir barn óhóflega á sykri eða temur því ekki heilbrigðar neysluvenjur sé að vanrækja barnið. Börn sem borða of mikinn hvítan sykur eru fórnarlömb vanrækslu foreldra sinna. Rétt eins og börn sem er neitað um svefn eða hreyfingu. Foreldri sem veit betur en lætur sér fátt um finnast er komið að efri mörkum gáleysis eða neðri mörkum ásetnings um að valda barni sínu skaða. Með réttu mætti spyrja fólk í slíkri stöðu, elskar þú ekki barnið þitt? Fólk getur ekki borið fyrir sig þekkingarleysi þegar skaðsemi viðbætts sykurs er annars vegar.

Er æskilegt að ríkisvaldið reyni að hafa áhrif á eftirspurn eftir vörum með hvítum sykri með lýðheilsu að markmiði? Er það hlutverk ríkisins að stjórna því hvað menn borða? Skiptir máli að einginlegt tjón vegna heilsubrestsins sem leiðir af sykurneyslunni er hjá skattgreiðendum því kerfið er fjármagnað með skattfé? Við þessum spurningum eru ekki einföld svör. Þau hljóta jafnframt að taka mið af gildismati hvers og eins.

Niðurstöður rannsóknar sem birtust í New England Journal of Medicine árið 2009 sýndu að verðstýring með sköttum á sykraðar drykkjarvörur geti haft áhrif til að minnka neyslu. Hinn 1. janúar 2015 voru vörugjöld á sykruðum mat felld niður hér á landi en á sama tíma var virðisaukaskattur á mat og þar með sælgæti hækkaður úr sjö prósentum í ellefu. Sértæk skattlagning er ekki af hinu góða og einfalt og fyrirsjáanlegt skattkerfi er eftirsóknarvert. Hins vegar má velta fyrir sér hvort rétt sé að beita skattlagningarheimildum til að skapa hvata fyrir fólk til að draga úr sykurneyslu sérstaklega í ljósi þess hversu ódýr hann er. Til dæmis með hækkun sykraðrar matvöru í efsta þrep virðisaukaskatts. Eða með lækkun virðisaukaskatts á mat sem inniheldur engan sykur. Grænmeti og ávextir eru nógu dýrir á Íslandi. Það er stundum ódýrara fyrir neytendur að kaupa Kit Kat og Snickers heldur en banana og perur. Ávextir og grænmeti bera sömu skatta og sælgæti. Með þessu sendir ríkisvaldið röng skilaboð. Þetta er óeðlilegt og þessu þarf að breyta.

**Börn sem borða of mikinn hvítan sykur eru fórnarlömb vanrækslu foreldra sinna.**

Gunnar






## Mín skoðun Logi Bergmann



# Til hamingju með daginn

Ég stóð sjálfan mig að því um daginn að velta því fyrir mér hvort Gay Pride hefði ekki runnið sitt skeið. Hvort við værum ekki komin þangað að það skipti ekki nokkru máli hver kynhneigð manns væri. Er ekki öllum sama?

Það er sennilega erfitt að bera það saman að koma út úr skápnum árið 2016 eða 1966, svo maður fari ekki lengra. Á hálfri öld höfum við þó lært að það sem kallað var á þeim tíma „kynvilla“ er ekki geðsjúkdómur. Það er ekki skeið sem gengur yfir og það er ekki hægt að lækna fólk af samkynhneigð. Við höfum líka lært það að hommar og lesbíur eru bara venjulegt fólk. Hvorki betra né verra en annað. Þannig að stundum finnst manni eins og þetta sé bara komið í lag og Gay Pride sé nánast óþarfi. (Eða Reykjavík Pride eins og þetta heitir víst núna – enda snýst þetta um alls konar, ekki bara homma eða lesbíur.)

Svo var ég svo „heppinn“ að heyra í guðfræðingi á útvarpsstöð hella úr sér fordómum og ógeði um samkynhneigða. Hann opnaði á því hversu mikil frekja það væri að hommar fengju að gefa blóð. En verst fannst honum hvernig þeir væru að reyna að troða sér inn í kirkjurnar og í raun bjóða sér þangað sem þeir væru ekki velkomnir. Ég man ekki hvort hann orðaði það þannig en það var klárlega innihaldið. Haldið ykkur frá kirkjunum – þið eruð ekki velkomnir.

Þessum guðsmanni var mikið niðri fyrir og sá sem talaði við hann gerði enga tilraun til að stoppa hann eða mótmæla. Það var eins og honum fyndist alveg eðlilegt að þarna væri bara mættur sérfræðingur í þessum málum sem gæti alveg talað svona um annað fólk. Að það væri ekki velkomið í okkar samfélag.

### „Ekki að ég hafi neitt á móti þeim“

Þessum ræðum, sem maður, ótrúlegt en satt, heyrir stundum enn, fylgir oft línan: „Ekki að ég hafi neitt á móti þeim.“ Sem er ekki bara órökrétt í ljósi þess sem viðkomandi er þá nýbúinn að láta út úr sér, heldur líka ótrúleg hræsni. Ef þú vilt til dæmis ekki að samkynhneigðir fái að gifta sig í kirkju, þá hefurðu eitthvað á móti þeim. Það bara segir sig sjálft.

Það er reyndar til annar frasi sem er jafnvel verri en þessi: „Margir af vinum mínum eru hommar.“ Hér eru menn eitthvað að misskilja hugtakið vinátta. Maður talar ekki svona um vini sína og fer alls ekki í stríð við þá út af öljósum sögusögnum um typpasleikjóa.

Svo er það hitt, að upplifa að það sé allt í lagi að hafa þessa skoðun. Þú þarft ekki að hafa neitt „á móti“ hommum og lesbíum þó að þú viljir hafa kirkjuna þína í friði fyrir þeim. Það bergmálar það viðhorf liðins tíma að hafa ekkert á móti blökkumönnum; þeir geti bara ferðast með sínum strætisvögnum og notað sérmerkt almenningssalerni. Á sama hátt finnst mér það algjörlega ótrúlegt að til séu prestar sem enn eru þeirrar skoðunar að þeir geti bara, svona í ljósi fordóma sinna, komið fram við samkynhneigða eins og þeir séu óhreinir og annars flokks.

### Hatur í nafni kærleika

Við sjáum stundum fréttir, til dæmis frá Rússlandi og Afríku, þar sem hommahatur er landlægt. Hommar eru barðir, stungið í fangelsi og jafnvel dæmdir til dauða. Fáfræði og fordómar stjórna gjörðum þessa fólks en það kaldhæðnislega við þetta er, að þetta er oft gert í nafni trúar sem boðar fyrst og fremst kærleika.

Það sló mig í orðum þessa guðfræðings að hann sagði að þetta væri ekki samkvæmt Biblíunni og ekki Jesú að skapi. Og mig langar, svona á þessum fína degi, að segja við þennan guðfræðing: Ef Guð er til, og jafn algóður og almennt er haldið fram, held ég að það sé alveg útilokað að hann sé þeirrar skoðunar að við eigum að útiloka bræður okkar og systur vegna kynhneigðar. Ef þinn guð er þannig, þá vil ég í það minnsta ekkert með hann hafa.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

F&F

# ÚTSALA

70%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.



Anton Sveinn McKee sleppti því að fara á setningarhátíðina í gær til að vera sem best undirbúinn fyrir sundið í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þetta er svona gott stress

**Aðra Ólympíuleikana í röð er það sundmaðurinn Anton Sveinn McKee sem keppir fyrstur af íslenska hópnum. Hann verður eini íslenski keppandi dagsins þegar hann stingur sér til sunds í 100 metra bringusundi.**

Rio2016



Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@365.is

Það fer að breytast í hefð að það skuli vera Anton Sveinn McKee sem ríður á vaðið af íslensku keppendunum á Ólympíuleikum. Það gerðist fyrir fjórum árum í London og gerist aftur á leikunum í Ríó í ár.

Anton Sveinn McKee þurfti að fórna setningarathöfninni í gærkvöldi en hann ætlar sér stóra hluti á þessum leikum og byggja ofan á flotta frammistöðu sína á síðustu stórmótum sínum.

Fram undan er 100 metra bringusundið í dag. Fyrst undanrásir rétt fyrir sex að íslenskum tíma og svo undanúrslitasundið eftir miðnætti að íslenskum tíma takist Antoni að synda nógu hratt til þess að komast þangað.

„Það fer að koma að þessu og ég er orðinn mjög spenntur. Síðustu dagar hafa gengið mjög vel og við erum búin að koma okkur mjög vel fyrir í þorpinu. Allar aðstæður hér eru mjög flottar,“ segir Anton Sveinn.

### Hefur breyst sem sundmaður

Anton Sveinn vill ekki láta stóra sviðið hafa of mikil áhrif á sig. „Það hjálpar mér vissulega að hafa farið áður á leikana. Ólympíuleikarnir eru náttúrulega stærri en þessi stórmót sem maður fer á en sundaðstaðan er eins og hún gengur og gerist á venjulegum mótum,“ segir hann.

Anton er samt langt frá því að vera sami sundmaður og hann var á síðustu leikum enda að keppa í allt öðrum greinum á þessum leikum.

„Ég er núna kominn í bringuna. Ég hef breyst eitthvað aðeins sem sundmaður. Ég er mjög sáttur við hvert ég er kominn í dag. Ég er spenntur fyrir að sjá hvernig þetta kemur út hjá mér. Þetta er búið að vera svona eitt skref í einu hjá mér,“ segir Anton Sveinn en í London fyrir fjórum árum synti hann 1.500 metra skriðsund og 400 metra fjórsund. Anton Sveinn var þá átján ára gamall en síðan þá hefur hann skipt yfir í bringusundið með frábærum árangri. Í Ríó syndir hann 100 og 200 metra bringusund.

„Ég set markið hátt og vonast til að bæta mína bestu tíma. Markmiðin mín eiga að duga til þess að komast áfram og það hef ég sett stefnuna á,“ segir Anton Sveinn sem komst í úrslit á EM í London í maí.

„Það var mjög góð reynsla fyrir mig að fara í gegnum undanúrslitin og úrslitin þar. Þá var ég nálægt mínum bestu tímum þrátt fyrir rosa litla hvíld. Það lofar bara góðu fyrir þetta mót,“ segir Anton.

### Kvöldæfingar í Ríó

Hann keppti einnig fyrstur fyrir fjórum árum en þá munaði aðeins litlu á honum og öðrum íslenskum keppendum. Að þessu sinni á hann fyrsta daginn einn.

„Það verður mjög gaman að ríða á vaðið aðra leikana í röð. Ég vona að ég nái bara að byrja leikana á góðu róli. Auðvitað er ég smá stressaður en það er ekkert af því að ég er að fara að keppa fyrstur. Það er ekkert að því. Þetta er svona gott stress,“ segir Anton.

> **Anton Sveinn McKee keppti líka fyrstur Íslendinga á ÓL í London 2012 en var þá bara 37 mínútum á undan Söruh Blake Bateman. Nú á hann möguleika á því að stinga sér tvisvar í laugina áður en næsti íslenski keppandinn spreytir sig sem verður Eygló Ósk Gústafsdóttir á morgun.**

Sundfólkið keppir nú ekki lengur um morguninn í undanrásum heldur eftir hádegi. Úrslitakeppnin er síðan mjög seint. Íslenska sundfólkið var þess vegna á leiðinni á æfingu seint í gærkvöldi.

„Það er seinni dagskrá og þess vegna er Jackie að fara með okkur á æfingu. Við þurfum aðeins að venjast þessu. Maður stillir sig bara inn á þennan hring en þessi tímasetning ætti ekki að skemma fyrir eða gera mann hægari. Þetta er bara eins og staðan er í dag. Ég sætti mig bara við það og æfi mig fyrir það,“ segir hann.

Anton er ekki að fara að keppa í sinni bestu grein í dag. „200 metra bringusundið er svona aðalgreinin hjá mér. Það er minni pressa á mér í 100 metra bringusundinu og ég er kannski aðeins léttari í þeirri grein. Ég er samt sem áður mjög spenntur fyrir báðum greinunum og tilbúinn í þær báðar.“

### Sniðugt að vera skynsamur

Anton Sveinn var á setningarathöfninni fyrir fjórum árum en ákvað að vera skynsamur og sleppa henni núna. Hann gekk því ekki inn á Maracana-leikvanginn í gærkvöldi. Fyrir fjórum árum fór hann hins vegar á setningarathöfnina þrátt fyrir að keppa daginn eftir.

„Ég sá ekkert eftir því að hafa farið á hana síðast. Það voru bara öðruvísi kringumstæður þá. Þá var þetta við hliðina á þorpinu og við fengum að labba beint inn og út. Það var miklu minna mál og tók ekki eins mikið á lappirnar,“ segir Anton og bætir við:

„Ég labbaði þá beint inn á völlinn, fór bara inn og svo aftur út og skilaði mér síðan strax upp í þorp aftur. Núna var þetta öðruvísi, löng rútuferð og miklu tímafrekara. Það var bara sniðugast að vera skynsamur og vera heima.“

Gleðin geislaði af Antoni Sveini og hinu íslenska íþróttafólkinu þegar íslenski hópurinn var boðinn velkominn í Ólympíuþorpið í fyrrakvöld. Sambatakturinn verður vonandi til staðar í lauginni í dag.

„Það er mjög gaman hjá okkur í íslenska hópnum og okkur líður mjög vel hérna. Við erum öll spennt fyrir því að fá að byrja þetta,“ segir Anton sem getur með góðum árangri fengið að synda tvisvar á fyrsta opinbera keppnisdegi Ólympíuleikanna í Ríó.

## Nýjast

**Inkasso-deild karla**

**Huginn - KA 1-0**
1-0 Stefán Ómar Magnússon (90+3.).

LEIKIÐ UM SAMFÉLAGSSKJÖLDINN Á WEMBLEY Á MORGUN
Englandsmeistarar Leicester City og bikarmeistarar Manchester United mætast í leiknum um Samfélagsskjöldinn á Wembley klukkan 15.00 á morgun. Þar mætast knattspyrnustjórarnir Claudio Ranieri og José Mourinho en Portúgalinn tók við af Ítalanum hjá Chelsea fyrir 12 árum eins og frægt er orðið. Síðast þegar leiðir þeirra lágu saman vann Leicester Chelsea 2-1 en eftir þann leik var Mourinho rekinn frá Chelsea.

## Í dag

**18.10 100 m bringusund kk** Vísir
▶ *Anton Sveinn McKee keppir í dag fyrstur íslensku keppendanna á Ólympíuleikunum í Ríó. Ef hann kemst í undanúrslit keppir hann í þeim klukkan 02.08 í nótt.*

**Knattspyrna karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 17.15 | Ástralía - Frakkland | Sport 2 |
| 22.00 | Kína - Bandaríkin | Sport 2 |
| 01.30 | Venesúela - Serbía | Sport 2 |

**Aðrir viðburðir á dagskrá:**

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | PL Match Play | Golfstöðin |
| 16.10 | Barcelona - Liverpool | Sport |
| 17.00 | Travelers Champions. | Golfst. |
| 01.00 | Box: Ward - Brand | Sport |

**Inkasso-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Leiknir F. - Grindavík | Fj.höllin |
| 14.00 | Keflavík - Fjarðab. | Keflavík |
| 17.00 | Þór - HK | Þórsvöllur |

## Á morgun

**16.11 100 m bringusund kvk** Vísir
▶ *Eygló Ósk Gústafsdóttir freistar þess að komast í undanúrslit í greininni en þau munu fara fram klukkan 02.36 í nótt.*

**17.05 100 m bringusund kvk** Vísir
▶ *Hrafnhildur Lúthersdóttir fékk brons í þessari grein á EM í vor og keppir í þriðja riðli. Undanúrslitin fara fram klukkan 01.29 í nótt.*

**20.30 Áhaldafimleikar kvk** Vísir
▶ *Irina Sazonova keppir í fjölþraut í áhaldafimleikum kvenna.*

**Knattspyrna karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Fiji - Mexíkó | Sport 4 |
| 18.00 | Hondúras - Portúgal | Sport 2 |
| 19.00 | Þýskaland - S-Kórea | Sport 4 |
| 21.00 | Svíþjóð - Nígería | Sport 2 |
| 21.00 | Argentína - Alsír | Sport 4 |
| 22.00 | Danmörk - S-Afríka | Sport |
| 01.00 | Japan - Kólumbía | Sport |
| 01.00 | Brasilía - Írak | Sport |

**Körfubolti karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 17.15 | Brasilía - Litháen | Sport 3 |
| 22.00 | Króatía - Spánn | Sport 3 |
| 01.30 | Nígería - Argentína | Sport 3 |

**Aðrir viðburðir á dagskrá:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.00 | QPR - Leeds | Sport |
| 13.00 | PL Match Play | Golfstöðin |
| 14.45 | Man Utd - Leicester | Sport |
| 15.50 | Víkingur Ó. - ÍBV | Sport 2 |
| 17.00 | Travelers Champions. | Golfst. |
| 18.45 | Fjölnir - ÍA | Sport |

**Pepsi-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Víkingur Ó. - ÍBV | Ólafsvíkurv. |
| 19.15 | Fjölnir - ÍA | Extra-völlurinn |
| 19.15 | Fylkir - Valur | Flórídanavöllur |

**Pepsi-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 15.00 | ÍA - Þór/KA | Norðurálsvöllur |




# NÝR FORD FIESTA

Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi aksturs-ánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2" TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir eru mættar á sína aðra Ólympíuleika. Þær eru reynslunni ríkari eftir þátttökuna í London 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Betra að vera með báða olnbogana

**Sundkonurnar Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir hafa verið duglegar við að skrifa nýja kafla í sundsögu Íslands á síðustu tólf mánuðum og nýjasti kaflinn gæti bæst við á Ólympíuleikunum í Ríó. Þær voru einnig með í London fyrir fjórum árum.**

**ÓLYMPÍULEIKAR** Þær voru fyrstu íslensku sundkonurnar til að synda sig inn í úrslit á stórmóti, þær fyrstu sem komust í úrslit í fleiri en einni grein á stórmóti og síðast en ekki síst fyrstu íslensku sundkonurnar sem unnu til verðlauna á stórmótum. Undanfarnir tólf mánuðir hafa komið íslensku sundi þangað sem það hefur aldrei verið áður.

Við höfum aldrei átt eina sundkonu svo framarlega á stórmótum og hvað þá tvær á sama tíma. Afrek Hrafnhildar Lúthersdóttur og Eyglóar Óskar Gústafsdóttur hafa komið íslenska sundinu á alþjóðlega kortið.

Nú mæta tvær íslenskar sundkonur til leiks á Ólympíuleikunum í Ríó með það markmið að synda sig inn í undanúrslit og úrslit. Fram til þessa hafa 24 sundkonur keppt fyrir Ísland á Ólympíuleikum og engri þeirra hefur tekist að komast í gegnum undanrásir.

> Ég er miklu reyndari núna og get betur núllstillt mig. Síðast var þetta svo rosalega stórt og maður var svo lítill eitthvað.
>
> Eygló Ósk Gústafsdóttir

### Geta bætt sig í báðum greinum

Bæði Hrafnhildur og Eygló Ósk synda í sinni fyrstu grein á morgun en þessar greinar eiga það sameiginlegt að vera ekki þeirra besta grein að mati sérfræðinga. „200 metra baksundið hefur alltaf verið aðalgreinin mín en það gæti vel farið svo að ég myndi bæta mig í 100 en ekki í 200,“ segir Eygló. Hrafnhildur er sjálf ekkert síður hrifin af svokallaðri slakari grein sinni. „Þetta eru tvö mismundandi sund og það eru margir sem synda kannski bara 100 eða bara 200. Bara það að ég geti synt hvort tveggja er mjög gott,“ segir Hrafnhildur.

Hrafnhildur og Eygló kepptu báðar líka fyrir fjórum árum en þá var Eygló mjög ung og Hrafnhildur meidd. „Ég er með báða olnbogana núna sem er miklu betra,“ segir Hrafnhildur í léttum tón. „Þegar ég horfi til baka þá vil ég samt horfa á þetta sem góðan hlut. Ég náði að njóta þess og hafa gaman af. Ég var ekkert stressuð en fékk að sjá allt og upplifa allt. Núna er ég ekkert stressuð og þetta er ekkert of stórt eða framandi eins og þetta var í fyrsta skiptið,“ segir Hrafnhildur. Eygló talar á svipuðum nótum.

### Var með of stórar væntingar

„Ég er miklu reyndari núna og get betur núllstillt mig. Síðast var þetta svo rosalega stórt og maður var svo lítill eitthvað. Ég veit samt ekki hvort ég get sagt að ég sé orðin vön, því að ég held að maður verði aldrei vanur einhverju svona stóru,“ segir Eygló.

Hún komst í úrslit á EM í London en Hrafnhildur vann þar þrenn verðlaun. „Ég lærði af því sem ég gerði á Evrópumótinu. Það er ekkert slæmt að enda í sjötta sæti. Ég hefði hins vegar viljað meira og það er það sem situr alltaf í huganum. Ef þig langar í meira og getur meira þá ertu aldrei alveg hundrað prósent sátt,“ segir Eygló. Nokkrum mánuðum fyrr hafði hún unnið tvenn bronsverðlaun á EM.

„Ég var komin með svolítið stórar væntingar eftir Evrópumótið í 25 metra laug. Það hjálpaði mér ekkert of mikið á EM í London. Ég ætlaði mér svo rosalega mikið og það kom mér inn í svolítið stress,“ segir Eygló.

### Get keppt við þær bestu

Hrafnhildur sló hins vegar í gegn með því að vinna tvö silfur og eitt brons á EM í maí. „Evrópumótið gaf mér gott sjálfstraust því ég veit að ég er með þeim bestu í Evrópu og þá get ég alveg eins verið meðal þeirra bestu í heiminum. Ég komst líka í úrslit á HM í fyrra og er greinilega búin að sýna það að ég get alveg verið með þeim bestu. Það er hægt að líta á það að góður árangur á EM komi með meiri pressu en það er líka hægt að líta á það mót sem góðan undirbúning og gott pepp áður en maður kom hingað. Núna veit ég að ég get staðið mig vel á stórmóti og þá get ég alveg eins gert það hér líka,“ segir Hrafnhildur.

„Samkeppnin hér er rosaleg og ég get ekkert sagt fyrir fram eða ákveðið það fyrir fram að ég ætli mér að komast í þessi úrslit og þessi úrslit. Það þarf líka að koma í ljós hvað hinar stelpurnar ætla að gera. Ég er búin að æfa eins og brjálæðingur og ég vona að ég nái að bæta mig,“ segir Eygló.

Hrafnhildur og Eygló hafa báðar tækifæri til að komast langt enda komnar í hóp þeirra bestu með framgöngu sinni á síðustu stórmótum. „Markmiðið er alltaf að stefna á toppinn, gera eins vel og ég get og komast eins langt og ég get. Fyrst er bara að komast í undanúrslit og synda eins vel og ég get þar og reyna að komast í úrslit. Um leið og maður fær braut í úrslitum þá getur allt gerst. Ég hef séð fólk á fyrstu og áttundu braut komast á pall. Það getur því allt gerst,“ segir Hrafnhildur.

**ooj@365.is**

# Helgi hefur aðeins aðra sýn á fótboltann en margir Íslendingar

**FÓTBOLTI** Helgi Kolviðsson var kynntur sem nýr aðstoðarþjálfari íslenska landsliðsins í knattspyrnu í hádeginu í gær. Helgi skrifaði undir tveggja ára samning við KSÍ og mun aðstoða Heimi Hallgrímsson í undankeppni HM 2018 sem hefst í næsta mánuði. Guðmundur Hreiðarsson verður áfram markvarðaþjálfari og þá er þýskur styrktarþjálfari, Sebastian Boxleitner, kominn inn í þjálfarateymi íslenska liðsins.

Helgi er 44 ára fyrrverandi landsliðsmaður sem hefur verið búsettur í Þýskalandi og Austurríki í rúma tvo áratugi. Helgi spilaði bæði í Þýskalandi og Austurríki og hefur svo þjálfað þarlend félagslið eftir að skórnir fóru upp í hillu árið 2007.

„Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um þetta. Það er heiður fyrir mig að geta unnið fyrir KSÍ og íslenska landsliðið,“ sagði Helgi í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann er ekki ókunnur starfi íslenska landsliðsins en hann aðstoðaði Heimi og Lars Lagerbäck á EM í Frakklandi fyrr í sumar.

„Það gaf mér mikið að sjá hvernig Lars og Heimir voru að vinna. Þeir voru með mjög skýrar línur og allir leikmenn voru með sín hlutverk algjörlega á hreinu,“ sagði Helgi.

Á blaðamannafundinum í höfuðstöðvum KSÍ í gær greindi Heimir frá því að Eiður Smári Guðjohnsen hefði verið hans fyrsti kostur í starf aðstoðarlandsliðsþjálfara.



Helgi Kolviðsson kemur nýr inn í þjálfarateymi landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

„Ég ræddi strax við hann þegar ég gerði minn samning og hann hafði þetta í kollinum. Svo vissum við ekki hvort Lars myndi vera áfram eða ekki en þegar hann gaf það svo út var málið tekið upp á ný. En eðlilega vill hann spila áfram og hann hefur sýnt að hann á nóg eftir,“ sagði Heimir, sem leitaði þá til Helga sem hann segir að hafi aðra sýn en flestir hér heima.

„Hann hefur sinn bakgrunn í Þýskalandi og hefur aðeins aðra sýn á taktík og annað slíkt. Hann hefur ekki verið að trana sér of mikið fram til þessa enda erum við enn að kynnast hvor öðrum. En hann er líklega með aðeins aðra sýn á fótboltann en margir Íslendingar og það er bara frábært,“ sagði Heimir um nýja aðstoðarmanninn sinn. **- iþs**




Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki.

Hyundai i10 - Verð frá 1.890.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Comfort útgáfa verð 2.090.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is



Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

**20%** AFSLÁTTUR

**CLEVELAND**
Tveggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 180 x 86 x 81 cm
**63.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR

**CLEVELAND**
Þriggja sæta sófi, ljós- eða dökk-grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 208 x 86 x 81 cm
**71.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR

**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm.
**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

**CLEVELAND**
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinsti. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm
**149.990 kr.** ~~189.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

**BELINA**
Borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 110 x 110 H: 74 cm
**59.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR

**PARIS**
Borðstofustóll. Margir litir með sterkbyggðum viðarlöppum.
**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

**SEATTLE**
Borðstofustóll.
Svartur eða hvítur.
**6.990 kr.** ~~9.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

**IRVINE**
Barstóll.
Svartur, dökkgrár eða hvítur.
**8.390 kr.** ~~11.990 kr.~~

# ÖLL SMÁVARA* 20–70% AFSLÁTTUR

* IITTALA ER EKKI Á AFSLÆTTI

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Sumar ÚTSALAN

# LOKAHELGIN

## Allt að 70% afsláttur

**MINO**
Hægindastóll. Svart, brúnt PU-leður og grátt áklæði.



35% AFSLÁTTUR

35.740 kr. ~~54.990 kr.~~



28% AFSLÁTTUR

**ADAM** LA-Z-BOY
Ljósbrúnt, grátt og rautt slitsterkt áklæði. Stærð: 82 × 98 × 104 cm

99.990 kr. ~~139.990 kr.~~

LA-Z-BOY | Live life comfortably.

**KENNEDY**
Klassískt sófasett frá La-Z-Boy.
Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

Þriggja sæta: 196 x 100 x 97 cm.
119.994 kr. ~~199.990 kr.~~

Tveggja sæta: 177 x 100 x 97 cm.
113.994 kr. ~~189.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

**SALLY**
Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.

29.990 kr. ~~39.980 kr.~~



50% AFSLÁTTUR

**ARLINGTON**
Hornsófi frá La-Z-Boy. Slitsterkt grátt áklæði. Stærð: 255 x 221 x 84 cm

189.990 kr. ~~379.990 kr.~~

**HARROW**
Hægindastóll. Ljós- og dökk-grátt slitsterkt áklæði.



26% AFSLÁTTUR

Stóll
109.990 kr. ~~149.990 kr.~~

Skammel
49.990 kr. ~~69.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN




# Víða lokað fyrir umferð í dag

## Gleðigangan hefst klukkan tvö. Gengið frá Vatnsmýrarvegi að Arnarhóli. Lögreglan biður fólk að sýna þolinmæði.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@365.is



Gleðiganga Hinsegin daga og hátíðarhöld henni tengd fara fram í dag. Gangan leggur af stað frá Vatnsmýrarvegi, við BSÍ, og hefst klukkan 14.00. Að henni lokinni hefst hátíðardagskrá við Arnarhól sem stendur til klukkan 17.30.

Í tengslum við hátíðina er búist við fólksfjölda í miðborginni og röskun á umferð. Flestar götur verða lokaðar í kringum gönguleiðina og hátíðarsvæðið frá hádegi og þar til hátíðardagskrá við Arnarhól lýkur.

**ÞAÐ ÞARF AÐ SAMRÆMA GLEÐISKAPIÐ Í UMFERÐINNI VIÐ GLEÐIGÖNGUNA.**

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir umferðina hafa gengið ágætlega síðustu ár í tengslum við gönguna. „Fólk hefur virt umferðartakmarkanir, gefið sér tíma og sýnt þolinmæði. Þá gengur þetta ágætlega.“ Hann segir að takmarkanir á umferð við bæði Miklubraut og Hringbraut sem munu vara frá tólf á hádegi til 14.30 muni líklega valda einhverjum umferðartöfum. Ómar segir að fólk þurfi annaðhvort að gefa sér tíma eða velja aðra leið til að komast á áfangastað. „En veðurspáin er góð og búist við fallegum degi og það þarf að samræma gleðiskapið í umferðinni við Gleðigönguna.“

Strætó gengur allan daginn og auk þess bendir Reykjavíkurborg á að bílastæðahús hafi oft verið illa nýtt meðan á hátíðarhöldunum stendur. Leigubílar munu hafa aðstöðu til að taka upp farþega í Ingólfsstræti aftan við styttuna af Ingólfi Arnarsyni á meðan götur eru lokaðar.






**NÝTTU ÞÉR GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ PEUGEOT**
Nýr sýningarsalur Peugeot á Íslandi er að Bíldshöfða 8 í Reykjavík. Öll bílalína Peugeot er í boði hjá Brimborg með meiri búnaði en áður og á einstaklega hagstæðu verði. Peugeot bílar eru einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.
> Komdu í dag og nýttu þér glæsileg opnunartilboð.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Brimborg hefur þegar hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og hefur náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Verkstæðisþjónusta og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum, er einnig í boði hjá Brimborg.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



# Ólafur Ragnar Grímsson

## forseti Íslands 1996-2016

**Allt tekur enda** Viðburðarík tíð Ólafs Ragnars Grímssonar á forsetastól er nú á enda. Ekki er hægt að segja að alltaf hafi verið logn á Bessastöðum – raunar hafa fjölmiðlamenn aldrei komist í jafn viðburðaríka forsetatíð í sögu lýðveldisins.



**Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins,** hefur fylgt Ólafi Ragnari Grímssyni eftir síðan hann hóf þátttöku í stjórnmálum. Nú þegar forsetatíð Ólafs er á enda, er tilvalið að rifja upp feril hans og líf í myndum. Gunnar lýsir Ólafi sem hliðhollum fjölmiðlum, enda hann sjálfur gamall blaðamaður, leiðin hafi verið greið að því sem var að gerast hverju sinni. Það hafi gustað um Bessastaði í forsetatíð Ólafs Ragnars.



**Óvænt útspil** Ólafur tók umdeildar ákvarðanir í gegnum tíðina. Hann breytti og mótaði embætti forseta eftir eigin höfði. Hér sést hann á blaðamannafundi þar sem hann tilkynnti að hann hefði í hyggju að hafna fjölmiðlalögunum svokölluðu, árið 2004.



**Ferðalög um landið** Þessi mynd var tekin á Bakkafirði, í einum af þeim mörgu ferðum sem Ólafur lagði í út á land til þess að hitta menn við leik og störf.



**Forseti í útivist** Þó Ólafur hafi aldrei verið opinber afreksmaður í íþróttum var hann mjög agaður í að viðhalda kroppnum með göngu, hlaupum og ýmiss konar trimmi. Þá sást oft til hans á skíðum og í annarri útivist.


RJÚFÐU MÚRINN
Nýja haustlínan er komin
UNDER ARMOUR DAGAR
20%*
AF ÖLLUM
UNDER ARMOUR
VÖRUM ÚT MÁNUDAG
AFSLÁTTUR
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is
ÁRNASYNIR

# Fjölskyldumaðurinn



**Stórkostleg ástarsaga** Ólafur féll af hestbaki í Landsveit. Hann hafði skömmu áður beðið um tilfinningalegt svigrúm til að vera í tygjum við Dorrit. Gunnar brunaði austur í von um að fá að vera í nálægð við þessa forvitnilegu nýjustu tengdadóttur Íslands og var boðið með í túrinn. Hann endaði eins og frægt varð og Dorrit stimplaði sig inn í íslenska þjóðarsál.







**Í hjónaband** Dorrit táraðist þegar Ólafur féll af hestinum. Hún var tilfinningaþrungin, stundin þegar hún fylgdi honum með þyrlu sem sótti hann axlarbrotinn í Landsveit og flutti til Reykjavíkur. Árinu síðar trúlofuðu þau sig og nokkru síðar voru þau gift.





**Fjölskyldumaðurinn** Ólafur í faðmi fjölskyldu sinnar, Guðrúnar Tinnu, Svanhildar Döllu og Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur í aðdraganda forsetaframboðs. Peysan sem Ólafur klæddist var prjónuð af Guðrúnu Katrínu. Andlát forsetafrúarinnar tók mjög á fjölskylduna og þjóðin syrgði með.

**Kosningasigri fagnað** Þegar úrslit forsetakosninganna 1996 lágu fyrir á kosninganótt tók Gunnar þessa mynd af hjónunum. Það má segja um Guðrúnu Katrínu að hún var ekki síður sigurvegari kosninganna en Ólafur – stórglæsileg kona sem geislaði af.

# OPIÐ ALLA HELGINA!

## LAUGARDAG 11-16 • SUNNUDAG 13–17



acer

## NITRO LEIKJAFARTÖLVA MEÐ ÖLLU ÞVÍ BESTA!

Ofurleikjafartölva með Intel i7 6700HQ og 4GB GTX 960M leikjaskjákorti. Bæði 256GB SSD og 1TB HDD. Geggjaður 15,6" IPS FHD skjár og 16GB vinnsluminni.

INTEL i7 ÖRGJÖRVI | 16GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 256GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR

ACE-NHG7RED001

**229.995**

### ALLT GENGUR HRAÐAR MEÐ SSD!

SSD gera það sama og hefðbundnir harðir diskar. Með honum ræsir tölvan og forrit sig upp á aðeins nokkrum sekúndum, gagnaflutningur er hraðari auk þess sem þeir þola hnjask betur. Allt gengur mun hraðar með SSD.



**84.995**

TOSHIBA

## KRAFTMIKIL MEÐ FJÓRUM KJÖRNUM

TOS-C55DC16H

Skemmtilega hönnuð 15,6" fartölva með Quad Core A6 örgjörva og 128GB SSD diski sem tryggir hraðari vinnslu.

AMD ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



**99.995**

acer

## VINNUHESTUR MEÐ INTEL i3

ACE-NXMPGED058

Kröftugur Intel i3 örgjörvi og 128GB hraður SSD diskur. Létt og nett með langri rafhlöðuendingu.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 13,3" SKJÁR



i7 OG 512GB SSD

**199.995**

ASUS

ASU-F556UQDM142T

Allt það besta í einni tölvu. Intel i7 örgjörvi, 512GB SSD diskur og 2GB nVidia GT940M grafíkkjarni. Kraftmikil og hröð vinnsla. Full HD háskerpuskjár.

INTEL i7 ÖRGJÖRVI | 2GB GRAFÍKKJARNI | 512GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



96GB SSD 1TB HDD

**119.995**

acer

ACE-NXGE6ED017

Ofursprækur Intel i5 örgjörvi og 6GB minni. 96GB SSD diskur fyrir stýrikerfið og 1TB diskur fyrir gögnin. Glæsilegur FullHD skjár.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 96GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



SÚ ÞYNNSTA

**149.995**

ASUS

ASU-UX305CAFC119T

13,3" Zenbook í sérflokki. Glæsilega hönnuð og fislétt með nýja Intel M3 örgjörvanum, 128GB SSD og 8GB vinnsluminni. Háskerpuskjár og Bang & Olufsen hátalarar.

INTEL M3 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR

**FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST!**



tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# Stjórnmálamaðurinn




**Staðfastur** Þingmaðurinn Ólafur á framboðsfundi í Miklagarði 1988. Gunnar lýsir Ólafi sem mjög kjörkuðum manni í pólitískum slag. Hann hafi aldrei sett sig úr færi að tala sínu máli.



**Lifrarbandalagið** Þetta var í aðdraganda kosninga, 1988, um haustið. Þá var ríkisstjórn í uppnámi og stefndi í kosningar. Þeir A-flokkamennirnir Ólafur og Jón ráða hér ráðum sínum í kvöldmat hjá eiginkonu Jóns, Bryndísi Schram, þar sem hún bauð upp á kálfalifur. Úr varð Lifrarbandalagið.



**Á Jan Mayen** Ferð Vísis til Jan Mayen í ágúst 1979. Ólafur ræðir við Ingvar Gíslason, þingmann og síðar menntamálaráðherra. Þarna fóru þeir í boði Vísis til Jan Mayen að skoða staðhætti. Umræðan í samfélaginu snerist mikið um að Íslendingar ættu kannski tilkall til Jan Mayen og voru að semja við Norðmenn um landgrunnið í kringum eyjuna.



**Tvíhnepptur** Ólafur var aðalsprautan í Félagi ungra framsóknarmanna. Á myndinni er hann að tala fyrir stjórnarskrá – sem var mikið áhugamál hans og félagsmanna. Myndin er tekin 1968 á tímum blómabarna – en hann var uppstrílaður í tvíhnepptum jakkafötum að hætti enskra lávarða.




**Fyrstu fjárlögin** Ólafur með fyrsta fjárlagafrumvarpið, fyrir árið 1989, sem hann bar ábyrgð á í tíð sinni sem fjármálaráðherra. Kampakátur.

# ÞÚ FÆRÐ ÍSINN Í ICELAND

*Frábært úrval á góðu verði*

Netgíró
Betri leið til að borga




Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Fantasían *hverfur* þegar flúorljósin kvikna

**Olga Sonja Thorarensen** vann á strippstað í Berlín til þess að borga skuld eftir starfsnám hjá dönskum leikhóp. Hún starfaði á staðnum í þrjá mánuði og borgaði skuldina. Meðan á starfinu stóð hélt hún dagbók og setur nú upp leikverk byggt á reynslunni.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is



Ég skoðaði strippstaðina á netinu og umsagnir um þá á TripAdvisor. Ég sótti svo um hjá nokkrum sem voru með bestu einkunnina og fékk fljótlega símhringingu og var boðuð í atvinnuviðtal. Það var bara mjög venjulegt atvinnuviðtal hjá rekstrarstjóra staðarins. Í kjölfarið var mér boðin vinna á staðnum. Í rauninni var þetta allt eitthvað svo ótrúlega hversdagslegt,“ segir leikkonan og dansarinn Olga Sonja Thorarensen sem er einn höfunda leikverksins STRIPP sem hún hefur unnið ásamt leikhópnum Dance for Me. Verkið verður frumsýnt á sviðslistahátíðinni Everybody Is Spectacular 24. ágúst næstkomandi og er byggt á reynslu Olgu af því að starfa á strippstað.

### Strippað fyrir skuld

Staðurinn sem Olga starfaði á var svokallaður topless-bar þar sem strippað var úr öllu nema nærbuxum. Á staðnum störfuðu eingöngu konur og langflestir kúnnarnir voru karlkyns. „Ég eignaðist nokkrar kunningjakonur, eina sem ég held enn þá sambandi við í dag. Þær voru alls staðar að, vinkona mín er frá Japan, svo voru einhverjar frá Púertó Ríkó og margar þýskar líka. Þetta voru alls konar stelpur að koma úr alls konar aðstæðum. Ein var að safna fyrir brúðkaupinu sínu og ein að læra líffræði í háskólanum og vann til þess að borga námið.“

Olga útskrifaðist sem leikkona árið 2012. Strax eftir útskrift fór hún til Berlínar þar sem hún er enn búsett. Í Berlín hóf hún störf með danska leikhópnum SIGNA og setti ásamt fimmtíu manna leikhóp upp verk þar sem hún fór með hlutverk strippara. „Maður fær ekkert borgað ef maður er í starfsnámi þannig að ég endaði á að taka lán frá bankanum og var komin í skuld þegar verkefnið kláraðist. Ég ákvað að fá mér vinnu og fór í nokkrar sem voru ekki vel borgaðar. Þá datt mér í hug að prófa að sækja um vinnu á strippstað í Berlín og sjá hvort þetta væri svona rosalega vel launað eins og fólk talar um og sjá hvort ég gæti greitt þessa skuld með því að vinna fyrir mér sem strippari.“

Og þó að hlutirnir hafi æxlast þannig að starfsreynslan af strippstaðnum sé nú kveikjan að STRIPP þá var starfið ekki hugsað sem rannsóknarvettvangur fyrir leikverk. „Ekki til að byrja með en eiginlega um leið og ég fór að vinna þarna þá fór ég að hugsa um það. Þetta hafði rosalega mikil áhrif á mig. Ég hafði aldrei komið inn á alvöru strippstað áður og hugsaði að ég þyrfti að skrifa niður hugsanir mínar og það sem væri að gerast til þess að sjá hvaða áhrif þetta hefði á mig og hvort ég færi eitthvað að breytast í þessu umhverfi.“

Olgu tókst að safna fyrir skuldinni á þremur mánuðum og hætti störfum á strippstaðnum í kjölfarið. En skyldi hún hafa verið fegin að hætta? „Þetta var ekkert brjálæðislega íþyngjandi á meðan á þessu stóð,“ segir Olga og hugsar sig um.

„Ég var einmitt að hugsa í morgun um hvað strippstaður væri í raun og veru. Mér fannst ótrúlega áhugavert þegar ég var að vinna þarna hvernig þetta var smá eins og míkróútgáfa af okkar heimi. Það súmmeraðist dálítið upp hvernig heimurinn virkar einhvern veginn. Peningaskipti, stigveldi og allir að reyna að fá það sem þeir vilja. Það er kannski meira falið í okkar samfélagi. Þarna verður það einhvern veginn svo strípað niður. Einhver lítil útgáfa af okkar heimi.“

Hún segir reynsluna að vissu leyti hafa breytt lífsviðhorfum sínum. „Ég hafði fordóma fyrir þessu áður en ég fór að vinna þarna og ég veit ekki alveg hvað mér finnst um strippstaði enn þá. Ég er kannski smá að gera það upp við mig enn þá og líka með því að gera þetta verk. Þetta breytti aðeins minni aðkomu og ég sá betur að hlutirnir eru oft öðruvísi en maður heldur að þeir séu. Heimurinn er ekki svartur og hvítur.“

### Berskjaldaðir kúnnar

„Þegar ég tala um þetta við fólk í Þýskalandi þá verður það ekkert mjög sjokkerað miðað við þegar maður talar um þetta á Íslandi. Ég skil það samt líka, mínar hugmyndir voru líka svolítið ákveðnar og þetta er bara ákveðin mynd sem maður hefur. Síðan er þetta náttúrulega flókið. Þegar maður er femínisti og kona þá auðvitað pælir maður í alls konar. Það togaðist á í mér og ég man eftir að hafa oft hugsað: Get ég verið femínisti og strippari? Má það? Er það hægt? Það fóru líka af stað pælingar um líkamann sem einkaeign. Hvað er það? Má ég gera það sem ég vil við minn líkama eða er þetta flóknara en það? Það fylgja alls konar spurningar sem ég er að reyna að setja fram í þessu verki,“ segir Olga en hún stundar mastersnám í Berlín sem stendur og er að skrifa lokaritgerðina sína sem fjallar um líkamann sem einkaeign, þó í töluvert stærra samhengi.

Líkt og áður sagði voru flestir kúnnar staðarins karlkyns og á öllum aldri, úr öllum áttum. Bæði fastakúnnar og svo menn sem komu bara einu sinni. „Það var ótrúlega merkilegt, ég átti nokkur móment þar sem ég hugsaði að ég vorkenndi þeim og fór að fá einhverja samúð með kúnnunum,“ segir Olga og heldur áfram:

„Mér fannst við stelpurnar oft valdefldar. Við vorum saman í liði og allar sameinaðar í að græða pening. Allar saman í því að það sem við værum komnar til þess að gera væri að ná eins miklum pening og við gætum út úr þessum köllum,“ segir Olga en hún segir að marga kúnnana hafi hún upplifað sem einmana. „Þeir komu oft bara að leita að félagsskap og spjölluðu heillengi af því að þá vantaði einhvern til þess að tala við. Þá var mér farið að líða eins og ég væri að notfæra mér þá. Ég var bara að reyna að græða pening á þeim.“

### Flúorljósin kveikt

„Ég nýtti það allavega smá til þess að byrja með. Að reyna að feika það til þess að meika það,“ segir Olga þegar hún er spurð að því hvort leiklistarnámið hafi nýst henni. „Mér fannst þetta smá erfitt fyrst. Ég hafði aldrei komið inn á strippstað. Það er ótrúlega skrýtið að koma inn á einhvern stað sem þú hefur aldrei komið inn á en hefur svona ákveðnar hugmyndir um. Sumt er kannski nákvæmlega eins og þú hafðir ímyndað þér að það væri og annað ekki. Ég er pínu feimin að eðlisfari og finnst meira að segja erfitt að fara á svið yfirhöfuð, hvað þá að fara á svið og úr fötunum. Þannig að það hjálpaði mér að fara í karakter.“

Stór hluti af hugmyndinni um stripp og strippstaði er fantasía og erótík en þar þarf líkt og annars staðar að sinna hversdagslegum verkum. Skúra gólf. Þurrka af speglum og þurrka súlur. „Það var ótrúlega áhugavert að sjá þessi hversdagslegu og raunverulegu móment. Eins og til dæmis alltaf áður en þú ferð inn á svið að dansa tekur þú sótthreinsisprey og pappír og þurrkar súluna,“ segir hún og nefnir einnig sem dæmi móment ➡



Olga segist stundum hafa fengið samúð með kúnnunum á strippstaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**ÞAÐ VAR ÓTRÚLEGA ÁHUGAVERT AÐ SJÁ ÞESSI HVERSDAGSLEGU OG RAUNVERULEGU MÓMENT. EINS OG TIL DÆMIS ALLTAF ÁÐUR EN ÞÚ FERÐ INN Á SVIÐ AÐ DANSA TEKUR ÞÚ SÓTTHREINSISPREY OG PAPPÍR OG ÞURRKAR SÚLUNA.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 6. ÁGÚST 2016 LAUGARDAGUR

# BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

**Icecare kynnir** Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni sem virkar sem öflug vörn gegn sveppasýkingu. Sömuleiðis er Bio-Kult frábært til að styrkja þarmaflóruna og halda meltingunni í góðu lagi.

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“


Margrét Alice Birgisdóttir hefur notað Bio-Kult með mjög góðum árangri.

## MÆLIR MEÐ BÍÓ-KULT

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét. Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“




» Ég varð himinlifandi þegar ég fann ekki lengur fyrir kláða og óþægindum.

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original.


Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir mælir með því að taka inn Bio Kult Candéa til að bæta meltinguna og losa fólk við óþægindin sem geta fylgt notkun sýklalyfja.

## BIO-KULT FYRIR ALLA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál. Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**
**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa



# ENGINN VEIT HVAÐ GERIST Á RÓTARDÖGUM Á AKUREYRI

Listaverkefnið Rót hefst í dag en þetta er í þriðja sinn sem það er haldið. Verkefnið er hluti af Listasumri á Akureyri.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is





Stjórnendur Rótar, frá vinstri Jónína Björg Helgadóttir, Freyja Reynisdóttir og Karólína Baldvinsdóttir.



Stilla úr myndbandi frá í fyrra þar sem unnið var með gula gleði.

Listaverkefnið RÓT2016 hefst á laugardaginn. Sjö hópar listamanna hittast á 15 daga tímabili og skapa verk sem eru upphugsuð að morgni og framkvæmd og fullunnin á einum degi. Þannig skapast mikil orka og líf í Listagilinu og áhersla verður lögð á að vera úti, íbúum og ferðamönnum til ánægju.

Jónína Björg Helgadóttir er einn af stjórnendum Rótar. „Það er ómögulegt að segja til um hvað muni gerast. Þetta verkefni er svo skemmtilegt því við erum með aðstöðu þar sem fólk kemur saman á morgnana og borðar morgunmat og þar verður til í spjalli hugmynd sem síðan er framkvæmd og kláruð á einum degi. Það eru allt að tíu manns sem taka þátt í hvert sinn og þetta ferli endurtökum við sjö sinnum á fimmtán daga tímabili.“ Hún segir að það séu í kringum þrjátíu manns sem taka þátt í viðburðinum í heildina, sumir bara einu sinni, sumir oftar. „Við auglýstum eftir þátttakendum og þeir eru flestir héðan úr nærsveitum, en við erum líka með þátttakendur frá Hong Kong og mögulega frá Barcelona.“ Hún segir að lokaútkoman geti verið hvað sem er en þó alltaf einhvers konar listaverk. „Við höfum gert vídeóverk, gjörninga, skúlptúra og risainnsetningar, til dæmis gerðum við einn daginn regnskóg hérna í gilinu. Listamennirnir eru af öllum sviðum listar, myndlistarmenn, dansarar, tónlistarmenn, ljóðskáld, hönnuðir og allt mögulegt, meðal annars fornleifafræðingur einu sinni. Og oft fer fólk ekkert endilega að fást við það sem það gerir dags daglega heldur gerir hópurinn verkið sem heild svo trommarinn eða dansarinn eru ekkert endilega að tromma og dansa, svo dæmi séu tekin.“

> Við erum með aðstöðu þar sem fólk kemur saman og borðar morgunmat og þar verður til í spjalli hugmynd sem síðan er framkvæmd og kláruð á einum degi.
>
> Jónína Björg Helgadóttir

Hugmyndin sprettur upp eins og áður sagði yfir sameiginlegum morgunverði. „Við segjum þeim sem taka þátt hver hugmyndafræðin er þannig að í morgunmatnum hefur fólk á bak við eyrað að allt sem það segir gæti orðið að listaverki dagsins. Það er svo gaman að sjá hvernig hugmyndirnar þróast, um leið og einhver segir eitthvað er það gripið á lofti og breytist og stækkar, oft á nokkrum sekúndum. Þegar hugmyndin er komin þá setjum við á Facebook hvað við ætlum að vinna með. Það eina sem er vitað er að við reynum yfirleitt að vera úti.“

Það þarf oft ansi margt að gerast á einum degi til að ná að framkvæma hugmyndir morgunsins. „Efniviðurinn ræðst af hugmyndinni svo við þurfum oft að byrja að safna efninu. Það þarf stundum að redda bara öllu. En það gengur yfirleitt óskaplega vel. Ég hef farið og sagt: Mig vantar bát! Áttu bát? Og það hefur verið bent á næsta bát og sagt: Taktu bara þennan. Við getum líka þurft að hringja í lögregluna til að fá tilskilin leyfi og það er yfirleitt auðsótt mál. Þegar við gerðum regnskóginn til dæmis vildum við opna brunahana til að hafa foss niður Gilið og þá þurftum við alls kyns leyfi og það tókst allt saman. En það þarf oft ansi margt að gerast á hverjum degi og stundum horfum við yfir daginn og hugsum: Ekki hafði ég hugmynd um allt þetta þegar ég vaknaði í morgun. Sem er hluti af því sem er svo frábært við Rót.“

Rót byrjar í dag og verður síðan á dagskrá þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga næsta hálfa mánuðinn. Hægt er að fylgjast með á Facebook-síðu Rótar og ennfremur á rotproject.com.







Hér sést fossinn sem flæddi niður Gilið og var hluti af regnskógargjörningi Rótar sem var framinn í 20 stiga hita árið 2014.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457*
Bryndís Hauksdóttir, *bryndis@365.is, s. 512 5434* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439*
Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429*

# MUN KRAFTMEIRI Í RÆKTINNI

Amínó® 100% er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun þar sem glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Guðjóni Ágústi Kristinssyni sjómanni finnst það virka vel fyrir sig.

Guðjón Ágúst hefur stundað reglulega líkamsrækt í nokkur ár. „Það er að segja þegar ég er í landi, aðallega lyftingar og hlaup. Ég hef prófað alla flóruna af fæðubótarefnum með misgóðum árangri. Eftir að hafa tekið Amínó 100% í rúman mánuð hef ég aldrei verið kraftmeiri og öflugri í ræktinni. Ég hef bætt við lóðaþyngdir og aukið vöðvamassa og í kjölfarið misst fitu,“ segir hann.

„Ég er töluvert fljótari að jafna mig eftir æfingar og dett ekki eins auðveldlega í óhollan mat og sukk eins og ég átti til áður. Ég mæli hiklaust með Amínó 100% fyrir þá sem vilja auka úthald og jafna orkustig milli mála.“




Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða.

### 100% HREIN NÁTTÚRUAFURÐ

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Fiskprótínið er hundrað prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi.“

Hólmfríður segir markmiðið vera að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu. „Fiskprótínið er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofstækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldinu síuð þannig að prótínið sem kallast IceProtein® samanstendur einungis af smáum lífvirkum peptíðum,“ útskýrir Hólmfríður.

Framleiðsla PROTIS byggir á áralöngum rannsóknum á fiskprótíni sem vísindamenn rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceprotein hafa stundað í samvinnu við Matís, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknastofnanir. „Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættrar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum,“ segir Hólmfríður.



Guðjón Ágúst Kristinsson sjómaður hefur notað Amínó® 100% með mjög góðum árangri.

> Ég mæli hiklaust með Amínó 100% fyrir þá sem vilja auka úthald og jafna orkustig milli mála.“

## ÚTSOFINN OG HVÍLDUR




Brizo er fæðubótarefni sem er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli. Þeir Finnur Eiríksson og Skúli Sigurðarson mæla með Brizo:

Tilætluð áhrif af Brizo geta komið í ljós á innan við mánuði eftir að inntaka er hafin. Með því öðlast menn aukna vellíðan yfir daginn og á nóttina.

> Ég var farinn að finna fyrir því að ég þurfti að kasta oft af mér þvagi og náði sjaldnast að tæma blöðruna. Mér fannst það mjög óþægilegt. Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það virkar á mig. Þegar ég prófaði Brizo fann ég strax að það létti á þrýstingi á þvagrásina. Ég hef fulla trú á svona náttúrulegum lausnum í staðinn fyrir lyf. Eftir nokkurra mánaða notkun Brizo er ég mjög ánægður með hvernig mér líður.



**Skúli Sigurðarsson**

> Ég náði ekki að hvílast á nóttunni vegna þess að undanfarin ár hef ég þurft að hafa þvaglát allt að þrisvar á nóttu og vandamálið var að ágerast. Eftir að ég fór að taka inn Brizo-hylkin hefur líðan mín gjörbreyst. Ég þarf miklu sjaldnar að vakna á nóttunni og er því úthvíldur að morgni. Sviðinn sem angraði mig er nánast horfinn.



**Finnur Eiríksson**

# GET LOKSINS HALDIÐ EINBEITINGUNNI

**New Nordic** hefur þróað nýstárlega vöru, Clear Brain™, sem inniheldur mikið af næringarefnum fyrir heilann. Taflan hefur góð áhrif á andlega getu og vitræna starfsemi eins og minni, eftirtekt og einbeitingu. Clear Brain hentar vel jafnt ungum sem öldnum. Fólk finnur strax breytingu.

Ingelise er sjötugur eftirlaunaþegi. Hún missti því miður ökuskírteinið eftir alvarlegt umferðarlagabrot. Ingelise þurfti að taka bílprófið aftur en átti erfitt með einbeitingu þegar hún þurfti að læra fyrir bóklegan þátt ökuprófsins. „Ég gat hreinlega ekki einbeitt mér og féll í fyrstu tilraun. Eftir að ég fór að taka inn Clear Brain™ töflurnar stóðst ég bæði bóklega og verklega prófið. Þetta er frábært,“ útskýrir hún.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að pakka niður í tösku og keyra af stað. Ég þarf á bíl að halda til að komast ferða minna, ég á eitt barn sem býr í Kaupmannahöfn og annað sem býr á Norður-Sjálandi. Það var því mikilvægt fyrir mig að fá ökuskírteinið aftur,“ segir Ingelise sem var í stjórnunarstöðu hjá hreingerningarfyrirtæki á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn áður en hún settist í helgan stein. Ingelise las um Clear Brain áður en hún ákvað að taka bílprófið á nýjan leik. „Ég las um Clear Brain á biðstofu tannlæknis og fékk strax áhuga á að prófa. Eftir að hafa tekið inn töflurnar í nokkrar vikur var ég orðin betri í sudoku, sem hefur reynst mér mikil áskorun. Ég átti auðveldara með að einbeita mér við lestur og muna það sem ég las. Ég stóðst síðan bóklega ökuprófið í annarri tilraun.

Það kom tímabil sem ég tók ekki Clear Brain™ töflurnar og ég fann fyrir breytingu. Á þessu tímabili þurfti ég að læra fyrir verklega ökuprófið. Ég átti mjög erfitt með að einbeita mér og þurfti að æfa mig aftur og aftur að leggja bílnum í stæði, mér fannst þetta svo erfitt. Ég byrjaði því aftur að taka inn Clear Brain™ töflurnar og fann fljótt muninn. Nú hef ég staðist bæði prófin. Ég ætla aldrei að hætta að taka Clear Brain töflurnar™ og nýt þess að geta hoppað upp í bíl og keyrt þangað sem ég vil.“

**Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.**



Ingelise fann að hún hafði betri einbeitingu með Clear Brain.

**CLEAR BRAIN ER FÁANLEGT í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**




**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**
**Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa

FRÉTTABLAÐIÐ

57,4%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, apríl–júní 2016.




Allt sem þú þarft ...




Friðrik Ómar ásamt öðrum tónlistarmönnum sem koma fram á stórtónleikunum á Dalvík í kvöld. MYND/HANNA

# ERUM ALLTAF AÐ TOPPA OKKUR

**Friðrik Ómar Hjörleifsson** verður með sína árlegu Fiskidagstónleika í kvöld á Dalvík ásamt góðum hópi tónlistarfólks. Friðrik segir að þetta sé í fjórða skiptið sem tónleikarnir séu haldnir og sjaldan flottari.


**Elín Albertsdóttir**
elina@365.is




Friðrik Ómar segir að tónleikarnir hafi alltaf heppnast einstaklega vel og því erfitt að toppa þá. „Ég var hálf smeykur um að við gætum það ekki,“ segir hann. „En miðað við æfingar undanfarna daga þá verða þetta langflottustu tónleikarnir til þessa. „Tónleikarnir eru alltaf á hafnarsvæðinu í Dalvík kl. 22 á laugardagskvöldinu. Við erum með mikla keyrslu í tvær klukkustundir og síðan hefst flugeldasýning. Það er fyrirtækið mitt Rigg sem stendur á bakvið tónleikana og við leggjum mikla áherslu á að öll umgjörð sé mjög flott,“ segir Friðrik Ómar.

**ÞRÍR ÚR BÆNUM**

Upphaflega voru tónleikarnir settir upp á 30 ára afmæli Samherja sem er helsti styrktaraðili Fiskidaga. „Tónleikarnir gengu svo glimrandi vel og rosalegur fjöldi sem mætti, eða á milli 25 og 30 þúsund manns,“ segir Friðrik Ómar. „Það var því ákveðið að halda þessu áfram. Eiginlega er sú ákvörðun tekin frá ári til árs. Sami grunnhópur kemur fram á hverju ári en síðan eru mismunandi gestir. Í ár verðum við með KK, Ladda, Sölku Sól og Gissur Pál Gissurarson auk fleiri góðra gesta. Síðan erum við föstu söngvararnir þrír, fulltrúar Dalvíkurbyggðar, ég, Matti Matt og Eyþór Ingi,“ segir Friðrik Ómar og lofar frábærum tónleikum.

Eins og flestir vita er Friðrik Ómar fæddur og uppalinn á Dalvík. Núna eru foreldrar hans fluttir úr byggðinni og þess vegna segist hann fara sjaldnar í heimsókn en áður. „Ég á hins vegar fjölda æskuvina í Dalvík sem hittast á Fiskidögum. Margir brottfluttir Dalvíkingar koma alltaf á Fiskidaga og þá eru gleðifundir hjá vinum og ættingjum. Við erum alltaf heppin með veðrið og það skapast alltaf mikil stemning þegar sólin skín. Kannski er ekki alltaf talað um það en veðrið skiptir öllu máli á útihátíðum,“ segir hann.

> Í ár verðum við með KK, Ladda, Sölku Sól og Gissur Pál Gissurarson auk fleiri góðra gesta. Síðan erum við föstu söngvararnir þrír, fulltrúar Dalvíkurbyggðar, ég, Matti Matt og Eyþór Ingi.
>
> Friðrik Ómar

**UMGJÖRÐIN SKIPTIR MÁLI**

Friðrik Ómar setti á stofn fyrirtækið Rigg fyrir átta árum en það sérhæfir sig í stórum viðburðum. „Ég var í leikfélaginu á Dalvík á yngri árum og fylgdist mjög mikið með uppsetningum á leikritum, hafði sérstakan áhuga á leikmyndinni og allri umgjörðinni. Kristján frá Tjörn sá um sviðsmyndina og ég hafði ekki augun af honum. Ég stofnaði síðan unglingaleikhóp og byrjaði þá að setja upp sviðsmynd sjálfur. Þessi áhugi hefur aukist frekar en hitt. Ég hef sett upp sýningar í Eldborg, Hofi á Akureyri og fleiri stöðum. Þetta eru sýningar þar sem flutt eru lög þekktra tónlistarstjarna og við leggjum mikið upp úr búningum, dansi og umgjörð allri. Við köllum þetta tónleikasýningar og þær eru orðnar tólf. Við flytjum brot úr þessum sýningum á Fiskidögum meðfram nýju efni. Tónleikarnir á Dalvík eiga að vera fyrir alla fjölskylduna,“ segir Friðrik Ómar.

**PÍANÓSNILLINGAR Í HÖRPU**

Hann ætlar ekki að slá slöku við í vetur. Í september heldur hann áfram með Freddy Mercury sýninguna í Eldborg. „Hún er vinsælasta sýning sem ég hef sett upp. Svo skemmtilega vill til að Freddy hefði orðið sjötugur þessa helgi sem við verðum í Eldborg. Í lok október förum við í gang með sýningu sem nefnist Piano Man en þar verður píanósnillingunum Billy Joel og Elton John gert hátt undir höfði. Það er alltaf mikið að gerast hjá okkur, sérstaklega á haustin. Síðan taka jólatónleikarnir við og það er annasamur tími,“ segir Friðrik Ómar sem þarf ekki að kvarta undan verkefnaskorti.

**TÓNLISTARBAR**

Fyrir stuttu opnaði hann bar í Lækjargötu 6a, Græna herbergið, þar sem lögð er áhersla á lifandi tónlist. Meðeigendur eru tónlistarmennirnir, Jógvan Hansen og Vignir Snær Vigfússon. „Það var búið að vera draumur okkar í fimm ár að opna stað til að halda litla tónleika við góðar aðstæður með fullkominni tækni. Við erum búin að taka þetta gamla hús í gegn og gefa því nýtt líf. Áður var þarna staður sem nefndist Strawberries sem mikið var í fréttum. Í vetur ætlum við síðan að opna eldhús og bjóða upp á mat.“

**GRÍÐARLEGA SPENNTUR**

Þar sem Friðrik Ómar er alltaf á Dalvík þegar Gleðigangan fer fram í Reykjavík var hann spurður hvort hann sakni ekki gleðinnar í borginni. „Jú, ég geri það. Hins vegar er svo mikil gleði fyrir norðan að hún fyllir upp í það tóm. Ég söng á báðum hátíðunum í sjö ár og flaug á milli. Nú eru þetta orðnir svo stórir tónleikar á Dalvík að ég þarf að gefa mig allan í þá. Ég er gríðarlega spenntur fyrir tónleikunum núna, hef aldrei verið með fullkomnari tækni. Við erum eins ánægður með prógrammið. Þetta var erfið fæðing en það hefur skilað sér,“ segir Friðrik Ómar og auðvitað verða tónleikarnir teknir upp og verða vonandi sýndir í sjónvarpi síðar. „Það er samt ekkert sem jafnast á við það að vera á staðnum og svo kostar ekkert inn,“ segir kappinn.

**elin@365.is**

# NÝR NEFÚÐI VIÐ OFNÆMISKVEFI

**LYFIS kynnir** Mometason Evolan nefúði inniheldur barkstera og fæst nú í apótekum án lyfseðils. Nefúðinn er ætlaður bæði við árstíðabundnu ofnæmiskvefi sem og langvarandi bólgu í nefslímhúð.



Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefi og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra.

„Mometason Evolan nefúðinn inniheldur barksterann mometason fúróat. Barksterar eru mjög virk bólgueyðandi efni sem hindra myndun ýmissa boðefna í ónæmiskerfinu, m.a. í ofnæmi,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Einkenni frá nefi vegna ofnæmis geta verið nefstífla, nefrennsli, kláði í nefi og hnerri. „Með því að gefa barkstera í nef er hægt að hafa staðbundin áhrif á þessi algengu ofnæmiseinkenni frá nefi,“ segir Hákon. Ofnæmiskvef, sem er árstíðabundið, er ofnæmisviðbrögð sem koma fram þegar andað er að sér m.a. frjókornum frá trjám, grösum og blómum eða sporum frá myglu og sveppum. Stöðug nefslímubólga kemur fram allt árið um kring og einkennin geta verið vegna ofnæmis fyrir ýmsum mismunandi ofnæmisvöldum, t.d. rykmaurum, dýrahári (eða húðflögum), fjöðrum eða ákveðnum fæðutegundum. Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefinu og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra. Hjá sumum einstaklingum byrjar Mometason Evolan að draga úr einkennum 12 klst. eftir fyrsta skammt, en það geta liðið allt að tveir dagar þar til fullur árangur af meðferðinni kemur fram. Mjög gott er fyrir þá sem fá að jafnaði mikið ofnæmiskvef vegna frjókorna að byrja að nota lyfið nokkrum dögum áður en frjókornatímabilið hefst til að lágmarka einkennin eins og kostur er. Mometason Evolan nefúðinn fæst án lyfseðils í apótekum. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér notkunarleiðbeiningar og helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má finna hér á eftir.



Algengir ofnæmisvaldar.

LYFIS
Traust í lyfjum

[illegible]

# DESLORATADINE RATIOPHARM VIÐ OFNÆMI OG OFSAKLÁÐA

24 KLST. VERKUN

**LYFIS kynnir:** Ofnæmislyfið Desloratadine ratiopharm er komið aftur í sölu. Fæst án lyfseðils í apótekum. Athugið breytt útlit pakkninga. Lyfið er litlar bragðgóðar munndreifitöflur sem hægt er að láta leysast upp í munni, tyggja eða kyngja í heilu lagi.




„Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf sem veldur ekki syfju. Það hjálpar til við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra með því að hindra verkun ofnæmisvakans histamíns,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Lyfið er fljótt að virka og verkun þess varir allan sólarhringinn, svo eingöngu er þörf á að taka það einu sinni á dag,“ segir Hákon. Lyf sem innihalda virka efnið desloratadin, eins og Desloratadine ratiopharm, voru áður eingöngu fáanleg gegn lyfseðli. Mismunandi er milli einstaklinga hvaða ofnæmislyf hentar hverjum og því getur fólk þurft að prófa sig áfram með hvað hentar þeim. Desloratadine ratiopharm er nú aftur fáanlegt sem valkostur án lyfseðils í apótekum. Eins og nafnið gefur til kynna er virka efnið desloratadin talsvert skylt efninu loratadini (inniheldsefni í m.a. Loratadin LYFIS), en loratadin er óvirkt efni sem umbreytist í líkamanum í virka efnið desloratadin. Með desloratadini er búið að taka út umbreytingarskrefið úr óvirku efni í virka efnið. Desloratadine ratiopharm munndreifitöflur leysast hratt upp í munni eða maga. Desloratadine ratiopharm er fáanlegt án lyfseðils í 10 stk. og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum og unglingum eldri en 12 ára. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má finna hér á eftir.

**Desloratadine ratiopharm eru litlar munndreifitöflur sem leysast hratt upp í munni eða maga og má taka inn án þess að drekka með vökva, þó það henti engu að síður líka. Munndreifitöflurnar eru með tutti frutti bragði og innihalda ekki laktósa.**

LYFIS
Traust í lyfjum

**Desloratadine ratiopharm** er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða.

**LÉTTIR ÞESSARA EINKENNA VARIR ALLAN SÓLARHRINGINN.**

**Ofnæmiskvef, einkenni:**
- hnerri
- nefrennsli og kláði í nefi
- kláði í efri gómi
- kláði í augum
- rauð eða tárvot augu

**Ofsakláði, einkenni**
- kláði
- ofsakláði

[illegible]

# HVERSDAGSSÖGUR Í SKÓBÚÐINNI

**Þær Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Braziunaite reka Skóbúðina sem stendur við Hafnargötu á Ísafirði. Þar er þó ekki hægt að kaupa skó heldur er í Skóbúðinni bæði safn og verslun. Undirtitillinn er Hversdagssafnið.**

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is



„Nafnið Skóbúðin er þannig til komið að við erum í húsi sem er bara þekkt sem Skóbúðin. Húsið var byggt 1948 og þar var Skóbúð Leós starfrækt frá byggingu en Leó seldi Ísfirðingum skó frá 1904. Það er ekki endilega hægt að breyta nöfnum á húsum því fólk veit hvað húsið heitir og húsið veit sjálft hvað það heitir. Svo passar nafnið það ágætlega við sýninguna okkar Göngutúr í okkar skóm eða Take a walk in our shoes,“ segir Björg.

Undirtitill Skóbúðarinnar er Hversdagssafnið eða Museum of the mundane og hugmyndin er sú að þar sé menningarvettvangur sem miðlar vestfirskri menningu og samfélagi í gegnum frásagnarlistina, sem og sjón- og hljóðræna miðla. Björg og Vaida hafa báðar mikinn áhuga á að miðla hversdagsleikanum enda er Björg menntuð í hagnýtri menningarmiðlun og Vaida í sjónrænni mannfræði.

„Við erum að safna þessum hversdagssögum sem fólki dettur ekkert endilega í hug að segja og finnst ekkert merkilegar. Við tókum viðtöl við fólk úr norðanverðum Ísafirði, skoðuðum myndaalbúm og fengum sögurnar bak við myndirnar. Þetta eru ekkert alltaf hversdagslegar sögur og stundum eru þær af dramatískum atburðum en aðalmálið er kannski að þetta eru ekki opinberar sögur heldur sögur af mannlífinu, lífi fólks og sjónarhornið okkar er þar.“

Eftir að sögurnar höfðu verið valdar voru ljósmyndirnar sem fylgdu hverri sögu skannaðar inn og sagan skrifuð upp og svo bundin inn og sett á bókavegg þar sem safngestir opna bækurnar, labba á milli og lesa sögur. „Svo erum við með bakherbergi þar sem við sýnum vídeóverk af svæðinu og þar er til dæmis núna í sýningu verk sem heitir Waiting for the storm sem sýnir þegar fólk er að bíða eftir fárviðrinu sem er alltaf yfirvofandi á veturna.“

Í Skóbúðinni er einnig hægt að fá keypta list og hönnun frá fólki sem býr á svæðinu eða tengist því. Þessum varningi fylgja svo líka sögur, bæði af tilurð hans og þeirra sem búa hann til svo sögurnar eru víða í Skóbúðinni.

Björg og Vaida fengu styrki bæði frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og Atvinnumálum kvenna til að koma Skóbúðinni á laggirnar. „Við hugsum safnið og búðina bæði fyrir ferðamenn, íslenska og erlenda, því hugmyndin er að veita innsýn í lífið og menninguna hér. Íslenski textinn er sá fyrsti sem maður sér. En bæjarbúum finnst auðvitað líka gaman að koma og lesa sögur af sér og þeim sem þeir þekkja þó á öðruvísi forsendum sé.“

Og svo er það súkkulaðið. „Hugmyndin með því var að búa til eitthvað sem aðeins væri hægt að fá í Skóbúðinni. Þetta eru litlir skammtar þar sem fer saman góður biti og góð saga því Skóbúðin snýst öll um sögur. Elsa Gugga, súkkulaðisnillingur á Súðavík sem rekur súkkulaðigerðina Sætt og salt!, gerir súkkulaðið. Sögurnar eru svona þrjóskusögur af svæðinu og þær eru prentaðar inn í súkkulaðiumbúðirnar og ljúffengur biti fylgir með. Þessar súkkulaðisögur eru bara fáanlegar í Skóbúðinni.“

**Nánari upplýsingar um Skóbúðina má finna á Facebook: https://www.facebook.com/museum.mundane**



**Björg Sveinbjörnsdóttir og Vaida Braziunaite í Skóbúðinni þar sem allt er sögur.**




**„Það er ýmislegt sem gerist“ er nafnið á sagnaveggnum. Þessar fallegu bækur geyma sögur úr hversdagsleikanum sem hafa nú verið skráðar. Þær hittu fólk með myndaalbúmin sín og spjölluðu um myndirnar. Þannig komu sögurnar fram.**




**Sögur í vasann eru súkkulaðimolar þar sem áhugaverðar sögur af þrautseigju Ísfirðinga eru prentaðar á umbúðirnar sem Nina Ivonaova hannaði. Súkkulaðið sjálft er handgert á Súðavík af súkkulaðimeistaranum Elsu Guggu sem framleiðir undir vörumerkinu Sætt og salt!**



**Hönnuðurinn Marta Sif býr til þessar skemmtilegu lyklakippur úr gömlum skóm af Ísfirðingum og bandi frá netagerðinni sem fæst í Skóbúðinni. Hún segir að það sé satt sem sagt er um lyklakippur, það þurfi heilt þorp til að búa þær til.**



## Greinandi / Sérfræðingur

Við erum að stækka og því leitar Coremotif að greinendum og sérfræðingum. Sem greinandi eða sérfræðingur ert þú ráðgjafa okkar innan handar og vinnur náið með viðskiptavinum í krefjandi verkefnum við rannsóknir, gagnaöflun og úrvinnslu. Markmiðið er að finna þá lausn sem best hentar viðskiptavinum okkar hverju sinni. Við leitum að fólki sem:

- Hefur B.Sc. gráðu í verkfræði, eða sambærilega starfsreynslu
- Hefur starfsreynslu tengda framleiðslu, iðnaði eða upplýsingatækni
- Getur skipulagt og stýrt fundum ásamt smærri vinnustofum
- Getur framkvæmt þarfagreiningar, útbúið kynningar og skýrslur
- Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og viðleitni til að vaxa í starfi
- Býr yfir samskiptafærni, ævintýraþrá og hefur góða nærveru

Ef þú ert manneskjan sem við erum að leita að hvetjum við þig til að senda okkur ferilskrá ásamt skriflegri umsókn á **umsokn@coremotif.com**

*Coremotif er vaxandi íslenskt ráðgjafastofa sem sérhæfir sig í ráðgjöf við stjórnendur varðandi allt sem tengist upplýsingatækni. Í hópi viðskiptavina okkar má finna mörg stærstu og metnaðarfyllstu fyrirtæki landsins, allt frá fjármálastofnunum og framleiðslufyrirtækjum til sprota- og kvikmyndafyrirtækja. Við tökum að okkur fjölbreytt og skemmtileg verkefni, allt frá greiningu og innleiðingu til endurbóta og endurnýjunar*

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

## Sérfræðingur á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála en deildin vinnur meðal annars tölur um landsframleiðslu og undirþætti hennar og afkomu hins opinbera.

Starfið felur í sér að sjá um úrvinnslu, greiningu og útgáfu talna um þjóðhagsreikninga og fjármál hins opinbera. Einnig fellur undir starfið þróun aðferða og framleiðsluferla. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti, bæði við gagnaveitendur og notendur.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, stærðfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL/Access) er kostur
- Þekking á þjóðhagsreikningum og fjármálum hins opinbera er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2016** og skulu umsóknir berast til:
Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknafrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.
**Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is**

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Fjármálastöðugleiki er svið innan Seðlabanka Íslands sem fylgist með þróun fjármálakerfisins, styrk þess og skilvirkni og áhrifum efnahagslegra þátta á kerfið í heild sinni. Meginviðfangsefni sviðsins er greining á áhættu í fjármálakerfinu og þátttöku í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Sviðið tekur þátt í stefnumótun um uppbyggingu og regluverk fjármálakerfisins, varúðartæki og umgjörð fjármálastöðugleika á Íslandi. Fjármálastöðugleikasvið annast umsýslu fyrir kerfisáhættunefnd sem starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð. Seðlabanki Íslands á í miklum samskiptum við Fjármálaeftirlitið og aðrar stofnanir sem vinna að fjármálastöðugleika á Íslandi. Þá tekur Seðlabanki Íslands þátt í umtalsverðu alþjóðlegu samstarfi á sviði fjármálastöðugleika.

# Framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs

**Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling til starfa sem framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.**

Seðlabankinn leitar að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á málefnum fjármálamarkaða, hefur víðtæka fræðilega og hagnýta reynslu og þekkingu á fjármálakerfinu og er tilbúinn til að sinna krefjandi stjórnunarstöðu sem reynir á öguð vinnubrögð, færni, frumkvæði og sjálfstæði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfis-hafi Subway á Íslandi, rekur 23 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragð-góðan skyndibita með hollustu að leiðarljósi. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylla ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.

# LÍFEFNAVINNSLA - PRÓTEINHREINSUN
## hjá ORF Líftækni

ORF Líftækni hf. óskar að ráða starfsmann til að vinna í próteinframleiðslustöð fyrirtækisins við hreinsun á próteinum úr plöntum, fyrst og fremst byggi, ásamt öðrum viðfangsefnum er til falla í framleiðslustöðinni. Leitað er eftir öflugum starfsmanni sem hefur áhuga á lífefnavinnslu sem framtíðarstarfi, er skipulagður og getur unnið bæði sjálfstætt og í samhentum hópi.

ORF Líftækni er íslenskt líftæknifyrirtæki sem framleiðir margar tegundir frumuvaka (human growth factors) með plöntuerfðatækni fyrir stofnfrumurannsóknir og húðvörur. ORF Líftækni er eina félagið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð, en húðvörurnar fyrirtækisins eru framleiddar undir nafninu BIOEFFECT og eru í dag seldar í meira en 1000 lúxusverslunum í 30 löndum og seldist fyrir 3,5 milljarða króna árið 2015.

ORF Líftækni hf. er ört vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir með mikla möguleika á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn. Hjá ORF Líftækni hf. starfa nú 40 starfsmenn með mismunandi menntun og reynslu sem hæfir hinni fjölbreyttu starfsemi félagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- B.Sc. eða M.Sc. í lífefnafræði eða sambærilegt
- Reynsla í próteinhreinsun eða sambærilegt
- Áhugi á próteinframleiðslu
- Nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri (starf@orf.is ) í síma 591-1570. Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Umsóknir óskast sendar til; starf@orf.is . Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

***Nánari upplýsingar má finna á www.orfgenetics.com og www.bioeffect.com***

ORF
LÍFTÆKNI




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 80807 8/16

**Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli óskar eftir flugvirkjum í framtíðarstörf. Við leitum að öflugum liðsmönnum til starfa í stærsta flugskýli landsins í tækniveddu og alþjóðlegu umhverfi.**

Um er að ræða spennandi og krefjandi framtíðarstarf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að ná árangri í starfi og hafa jafnframt metnað til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

**STARFSSVIÐ:**

- Almenn flugvirkjastörf í stórskoðunum á B757-200/300 og B767-300
- Afleysingar í línuumhverfi á Keflavíkurflugvelli koma einnig til greina, séu tilskilin réttindi fyrir hendi

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Próf frá viðurkenndum skóla í flugvirkjun
- Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi

**Fyrirspurnum svara:**
Theodór Brynjólfsson | tbrynjol@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsókn óskast fyllt út á heimasíðu Icelandair
www.icelandair.is/umsokn
eigi síðar en 20. ágúst 2016.

ICELANDAIR

**I am looking for to buy some property preferable in Hafnarfjordur or Kopavogur built in 2000 to 2005.**

Apartment size 65 to 95 m², 3 to 4 rooms with Balcony. Good condition with full furnished kitchen and washroom (shower preferred), tiles floors in wet rooms. Contact only via email: ch86222@gmail.com (currently not living in Iceland)

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára og er stefnt að því að skipa 1. október 2016.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Heilbrigðisstofnunin veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða sem nær yfir sveitarfélögin Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp. Þá annast stofnunin starfsnám í heilbrigðisgreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er með fjölmennustu vinnustöðum á Vestfjörðum þar sem starfa að jafnaði um 250 manns í um 150 stöðugildum og er ársvelta stofnunarinnar um 1,9 milljarður króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Þekking og reynsla á sviði heilbrigðisþjónustu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogahæfileikar.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri, vilborg.ingolfsdottir@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða á netfangið: **postur@vel.is eigi síðar en 23. ágúst nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar heilbrigðisráðherra hefur tekið ákvörðun um skipun í embættið.

*Velferðarráðuneytinu, 6. ágúst 2016*

# MÓBERG LEITAR AÐ SNILLINGUM

**Við byggjum upp fjármálatæknifyrirtæki.**

Okkur finnst að bankastarfsemi eigi að vera einfaldari, sveigjanlegri, bjóða upp á fleiri valmöguleika og umfram allt gera líf allra einfaldara. Þess vegna viljum við búa til valkosti til viðbótar við hefðbundna bankastarfsemi. Móberg group er tæknifyrirtæki sem þróar úrval sérhannaðra fjármálalausna sem henta breiðum hópi viðskiptavina.

## Framkvæmdastjóri Móberg á Íslandi

Við leitum að framkvæmdastjóra til þess að leiða starfsemina á Íslandi, aðila sem leggur sig allan fram í starfi, elskar starfið það og er tilbúin(n) til þess að koma á breytingum. Vinnusemi og ástríða eru jafnstór þáttur í fyrirtækjamenningunni og góður starfsandi.

**Ábyrgð**

- Dagleg stjórnun og umsókn með rekstri.
- Fagleg ábyrgð á starfsemi.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð.
- Framkvæmd og eftirfylgni rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Yfirumsjón með sölu- og markaðsmálum á Íslandi.

**Þekking og reynsla**

- Öflugur leiðtogi með metnað til að ná árangri í starfi.
- Að lágmarki 5 ára reynsla úr rekstri fyrirtækja.
- Gott tengslanet innanlands. Gott tengslanet erlendis kostur.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Getur starfað í krefjandi og árangursdrifnu umhverfi.
- Hæfileiki til að hlusta, greina og rökstyðja.
- Frábær færni í íslensku og ensku, bæði töluðu og rituðu máli.
- Tekur starf sitt alvarlega en sjálfan sig ekki of alvarlega.

## Forstöðumaður greininga

Við leitum að öflugum starfsmanni í að leiða greiningarvinnu innan Móbergs sem verður lykilaðili í að efla verðmætasköpun okkar. Um er að ræða nýtt svið innan fyrirtækisins og mun viðkomandi aðili hafa mikil áhrif á hvernig það þróast.

**Helstu verkefni eru**

- Greina þau gögn sem samstæðan býr yfir m.a. með því að þróa virðisaukandi skýrslur og vörur.
- Vinna náið með viðskiptastýringu um ráðgjöf til viðskiptavina félagsins tengt notkun á vörum þess.
- Gerð skýrslna fyrir innri sem ytri aðila.
- Önnur verkefni sem tengjast nýtingu og úrvinnslu á gögnum félagsins.

**Þekking**

- Hugbúnaður: Microsoft Office og SQL. Þekking á tölfræðihugbúnaði og Business Objects kostur
- Sérhæfing: fjármál fyrirtækja, greining víðfeðmra upplýsinga og reynsla í að miðla flóknum upplýsingum á skilvirkan og hnitmiðaðan hátt.

**Menntun**

- Meistaragráða í fagi sem nýtist í starfinu, svo sem hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða stærðfræði.
- A.m.k. þriggja ára reynsla úr fjármálageiranum.
- Reynsla af innheimtu, áhættustýringu, greiningarvinnu eða af fjármálasviði er kostur.

## Hugbúnaðarprófari (QA)

Móberg leitar að hæfileikaríkum hugbúnaðarprófara til að starfa við þróun og gæðatryggingu fjármálatæknilausna. Viðkomandi fær að móta stefnu Móbergs í prófunum ásamt því að vinna að þróun margkonar frumkvöðlaverkefna.

Verkefnin fela í sér prófanir fyrir farsíma- og veflausnir með hefðbundnum prófunaraðferðum ásamt sjálfvirkum prófunum, álagsprófunum og öryggisprófunum. Teymin starfa í alþjóðlegu umhverfi og beita Agile aðferðum.

Notast er við Jira verkstjórnunartæki við kröfumeðhöndlun og villuskráningar.

**Menntun**

- Háskólamenntun á sviði kerfisfræði, tölvunarfræði, tækni- eða verkfræði og a.m.k. 2 ára reynsla af prófunum í hugbúnaðargerð. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af forritun og sjálfvirkum prófunum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst en umsóknir ásamt kynningarbréfi skal senda á **job@moberg.is**

Frekari upplýsingar gefur Skorri Rafn Rafnsson, forstjóri Móbergs: **skorri@moberg.is**, **s: 545 0045**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál


SECURITAS
TÆKNISVI
SECURITAS
SPENNANDI STÖRF HJÁ RÓTGRÓNU FYRIRTÆKI
Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.
Hjá Securitas er starfandi fræðslustjóri sem leggur grunn að allri þjálfun starfsmanna. Hjá Securitas er virkt starfsmannafélag sem stendur fyrir ýmsum uppákomum á hverju ári. Gott mötuneyti er á staðnum og starfsandi góður.
ÍSLENSKA/SIA.IS SEC 80830 08/16

# Starfsmaður í innheimtudeild Securitas

Starfsmaður innheimtu er ábyrgur gagnvart innheimtustjóra fyrir daglegri innheimtu Securitas og dótturfélaga.

**Meðal verkefna eru:**
- Svara síma og tölvupósti vegna innheimtu
- Svara fyrirspurnum vegna reikninga
- Afstemmingar viðskiptamanna
- Samskipti við innheimtufyrirtæki
- Afleysing innheimtustjóra

**Hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla af innheimtu er nauðsynleg
- Krafist er frumkvæðis, metnaðar og agaðra vinnubragða
- Góðir samskiptahæfileikar, jákvæðni og rík þjónustulund
- Mikilvægt er að hafa getu til þess að ljúka málum
- Góð kunnátta í íslensku

**Vinnutími**
Sumaropnun innheimtudeildar er frá 8:00–16:00 og vetraropnun frá 8:00–17:00. Að vetri til vinnur starfsmaður 9:00–17:00 aðra hverja viku.

# Öryggisverðir í stjórnstöð

Starfið felst í móttöku og afgreiðslu boða frá viðvörunarkerfum, myndeftirliti, stýringu á öryggisvörðum í útköllum og símaaðstoð við innri og ytri viðskiptavini, ásamt öðru tilfallandi.

Starfið krefst hæfni í mannlegum samskiptum, agaðra vinnubragða og mikillar þjónustulundar. Góð þekking á viðvörunarkerfum sem fyrirtækið selur og þjónustar er mikill kostur. Eðli starfsins vegna er mjög nauðsynlegt að viðkomandi eigi auðvelt með að vinna í hóp og haldi einbeitingu undir álagi.

Um er að ræða í 100% starf í vaktavinnu í stjórnstöð Securitas hf.
Starfið hentar báðum kynjum og þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára aldri.

# Rafmagnsiðnfræðingur/ söluráðgjafi

Securitas leitar eftir árangursdrifnum og öflugum söluráðgjafa sem ber ábyrgð á þjónustu við stóra viðskiptavini á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf, kynningar og þarfagreiningu fyrir fyrirtæki ásamt tilboðs- og samningagerð og eftirfylgni. Einnig sér söluráðgjafinn um að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði rafmagnsiðnfræði eða önnur sambærileg menntun
- Góð samskiptahæfni
- Reynsla af sölustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp
- Frumkvæði
- Þekking á Navision æskileg en ekki skilyrði

Um er að ræða 100% starf og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

# Verslunarþjónusta

Um er að ræða almenn afgreiðslustörf, áfyllingar í verslun og þjónustu við viðskiptavini. Starfið er næturvinna.

**Hæfniskröfur**
- Hreint sakavottorð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund

Hér er um hlutastarf að ræða og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsækjendur þurfa að vera búnir að ná tuttugu ára aldri.

# Öryggisverðir

Securitas óskar eftir öryggisvörðum vegna aukinna verkefna. Unnið er á vöktum. Starfið felur í sér fjölbreytt og krefjandi verkefni.

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði í starfi
- Öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Þjónustulund

Um er að ræða 100% störf og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsækjendur þurfa að vera búnir að ná 23 ára aldri.

# Rafiðnaðarmenn/nemar

Á tæknisviði Securitas starfa um 80 rafiðnaðarmenn við hin ýmsu rafiðnaðarstörf. Starfið er krefjandi og skemmtilegt og felur í sér fjölbreytta þjálfun, ýmist hér á landi en einnig hjá birgjum erlendis. Securitas leggur til allan búnað til starfsins, verkfæri, tölvur, fatnað og bifreiðar.

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta

Tökum nema á samning.

## — Rafiðnaðarmenn/nemar Reykjanesi

Vilt þú vinna í skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á tæknisviði Securitas starfar fjöldi tæknimanna við ýmis sérhæfð störf. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfskrafti í starf nema á samningi.

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta

Tökum nema á samning.

Um er að ræða 100% starf og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

# Aðstoð í mötuneyti

Um er að ræða 50% starf sem felur í sér aðstoð við undirbúning fyrir hádegismat og frágang í mötuneyti.

**Hæfniskröfur**
- Rík þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af svipuðum störfum æskileg en ekki nauðsyn

Lágmarksaldur er 25 ár.

Á VAKT SÍÐAN 1979

**Umsóknarfrestur er til 30. ágúst.**

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristín Dögg, starfsmannastjóri, kristin@securitas.is

Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu. Umsækjendur fylli út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, **www.securitas.is**



# KLÁR Í KOLLINUM?

## NÚ ÞURFUM VIÐ AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM Í ÚTILÍF

Eru þjónustulund, jákvæðni, vilji til að læra og gera enn betur á morgun þínir styrkleikar? Þá gætir þú verið rétti starfsmaðurinn fyrir okkur. Við erum einmitt núna að leita að röskum sölumönnum **í fullt starf.**
Viðkomandi þurfa að hafa brennandi áhuga á að selja vörur í útivistar-, skó- og sportdeild.

### HÆFNISKRÖFUR

- Þjónustulund, dugnaður og jákvæðni
- Áhugi á íþróttum og útivist
- Reynsla af sölustörfum æskileg

### UMSÓKNIR OG FRESTUR

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á utilif@utilif.is merkt „þjónustulund" fyrir 12. ágúst.

**ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA OG ÚTIVISTAR**

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavini er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf er framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

GLÆSIBÆ | KRINGLUNNI | SMÁRALIND

ÚTILÍF *síðan 1974*

utilif.is

---

AB VARAHLUTIR – ALLTAF BETRI

## Starfsmaður óskast í Reykjavík

**AB varahlutir óskar eftir að ráða til sín starfsmann í verslun eða á lager.**

Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning,áfylling og fleira.

**Hæfniskröfur:**
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni
- Góð þjónustulund
- Gott skipulag
- Íslensku og enskukunnátta skilyrði

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@ab.is fyrir 12. ágúst**

---

## Sálfræðingur óskast

Vestmananeyjabær auglýsir eftir sálfræðingi til starfa hjá fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjabæjar. Um er að ræða 100% stöðu. Starfið er á sviði skóla- og félagsþjónustu.

**Starfssvið sálfræðings**
- Ráðgjöf til foreldra barna og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnarstarf.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla.
- Ráðgjöf og meðferð fyrir fjölskyldur og börn sem njóta þjónustu barnaverndar og félagsþjónustu.

Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi við starfsfólk skóla, starfsfólk félagsþjónustu og aðra sérfræðinga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi.

Upplýsingar veitir Jón Pétursson framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar (jonp@vestmannaeyjar.is) í síma 488 2000.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst 2016.**

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum á netfangið jonp@vestmannaeyjar.is. Með umsókn þarf að fylgja ferilsskrá um fyrri störf og menntun ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

## STARFSMAÐUR Á AUGLÝSINGADEILD VÍSIS

**Auglýsingadeild Vísis óskar eftir framtíðar starfsmanni til að hafa umsjón með birtingum auglýsinga á vísir.is og samskipti við auglýsendur.**

Helstu kröfur:
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: bjarnithor@365.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Árvirkinn
SELFOSSI
www.arvirkinn.is

# Ert þú rafvirki sem vantar vinnu?

**Ef svo er þá erum við að leita að þér.**

Árvirkinn ehf. vill ráða rafvirkja til starfa í nýbyggingu sjúkrahótels Landspítalans við Hringbraut

**Umsóknir skulu sendar á arvirkinn@arvirkinn.is og nánari upplýsingar eru veittar í sama netfangi**

VAKA

## Starfsmaður í förgun og dekkjaverkstæði

Við hjá Vöku hf. óskum eftir starfsmanni í förgun og dekkjaverkstæði.

**Starfssvið:**
- Förgun og dekkjaverkstæði

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á helstu bílategundum og varahlutum kostur
- Sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi og/eða lyftarapróf kostur
- Stundvísi og snyrtimennska

Áhugasamir sendi inn starfsumsókn á starf@vakahf.is

MOSFELLSBÆR
VARMÁRSKÓLI MOSFELLSBÆ

## Laus störf við Varmárskóla skólaárið 2016-2017

**Íþróttakennari óskast í átta vikur í haust**
Laus er staða íþróttakennara (íþróttir og sund) tímabundið v/fæðingarorlofs frá 19.sept – 18.nóv 2016.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Góð færni í samvinnu og samskiptum

**Skólaliði**
Skólaliði óskast til að sjá um húshald í útibúi Varmárskóla í Brúarlandi frá kl. 08:00-16:00. Í starfinu felst móttaka nemenda, afgreiðsla á fæði, útigæsla og fylgd nemenda í íþróttir/sund og þrif á húsnæði. Leitum að drífandi einstaklingi sem er til í að þróa nýtt starf með okkur!

**Frístundaleiðbeinendur**
Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundasel Varmárskóla.

Frístundaleiðbeinendur taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk.

Um hlutastörf er að ræða og vinnutími frá kl. 13:00 – 17:00. Möguleiki er á styttri vinnutíma og staka daga. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf frá og með 22. ágúst. Aldurstakmark er 18 ára og eldri.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Upplýsingar veitir Þóranna Rósa í síma 525 0700/ 899 8465. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið thoranna(hjá) varmarskoli.is

**Umsóknarfrestur um öll störfin er til 20. ágúst 2016.**

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

## Maintenance Planner

**Job description**
The Maintenance Planning department is responsible for a timely and efficient planning of airworthiness and maintenance tasks on oaircrafts in the Company´s fleet. Liaison of maintenance requirements with Air Atlanta stations and various maintenance organizations around the world is an essential role of the department along with various other tasks, such as technical support, work pack preparation and material preload.

**Education and Qualifications**
- Hold aircraft maintenance technician license, engineering degree or have strong technical background from the aviation industry
- Good knowledge of the English language
- Effective communicator with good organizational skills
- Good computer literacy

## Operations Officer

**Job description**
The operation control center is a communication- and control center between all departments and outstations. They prepare, control and supervise the ongoing flight operation in accordance with procedures. The operation control center operates 24/7.

**Education and Qualifications**
- Experience in an airline Operations Environment is preferred
- Excellent attention to detail
- Skills to work under intensive time pressure
- Must be fluent in written and spoken English
- Completed secondary school or similar
- Excellent computer skills

**Application deadline is 15th of August 2016**

For further information and application, please visit: **www.airatlanta.com**
All applications will be answered and treated as confidential

**About Air Atlanta Icelandic**
Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of sixteen wide-body aircraft of two types; Boeing 747-400 and Airbus A340-300.
We have a worldwide operation but the Company´s headquarters is located in the municipality of Kopavogur, Iceland.

AIR ATLANTA ICELANDIC
Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

# VIÐ LEITUM AÐ VIÐSKIPTASTJÓRA

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 80807 8/16



**Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli leitar að öflugum liðsmanni til starfa í innkaupadeild fyrirtækisins á sviði viðskiptastjórnunar.**

Við leitum að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og geta unnið sem hluti af heild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

**STARFSSVIÐ:**
- Viðskiptastjórn
- Umsjón með öflun og dreifingu varahluta
- Eftirlit með varahlutareikningum

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á flugstarfsemi
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lögð er rík áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veita:**
Einar Már Guðmundsson | einarmg@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsókn óskast fyllt út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 20. ágúst 2016.

ICELANDAIR

ráðum
ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Radisson Blu 1919 hótel óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf.



### Matreiðslumaður 100%
**Unnið er á 2-2-3 vöktum.**

**Hæfniskröfur:**
- Áhugasemi og metnaður í starfi.
- Stundvísi og reglusemi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð færni í íslensku og ensku.

### Starfsmenn í gestamóttöku á kvöldvaktir 70%
**Unnið er á 2-2-3 vöktum frá 16:00 – 00:00.**

**Hæfniskröfur:**
- Geta unnið undir álagi/skipulagður
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk.**
Vinsamlegast tilgreinið hvaða starf er sótt um í fyrirsögn. Umsóknir skal senda á netfangið Solveig.gudmundsdottir@radissonblu.com.

Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið sambandið við Sólveigu J. Guðmundsdóttur í síma 599-1011 eða skiljið eftir skilaboð hjá gestamóttöku í síma 599-1000.

Radisson BLU

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.
Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laus tvö störf sérfræðinga á aðfanga- og skráningarsviði. Sviðið annast skylduskil og aðföng, skráningu, lyklun og flokkun í Gegni, viðhald á nafnmyndaskrám og sér um íslenska útgáfuskrá og fleiri sérskrár.

## Sérfræðingur í skráningu

### Helstu verkefni
- Skráning, lyklun og flokkun í Gegni
- Vinna við nafnmyndastjórnun og efnisorð
- Þátttaka í átaks- og þróunarverkefnum með öðrum söfnum og Landskerfi bókasafna

### Menntunar– og hæfnikröfur
- BA eða MLIS próf í bókasafns- og upplýsingafræði
- Þekking á RDA skráningarreglunum
- Skráningarleyfi í Gegni er kostur
- Góð tölvukunnátta og hæfni til að tileinka sér nýjungar í upplýsingatækni
- Sjálfstæði, frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lipurð í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

## Sérfræðingur í skylduskilum

### Helstu verkefni
- Innheimta, móttaka og aðfangaskráning á skilaskyldu efni
- Umsjón með Rafhlöðunni (rafhladan.is)
- Söfnun á rafrænu efni um Ísland og eftir Íslendinga á erlendum vefjum

### Menntunar– og hæfnikröfur
- BA eða MLIS próf í bókasafns- og upplýsingafræði
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á upplýsingatækni og rafrænni útgáfu
- Áhugi á útgáfumálum og íslenskri menningararfleifð
- Sjálfstæði, frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lipurð í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Um er að ræða 100% störf.
Sótt er um störfin rafrænt á heimasíðu Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is undir Bókasafnið > Laus störf
Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2016. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.
Nánari upplýsingar veitir Ragna Steinarsdóttir, sviðsstjóri aðfanga og skráningar (ragnas@landsbokasafn.is) og Hallfríður Baldursdóttir, fagstjóri skylduskila veitir einnig upplýsingar um starf sérfræðings í skylduskilum.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

# Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

Ljósvirki ehf.

Ljósvirki ehf leitar að hressum og duglegum einstaklingum til vinnu sem fyrst við ljósleiðarablástur, ljósleiðaratengingar og raflagnaverkefni. Góð samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynleg.

Áhugasamir sæki um með því að senda umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið **kristjan@ljosvirki.is**

BB RAFVERKTAKAR

## Rafvirkjar óskast

BB rafverktakar eru að leita að rafiðnaðarmönnum eða nemum í ljósleiðaravinnu á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er við ljósleiðara, tölvulagnir, myndlykla og ýmsan annan smáspennubúnað.

Mikil vinna frammundan næstu árin í skemmtilegu starfsumhverfi og launin eru samningsatriði.

Nánari upplýsingar í síma 6604090 Birgir eða sendið póst á Birgir@bbrafverktakar.is

## Vélstjóri
### Hrísey, Perla Eyjafjarðar

Vélstjóra vantar á Hríseyjarferjuna Sævar nú þegar, kjörið tækifæri fyrir fjölskyldumann. Ódýrt húsnæði til staðar og öll almenn þjónusta í boði s.s. góður grunn og leikskóli, ný íþróttamiðstöð og sundlaug, verslun, veitingastaður og gott félagslíf.

**Hæfniskröfur:**
Viðkomandi þarf að hafa vélstjórnarréttindi „VSIII" að lágmarki, og námskeið frá slysavarnaskóla sjómanna v/ farþegaflutninga.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á eyfangehf@simnet.is**

ERT ÞÚ EFNI Í

## góðan Ósara?

**BARNAHEIMILIÐ ÓS** leitar að frábærum einstaklingi í 100% starf.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**
- Leikskólakennaramenntun, sambærileg menntun eða reynsla af starfi með ungum börnum
- Hæfni til að vinna í samræmi við faglegar kröfur leikskólans
- Góð samskiptahæfni
- Jákvæðni, víðsýni og umburðarlyndi

Ós er foreldrarekinn leikskóli í hjarta miðbæjarins. Á leikskólanum eru 33 börn á þremur deildum og 11 starfsmenn. Við leggjum áherslu á faglegt starf, gleði, einstaklingsathygli, samheldni og vináttubrag. Samvinna við fjölskyldur barnanna er ríkur þáttur í daglega lífinu á Ósi svo við getum stuðlað að vellíðan og góðum alhliða þroska barnanna. Ós er góður og hlýlegur vinnustaður þar sem allir skipta máli.

Allar nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 552-3277 eða í gegnum netfangið os1@simnet.is.
Umsóknarfrestur til 14. mars nk.

BARNAHEIMILIÐ ÓS
Bergþórugata 20, 101 Reykjavík

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is

# Ert þú öflugur forritari?

Við leitum að hugmyndaríkum og metnaðarfullum hugbúnaðarsérfræðingi til að þróa með okkur framtíðarlausnir í rafrænum viðskiptum. Í boði er skapandi starf sem reynir á hæfileika í forritun og felur í sér virkt samtal við notendur.

### Við leitum að einstaklingi

› með menntun í tölvunar- eða verkfræði
› með reynslu af vefþjónustum, veflausnum og JavaScript
› sem hefur góða þekkingu og reynslu af forritun í C#, MVC og SQL
› sem á auðvelt með að tileinka sér nýja þekkingu og vinna í hópi
› sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og þjónustulund

### Starfið felur í sér

› þróun veflausna fyrir viðskiptavini og starfsfólk
› greiningu, forritun og innleiðingu lausna í samvinnu við notendur
› samþættingu innri og ytri upplýsingakerfa

Hjá Sjóvá vinnur öflugur hópur hugbúnaðarsérfræðinga sem þróar fjölbreyttar lausnir með upplifun notenda að leiðarljósi.

Umsóknarfrestur er til og með **16. ágúst** nk.
Sótt er um á sjova.is/starfsumsoknir.

Nánari upplýsingar gefur Ásmundur Bjarnason forstöðumaður upplýsingatækni, **asmundur.bjarnason@sjova.is.**

SJÓVÁ

---

SUBWAY™

# Viðhaldsmaður

Subway leitar að öflugum viðhaldsmanni í okkar frábæra hóp. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem gerðar eru kröfur um fagleg vinnubrögð, frumkvæði, jákvæðni, gott verkvit og lipurð í mannlegum samskiptum.

### STARFSSVIÐ

- Viðhaldsmaður sér um almennt viðhald á veitingastöðum Subway.
- Starf hans er mjög fjölbreytt, hann kemur að viðhaldi véla, tækja, húsnæðis og húsbúnaðar staðanna.
- Auk þess er hann með önnur reglubundin verkefni á vegum fasteignafélags.

### HÆFNISKRÖFUR

- Óskað er eftir kraftmiklum og sjálfstæðum starfsmanni með reynslu og þekkingu af almennu viðhaldi, rafmagni, pípulögnum og léttum smíðaverkefnum.
- Gott er ef að viðkomandi hafi einhverja þekkingu af kæli- og frystikerfum en ekki er gerð krafa um slíkt.
- Ef viðkomandi er með meirapróf er það kostur en ekki skilyrði.
- Viðkomandi einstaklingur þarf að vera sveigjanlegur og víðsýnn í starfi og tilbúinn til þess að bregðast hratt og örugglega við.

Umsóknarfrestur er til **21. ágúst 2016.** Umsóknir óskast sendar til mannauðsstjóra á netfangið: **ingibjorg@subway.is**
Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.

SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfis-hafi Subway á Íslandi, rekur 23 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragð-góðan skyndibita með hollustu að leiðarljósi. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylla ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.

## Við leitum að kraftmiklu og framúrskarandi starfsfólki – ert það þú?

Við hjá Debet leitum að góðu samstarfsfólki í eftirtalin störf:

### Bókhaldsstarf

**Starfslýsing**

- Ábyrgð á samskiptum við hóp viðskiptavina
- Bókun á fjárhagsbókhaldi
- Útbúa og senda sölureikninga.
- Afstemmningar á bankareikningum, viðskiptamanna- og lánadrottnabókhaldi
- Launavinnslur
- Aðstoða viðskiptavini við greiningu fjárhagsupplýsinga, áætlanir, o.s.frv.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur**

- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi sem og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góð framkoma, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Menntun sem viðurkenndur bókari æskileg.
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er skilyrði.
- Reynsla og þekking á DK hugbúnaði mjög æskileg
- Góð kunnátta í Excel og Microsoft Office.
- Góð kunnátta í ensku, bæði ritaðri og talaðri.

### Símavarsla og skrifstofustörf

**Starfslýsing**

- Samskipti og móttaka viðskiptavina.
- Símsvörun.
- Aðstoð við færslur bókhalds og skönnun reikninga.
- Umsjón með innkaupum.

**Hæfniskröfur**

- Önnur tilfallandi verkefni.
- Góð framkoma, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á bókhaldi æskileg.
- Góð kunnátta í Excel og Microsoft Office.
- Góð kunnátta í ensku, bæði skrifað mál og talað.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem og nákvæmni í vinnubrögðum.

*Debet er vaxandi fyrirtæki sem sinnir ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga ásamt því að hafa umsjón með bókhaldi og bakvinnslu fyrir fjölda fyrirtækja, innlendra sem erlendra. Við leitum að samstarfsfólki sem fellur vel að liðsheild okkar – Ert það kannski þú? Fyrirspurnum er ekki svarað í gegnum síma en umsóknir með ferilskrá sendist á netfangið debet@debet.is fyrir 15. ágúst næstkomandi*

debet > Nóatún 17 105 Reykajvík www.debet.is




## STARFSKRAFTUR Í MÓTTÖKU

Te & Kaffi leitar að jákvæðum og kröftugum einstakling í móttöku fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að vera stundvís, sjálfstæður í vinnubrögðum og heilsuhraustur.
Vinnutími er frá 08.00 – 16:00.

**STARFSSVIÐ:**

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina og gesta
- Umsjón með pósti, boðsendingum, reikningsgerðum og sölupöntunum viðskiptavina og kaffihúsa.
- Vinnsla verkbeiðna frá verkstæði
- Umsjón með kaffistofu og fundarherbergjum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Góð almenn menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af móttöku og símssvörun
- Reynsla af sölustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af DK er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni.

Umsókn og ferilskrá skal sendast á bjork@teogkaffi.is
Umsóknarfrestur er til 1. september




## Lyfjatæknar

*Við leitum að samviskusömum lyfjatæknum.*

Störfin felast meðal annars í lyfjapökkun, aðstoð í receptur t.d. við frágang og afgreiðslu lyfja, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk sölu og ráðgjafar til viðskiptavina við val á öðrum vörum í verslun.

**Um er að ræða störf á höfuðborgarsvæðinu og í verslunum okkar á landsbyggðinni.**

## Lyfjatæknir/starfsmaður í Lyfjalausnir

*Við leitum að starfsfólki til starfa í Lyfjalausnir við vélskömmtun lyfja og gæðaeftirlit með lyfjaskömmtun.*

Í starfinu felst dagleg umsjón lyfjaskömmtunarvélar auk þess að sinna gæðaeftirliti með pökkunarefni til vélskömmtunar lyfja sem og fullbúnum lyfjaskömmtum.

**Um er að ræða 70–100% starf á afgreiðslutíma Lyfjalausna sem er frá kl. 8:00 til 18:00 virka daga.**

## Sölu- og afgreiðslufólk

*Við óskum eftir að ráða sölu- og afgreiðslufólk í okkar frábæra starfsmannahóp.*

Störfin felast í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum í verslun, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.
Um að ræða hlutastörf eftir hádegi og störf samkvæmt vaktaskema í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Í boði er gott vinnuumhverfi á líflegum vinnustöðum. Við leitum að drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

**Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.**

**Umsóknarfrestur er til 16. ágúst.**
*Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu okkar, www.lyfja.is og hjá starfsmannahaldi í síma 530 3800.*
*Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is.*

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Heimili í Kópavogi næturvakt-veikindaafleysing

**Starfsmaður óskast á næturvaktir vegna veikinda á heimili í Kastalagerði í um 85% starfshlutfall.**

Unnið er í viku og frí í viku, vinnutími er frá 23.00-8.30 á virkum dögum og 23.00-9.00 um helgar.
Staðan er lausar nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir Bjarnhildur Ólafsdóttir í síma 568-0206 á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið bjarnhildur@styrktarfelag.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum

## Lyngás Vinna og virkni Spennandi og fjölbreytt störf

**Þroskaþjálfa, félagsliða og stuðningsfulltrúa vantar í 100% störf í Lyngás, Safamýri 5, hlutastörf koma til greina.**

Vinnutíminn er frá 8.00-16.00 og 8:30-16:30.
Stöðurnar eru lausar frá 15. ágúst.

Um er að ræða vinnu- og virknitilboð fyrir fólk með fötlun. Starfsmaður tekur þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í sveigjanlegu og skemmtilegu vinnuumhverfi.
Einnig er laus staða í afleysingar í eldhúsi Lyngáss um óákveðinn tíma. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Upplýsingar veitir Valgerður Unnarsdóttir í síma 553-8228. Umsókn sendist á netfangið valgerdur@styrktarfelag.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent
www.capacent.is

NORDIC NAVI

## Leiðtogi og sölufulltrúar

**Sagaz útgáfufélag tekur stórt skref online.**

Við leitum að öflugum leiðtoga með markaðsmenntun og/eða mikla starfsreynslu á sviði sölu- og markaðsmála.

Viðkomandi aðila er ætlað að leiða fyrirtækið inn á nýjar brautir þar sem nýjasta tækni verður höfð að leiðarljósi í samstarfi við erlent hugbúnaðarfyrirtæki.

Við óskum einnig eftir sölufulltrúum til þess að taka þátt í þessari vegferð.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið umsokn@sagaz.is fyrir **13. ágúst nk.**

---

DAGNÝ & CO

FERSKT FRESH FRAIS FRISK · GOTT GOOD BON GOD · HOLLT HEALTHY SAINT SUNDT

### Framleiðslustjóri - Production Manager

Dagný & co er að leita að framleiðslustjóra í fullt starf til að stýra framleiðslu á samlokum og tilbúnum réttum. Viðkomandi þarf helst að hafa reynslu af sambærilegu starfi við stjórnun á hópi fólks, helst í matvælaframleiðslu eða sambærilegu, vera árangursdrifin(n), tilbúin(n) til að vinna undir álagi og lausnamiðuð(aður). Vinnutími og laun eru samkvæmt samkomulagi. Vinsamlega sendið umsókn með ferilskrá á **dagny@dagnyehf.is** þar sem fram kemur reynsla og menntun ásamt upplýsingum um hvenær þú gætir hafið störf. Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2016

*Dagný & co is looking for an experienced production manager in food production. We are looking for an individual that can lead a large group of people in an effective and constructive way and build a good team spirit. You need to be ready to work under pressure, be solution oriented, be flexible to work long hours if needed, have initiative and be motivated. Salaries and work hours to be negotiated for the right person. Please send an application with a CV indicating previous work experience and education to **dagny@dagnyehf.is**. We welcome applications from all nationalities and genders! Please apply before the 20th of august 2016.*

Dagný & co er framleiðslufyrirtæki sem séræfir sig í framleiðslu á samlokum, salötum og tilbúnum réttum. Vörur Dagnýjar eru seldar í öllum helstu matvöruverslunum landsins. Dagný & co er nýflutt í Flatahraun 27 í Hafnarfirði í húsnæði sem er sérsniðið að framleiðslu matvæla.

*Dagný & co is a food production company specialising in sandwiches, salads and ready meals. Our products are sold in all major supermarkets and stores in Iceland. Dagný & co recently moved to a specialised food production facilities in Flatahraun 27 in Hafnarfjörður.*

---




## Ertu góður bílstjóri?

Við leitum að bílstjóra til að sinna útkeyrslu fyrir Nýherja. Bílstjórinn er hluti af sterku teymi starfsmanna vörulagers Nýherja.

**Hæfniskröfur:**

» Jákvæðni og framúrskarandi þjónustulund
» Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
» Almenn hreysti og reglusemi
» Meirapróf er skilyrði
» Reynsla af útakstri er kostur
» Hreint sakavottorð skilyrði
» Lyftarapróf er kostur

**Helstu verkefni:**

» Útkeyrsla til viðskiptavina
» Sækja vörur til flutningsaðila
» Tiltekt á vörum og afhending
» Umsjón sendibifreiðar

**Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst.** Sótt er um starfið á vef Nýherja, nyherji.is/atvinna.
Nánari upplýsingar veitir Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri, drofn.gudmundsdottir@nyherji.is

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Hjá móðurfélaginu starfa 270 manns en hjá samstæðunni um 470. Dótturfélög Nýherja eru TM Software, Tempo og Applicon á Íslandi og í Svíþjóð. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

---

# KFC® kallar – nóg að starfa!

Óskum eftir vaktstjórum, starfsfólki í eldhús og afgreiðslu á flestum stöðum KFC. Unnið er á vöktum (2-2-3), vinnutíminn er kl. 10–22.

### Starfsmaður í eldhús

Við leitum að skipulögðum, hraustum og framtakssömum einstaklingi sem hefur áhuga á að elda góðan mat og kann vel við sig í eldhúsinu. Starfsreynsla úr sambærilegu umhverfi æskileg. Aðeins 23 ára og eldri koma til greina.

**Starfsvið:**
Yfirumsjón með kjötvörum, s.s. eldamennsku, talningu og vörumóttöku. Umsjón með tækjum og tólum ásamt þrifum í eldhúsi.

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskumælandi eða enskumælandi
- Metnaður og reynsla skilyrði
- Skipulagshæfileikar
- Geta unnið undir álagi

### Afgreiðslufólk

Við óskum eftir að ráða brosmilt og þjónustulundað afgreiðslufólk, 20 ára og eldra. Viðkomandi þarf að vera röskur, skipulagður og liðlegur í samskiptum.

**Starfssvið:**
Þjónusta við viðskiptavini, pökkun og afgreiðsla á mat, þrif, undirbúningur á morgnana og frágangur á kvöldin.

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskumælandi skilyrði
- Metnaður og reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Geta unnið hratt og örugglega undir álagi

### Vaktstjórar

Við leitum að leiðandi, skipulögðum, framtakssömum einstaklingum með starfsreynslu úr sambærilegu starfsumhverfi, 23 ára og eldri, til þess að stýra vöktum á veitingastöðum KFC.

**Starfssvið:**
Vaktstjóri er yfirmaður á sinni vakt og ber ábyrgð á starfsfólki sínu, þjálfun þess og vellíðan, þjónustu við viðskiptavini og birgja. Umsjón með daglegum rekstri, s.s. vörumóttöku, talningu, uppgjöri og vaktaplani.

**Hæfniskröfur:**
- Íslensku- og enskumælandi
- Metnaður og góð almenn tölvukunnátta
- Geta unnið hratt og örugglega undir álagi
- Reynsla af veitingaþjónustu æskileg



Sumarstörf koma til greina á einhverjum staðanna en fyrst og fremst er hér um framtíðarstörf að ræða.

KFC®

*Skemmtileg störf í góðu starfsumhverfi með hressu samstarfsfólki þar sem nákvæm vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Starfskjör okkar endurspegla ábyrgð og árangur í starfi. Áhugasamir sendi umsókn með mynd og meðmælum til mannauðsstjóra KFC á netfangið vinna@kfc.is. Einnig er hægt að leggja inn umsókn á vefsíðu KFC, kfc.is/atvinna eða fá nánari upplýsingar á Facebook.*



# Öflugur sérfræðingur

**Matís leitar að drífandi og duglegum sérfræðingi til starfa á rannsóknastofu fyrirtækisins**

**Starfssvið**
Starfið felst í rannsóknum byggðum á örverufræði og erfðatækni á rannsóknastofu Matís við Vínlandsleið 12, Reykjavík. Helstu verkefni eru uppsetning og framkvæmd örveru- og líftæknitilrauna, ásamt gagnaúrvinnslu.
**Starfshlutfall er 100%**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst n.k.**

**Hæfniskröfur**
- B.Sc gráða í líffræði, lífeindafræði eða skildum greinum. M.Sc. gráða eða reynsla innan fræðasviðsins er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís www.matis.is/atvinna.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Frekari upplýsingar veitir prófessor Guðmundur Óli Hreggviðsson, gudmundo@matis.is, og í síma 422 5000.**

matís

Matís ohf. | Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík | s. 422 5000, www.matis.is

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Starfsmenn í hlutastarf í tómstundaheimilið Frístund
- Skólaliði

**Garðaskóli**
- Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Garðalundi
- Þroskaþjálfi

**Hofsstaðaskóli**
- Umsjónarkennari

**Leikskólinn Sunnuhvoll**
- Leikskólakennari/leiðbeinandi í 75% starf

**Leikskólinn Akrar**
- Leikskólakennari
- Starfsmaður í sérkennslu

**Krakkakot**
- Leikskólakennari

**Bæjarskrifstofur**
- Þjónustufulltrúi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

HEILSUGÆSLAN



# Hjúkrunarfræðingur við Heilsugæsluna Miðbæ

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Heilsugæsluna Miðbæ. Um er að ræða 100% ótímabundið starf frá 1. sept. 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2016.**

Heilsugæslan Miðbæ þjónar íbúum í póstnúmeri 101 vestan Snorrabrautar og norðan Hringbrautar. Á stöðinni starfar fjölbreyttur og metnaðarfullur hópur heilbrigðisstarfsmanna. Þar ríkir léttur og góður starfsandi þar sem þjónusta við skjólstæðinga heilsugæslunnar er í miðdepli.

***Helstu verkefni og ábyrgð***

Starfið er fjölbreytt og felst í heilsugæsluhjúkrun með megináherslu á almenna móttöku á heilsugæslustöðinni. Viðkomandi mun jafnframt koma að öðrum þáttum heilsugæslunnar, svo sem skólaheilsugæslu, ung- og smábarnavernd.

***Hæfnikröfur***
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Faglegur metnaður og áhugi á að vinna með börnum
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af bráða- og slysamóttöku er kostur

***Nánari upplýsingar***

Jóhanna Eiríksdóttir johanna.eiriksdottir@heilsugaeslan.is, s. 585-2600 og
Anna Ólafsdóttir anna.olafsdottir@heilsugaeslan.is, s. 585-2600.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun og staðfest afrit af opinberu starfsleyfi. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi í leikskólann Efstahjalla
- Leikskólakennari í leikskólann Efstahjalla
- Leikskólakennari í leikskólann Kópahvol
- Deildarstjóri í leikskólann Kópahvol
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Leikskólakennari í hlutastarf í leikskólann Marbakka
- Leikskólasérkennari í leikskólann Marbakka
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Leikskólakennari í leikskólann Núp

**Grunnskólar**
- Sérkennari í Lindaskóla
- Skólaliðar í dægradvöl í Salaskóla
- Stærfræðikennari á unglingastigi í Vatnsendaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari í 6. bekk Vatnsendaskóla

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan.
Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**

---

*Torfan Humarhúsið leitar eftir hressu og metnaðarfullu starfsfólki á rótgrónum og skemmtilegum stað í miðbæ Reykjavíkur*

**Lausar stöður:**
Framreiðslumaður
Þjónusta í sal
Uppvask

Áhugasamir hafi samband við Ívar 697-9775, Johnny 694-8993 eða á info@torfan.is

TORFAN HUMARHÚSIÐ

---

## AÐSTOÐARFÓLK Í ELDHÚS / KITCHEN ASSISTANTS

HRAÐLESTIN ÓSKAR EFTIR ÁBYRGUM OG METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGUM TIL STARFA Í ELHÚSIÐ Á STÖÐUM SÍNUM FJÓRUM. UM ER AÐ RÆÐA FULLT STARF EÐA HLUTASTARF, DAG- OG KVÖLDVAKTIR. REYNSLA AF ELDHÚSSTÖRFUM ER ÆSKILEG. ENSKUKUNNÁTTA ER SKILYRÐI. ÁHUGASAMIR ERU BEÐNIR UM AÐ SENDA FERILSKRÁ Á STARF@HRADLESTIN.IS

**HRAÐLESTIN**

HVERFISGATA 64, LÆKJARGATA 8, HLÍÐASMÁRI 8 OG KRINGLAN

---

## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstjóri Heilbrigðisst. Vestfjarða | Velferðarráðuneytið | Ísafjörður | 201608/1039 |
| Doktorsnemi í stofnfrumuranns. | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201608/1038 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201608/1037 |
| Framkvæmdastjóri | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201608/1036 |
| Sérfræðingur í umhverfismati | Skipulagsstofnun | Reykjavík | 201608/1035 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, öldrunarlækn.deild Landakoti | Reykjavík | 201608/1034 |
| Sjúkraliðar | LSH, öldrunarlækn.deild Landakoti | Reykjavík | 201608/1033 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, krabbameinslækningadeild | Reykjavík | 201608/1032 |
| Geislafræðingar | LSH, röntgendeild | Reykjavík | 201608/1031 |
| Sérfræðingur í skylduskilum | Landsbókasafn Ísl.-Háskólabókasafn | Reykjavík | 201608/1030 |
| Sérfræðingur í skráningu | Landsbókasafn Ísl.-Háskólabókasafn | Reykjavík | 201608/1029 |
| Fjármálastjóri | Samgöngustofa | Reykjavík | 201608/1028 |
| Sérfræðingur á efnahagssviði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201608/1027 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201608/1026 |
| Náttúrufræðingur | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201608/1025 |
| Stuðningsfulltrúi | Menntaskólinn á Tröllaskaga | Ólafsfjörður | 201608/1024 |
| Eftirlitsmaður, véla- og tækjaeftirl. | Vinnueftirlitið | Ísafjörður | 201608/1023 |
| Stuðningsfulltrúi | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201608/1022 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Austurlandi | Egilsstaðir | 201608/1021 |
| Fulltrúi í afgreiðslu | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201608/1020 |

---

ráðum ráðningarstofa

## Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

---



Alcoa Fjarðaál hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr teymisvinnu, góðum aðbúnaði, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið. Starfsmönnum bjóðast fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar.

# Rekstrarstjóri **viðhalds**

Alcoa Fjarðaál leitar að sérfræðingi í starf rekstrarstjóra viðhalds. Í starfinu felst umsjón með öllu viðhaldi á viðkomandi framleiðslusvæði.

### Ábyrgð og verkefni

- Yfirumsjón viðhalds á framleiðslusvæði
- Að samþykkja verkpantanir
- Forgangsröðun verkefna
- Að halda utan um viðhaldskostnað
- Tæknilegur stuðningur við iðnaðarmenn

### Menntun og hæfni

- Verkfræði, tæknifræði eða önnur hagnýt menntun
- A.m.k. fimm ára reynsla af viðhaldsmálum framleiðslufyrirtækja
- Jákvæðni og atorkusemi
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Að vinna vel með öðrum

Áhugasamir eru hvattir til að afla sér frekari upplýsinga um starfið hjá Árna Páli Einarssyni í gegnum netfangið arni.einarsson@alcoa.com eða síma 470 7700.
**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 22. ágúst. Skriflegri umsókn ásamt ferilskrá skal skilað á www.alcoa.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**FJARÐAÁL**
alcoa.is

ALCOA

# Viltu vinna í lifandi og skapandi umhverfi?

### Birtingaráðgjafi – Media planner

ABS media, dótturfyrirtæki Íslensku auglýsingastofunnar, óskar eftir birtingaráðgjafa. Háskólapróf og reynsla af birtingum á auglýsingastofu eða við fjölmiðil æskileg.

**Umsókn sendist rafrænt á birtingar@islenska.is eigi síðar en 14. ágúst. Allar umsóknir eru trúnaðarmál.**

***Helstu verkefni eru:***

– Birtingaráðgjöf, þar með talin ráðgjöf vegna samfélagsmiðla.
– Gerð birtingaáætlana og eftirfylgni með þeim.
– Samskipti við viðskiptavini og birtingamiðla.
– Greining og úrvinnsla gagna í tengslum við áætlanagerð.

Íslenska

ABS Media ehf

# Starfsfólk óskast!

**Við auglýsum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í vaktavinnu.**

**Við leitum að einstaklingum sem:**

- hafa framúrskarandi þjónustulund
- eru stundvísir, reglusamir og geta unnið undir álagi
- hafa góða færni í mannlegum samskiptum
- hafa náð 18 ára aldri

Reynsla af öðrum þjónustustörfum er mikill kostur. Áhugasamir sendi umsókn, mynd og ferilskrá á **10-11.is/starfsumsokn.**

10-11 Fljótlegt og þægilegt

S4S LEITAR AÐ

# SKEMMTILEGU OG METNAÐARFULLU FÓLKI

VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI TIL AÐ VERA PARTUR AF FJÖRUGRI OG ÖFLUGRI LIÐSHEILD HJÁ FLOTTU FYRIRTÆKI. **ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?**

Við óskum eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf.

**Helstu verkefni**
Sala og þjónusta við viðskiptavini

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af verslunar- og þjónustustarfi er æskileg en ekki nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknir berist fyrir **12. ágúst**

Skechers, Kringlunni: **gunnar@s4s.is**
Steinar Waage, Kringlunni: **swk@s4s.is**
Ecco, Kringlunni: **ek@s4s.is**
Kaupfélagið, Smáralind: **kfs@s4s.is**
Skór.is, Kringlunni: **skorkr@s4s.is**

Kaupfélagið Kringlan - Smáralind
ecco
SKECHERS
skór.is
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

S4S hefur verið í topp 5 yfir fyrirmyndarfyrirtæki hjá VR síðustu 3 ár í flokki stórra fyrirtækja.

S4S

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Áslandsskóli**
» Frístundaleiðbeinandi í frístundaheimili
» Skólaliði
**Blikaás**
» Framtíðarstörf á heimili fatlaðs fólks
**Frístundaklúbburinn Kletturinn**
» Stuðningsfulltrúi
**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Sálfræðingur
**Hraunvallaskóli**
» Baðvörður
» Frístundaleiðbeinandi í frístundaheimili
» Tómstundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð
» Umsjónarkennari á miðstigi
» Umsjónarkennari á yngsta stigi
**Húsið**
» Frístundaleiðbeinendur
» Þroskaþjálfi
**Hvaleyrarskóli**
» Umsjónarkennari á yngsta stigi
**Leikskólinn Brekkuhvammur**
» Þroskaþjálfi
**Leikskólinn Hlíðarberg**
» Deildarstjóri
» Leikskólakennari
**Leikskólinn Hvammur**
» Leikskólakennarar
**Leikskólinn Hörðuvellir**
» Leikskólakennari
**Leikskólinn Norðurberg**
» Leikskólakennari
» Umsjón með eldhúsi
**Leikskólinn Stekkjarás**
» Leikskólakennari
**Leikskólinn Tjarnarás**
» Leikskólakennari
**Setbergsskóli**
» Stuðningsfulltrúi í Berg
» Tómstundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð
» Þroskaþjálfi í Berg
**Steinahlíð**
» Starf á heimili fatlaðs fólks
**Víðistaðaskóli**
» Baðvörður
» Enskukennsla á unglingastigi
» Frístundaleiðbeinandi í frístundaheimilið Álfakot
» Skólaliðar
**Öldutúnsskóli**
» Frístundaleiðbeinandi í frístundaheimili
» Íslenskukennari
» Tómstundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

BYGGINGAR

## Auglýsum eftir Verkefnastjóra

Nóg af verkefnum.

Hæfniskröfur eru reynsla af verkefnastjórnun.
Meistararéttindi eða tækninám er æskilegt.

Upplýsingar veitir Reynir í síma 696 0199.

## STARFSFÓLK ÓSKAST!

★ ★ ★ ★ ★

**Við óskum eftir hressu og harðduglegu starfsfólki í 60 til 100% störf á veitingastöðum okkar við Hagasmára og Grjótháls.**

Ef þú ert 18 ára eða eldri og langar að vinna á skemmtilegum vinnustað með góðu fólki, sæktu þá endilega um á **10-11.is/starfsumsokn** og mundu að láta ferilskrána fylgja með.

BAD BOYS BURGERS & GRILL

## Staða forstöðumanns við félagsmiðstöðina Dimmu er laus til umsóknar

Félagsmiðstöðin Dimma er staðsett í Vatnsendaskóla í Kópavogi. Félagsmiðstöðin er starfrækt fyrir börn á unglinga á aldrinum 10 til 15 ára (6. til 10. bekkur). Félagsmiðstöðin vinnur á vettvangi frítímans í nánu samstarfi við stjórnendur grunnskóla, foreldra og önnur frístundaúrræði í bænum. Leitað er að stjórnanda sem veitir faglega forystu og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi frístundastarf. Samskiptahæfni, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar nauðsynlegir.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði félags- og tómstunda og/eða uppeldis- og menntunarfræða skilyrði
- Reynsla af störfum með börnum og/eða unglingum er skilyrði
- Reynsla af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af verkefna- og viðburðastjórnun er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
**Konur jafnt sem karla eru hvattar til að sækja um starfið.**

Bent er á að samkvæmt lögum þurfa umsækjendur að skila sakavottorði.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2016.**

Nánari upplýsingar veita Linda Udengaard, deildarstjóri frístunda- og forvarnadeildar, í gegnum netfangið **linda@kopavogur.is** og Arna Margrét Erlingsdóttir, verkefnastjóri í gegnum netfangið **arnam@kopavogur.is**, eða í síma 570-1500.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# GOTT FÓLK ÓSKAST

VIÐ Á LAUNDROMAT LEITUM AÐ HRESSU OG SKEMMTILEGU FÓLKI TIL AÐ BÆTAST VIÐ Í GÓÐA HÓPINN OKKAR; KOKKUM OG AÐSTOÐARFÓLKI Í ELDHÚS, ÞJÓNUM OG KAFFIBARÞJÓNUM.

BÆÐI FULL STÖRF OG HLUTASTÖRF Í BOÐI.

The Laundromat Cafe — www.thelaundromatcafe.com

LAUNDROMAT CAFE

Áhugasamir sendi ferilskrá og kynningarbréf á
laundromatcafe@gmail.com fyrir 28.ágúst

www.thelaundromatcafe.com

## Fasteignasala – Sölufulltrúi

Óskað er eftir löggiltum fasteignasala eða löggildingarnema til sölustarfa hjá traustri og öflugri fasteignasölu.

Gott tækifæri fyrir aðila sem er að afla sér réttinda til að starfa með reynslumiklu og duglegu fólki.

**Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „Sölumaður“**

## MARKAÐS- OG SÖLUFULLTRÚI

Medico ehf. leitar að öflugum og sjálfstæðum markaðs- og sölufulltrúa. Viðkomandi mun sjá um markaðssetningu á heimsþekktum snyrtivörumerkjum, fæðubótarefnum og ýmsum heilsuvörum.

**Starfssvið:**
- Gerð sölu- og markaðsáætlana og eftirfylgni.
- Samskipti við erlenda birgja fyrirtækisins varðandi markaðsmál og þjálfun starfsfólks í kynningum.
- Samskipti við fjölmiðla og viðskiptavini fyrirtækisins varðandi markaðsmál og kynningar í verslunum.
- Gerð kynningar- og fræðsluefnis.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í markaðsfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Starfsreynsla á sviði markaðsmála er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Brennandi áhugi á sölu og markaðsmálum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð eru skilyrði.

**Umsóknir óskast sendar á medico@medico.is fyrir 12. ágúst n.k.**

*Medico ehf. heildverslun var stofnuð árið 1985 og á yfir 30 ára farsæla sögu að baki. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á snyrtivörum, apóteksvörum og ýmsum öðrum vörum heilsuvörum.*

**MEDICO ehf | Akralind 3 | 201 Kópavogi | www. medico.is**

## Viltu þú starfa í ævintýraferðamennsku?

**Mountaineers of Iceland leita eftir líflegum og öflugum liðsauka**

### VÉLVIRKI / BIFVÉLAVIRKI

**VERKSVIÐ**
- Viðgerðir og viðhald á breyttum jeppum
- Viðgerðir og viðhald á vélsleðum
- Ástandskoðanir bíla og vélsleða

**HÆFNISKRÖFUR**
- Sveinspróf í vélvirkjun / bifvélavirkjun og eða úrræðagóður aðili með reynslu af viðgerðum
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Aukin ökuréttindi er kostur

### LEIÐSÖGUMENN

**LEITAÐ ER EFTIR:**
- Starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf sem öku- og vélsleðaleiðsögumenn
- Bílaleiðsögumönnum, með aukin ökuréttindi, í dagsferðir út frá Reykjavík
- Trukkabílstjóra til akstur með ferðamenn út frá starfsstöðvum við Langjökul

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Aukin ökuréttindi
- Þekking á landi og þjóð
- Góð enskukunnátta
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samkiptum

Í boði er spennandi starf hjá framsæknu og traustu fyrirtæki sem starfar í ævintýraferðamennsku.
**Umsóknir og frekari upplýsingar:**
**atvinna@mountaineers.is**
**Frekari upplýsingar veitir Bjarný 5809900 á skrifstofutíma**

**www.mountaineers.is**

Mountaineers of Iceland
ADVENTURE TOURS

## ERT ÞÚ MATGÆÐINGUR??

Við erum að leita af starfskröftum í fullt starf og hlutastarf í verslun og eldhús.

**Hæfniskröfur:**
- 19 ára +
- Þjónustulund og góð samskiptahæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi á mat og matseld

Umsókn um starf ásamt ferilskrá sendist á kjotogfiskur@kjotogfiskur.is

KJÖT & FISKUR

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Laus staða við Dalskóla

**Laust er til umsóknar starf stærðfræðikennara í 7. – 10 bekk.**

**Umsóknarfrestur er til 17. ágúst 2016.**

Sótt er um starfið á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, undir „Laus störf“ og þar má jafnframt sjá nánari upplýsingar um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir einnig Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri, í síma 4117860 og í tölvupósti hildur.johannesdottir@reykjavik.is

*Dalskóli er samrekinn leik-, grunn- og frístundaskóli með um 300 börnum á leik- og grunnskólaaldri og 55 starfsmönnum. Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega starfshætti og samvinnu. Í skólanum ríkir viðhorf virðingar fyrir einstaklingnum og sérkennum hans. Í Dalskóla er mikið um þemabundið smiðjustarf í samfélags- og náttúrugreinum auk samvinnu kennara. Í unglingadeild er verið að þróa faggreinakennslu og þverfaglegt samvinnuverkefni í anda aðalnámskrár. Í skólanum er lögð áhersla á lifandi, skemmtilegt og skapandi skólastarf. Skólinn starfar eftir hugmyndafræðinni um jákvæðan aga.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



## World Class óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús.

**100% starf í vaktarvinna**

Umsækjandi þarf að hafa mikinn áhuga á matreiðslu, vera skipulagður og hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á gisli@worldclass.is

World Class ICELAND  LAUGAR café

LINDIN
BÍLAÞVOTTASTÖÐ

## Bílaþvottastöðin Lindin ehf

Óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera duglegur, stundvís, vandvirkur og með góða þjónustulund. Hreint sakavottorð og bílpróf skilyrði. Umsókn og ferilskrá sendist á robert@bilalindin.is

GA SMÍÐAJÁRN
Sterkir í stálinu síðan 1970

## Starfsmaður í birgðastöð

Guðmundur Arason ehf. sem er innflutningsfyrirtæki á járni og stáli, óskar eftir afgreiðslumanni í birgðastöð fyrirtækisins að Skútuvogi 4, Reykjavík.

**Starfssvið:**
- Almenn lagerstörf
- Móttaka á vörum
- Samantekt pantana
- Önnur tilfallandi verkefni á lager

**Hæfniskröfur:**
- Lyftarapróf
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Stundvísi og almenn reglusemi
- Líkamleg hreysti þar sem um þungavörur er að ræða

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf sem fyrst og vera orðinn 20 ára

**Umsóknir berist á netfangið anna@ga.is ásamt ferilskrá og mynd.**

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is






# Sérfræðingur á sviði nýsköpunar

Við leitum að skapandi og kraftmiklum einstaklingi með brennandi áhuga og reynslu af fjarskiptum og nýsköpun. Hjá Vodafone er mikil áhersla lögð á samstarf við nýsköpunarfyrirtæki þar sem unnið er að því að þróa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini félagsins. Starfið snýst um að leiða þróunarverkefni Vodafone á þessu sviði ásamt því að vera í miklum samskiptum við mismunandi samstarfsaðila á sviði nýsköpunar.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst nk.**
**Nánari upplýsingar á vodafone.is/storf**

**Vodafone**
Við tengjum þig

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# GÆÐASTJÓRI
## (QUALITY & COMPLIANCE MANAGER)

Norðurflug leitar eftir góðum liðsauka. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af sambærilegum störfum, lipurð í mannlegum samskiptum og mikinn metnað fyrir starfinu.
Um hlutastarf er að ræða.

**Helstu verkefni:**

- Umsjón og eftirlit með gæðakerfi fyrirtækisins
- Skipulagning, framkvæmd og umsjón úttekta á starfssemi fyrirtækisins
- Umsjón og uppfærsla á rekstrar handbókum fyrirtækisins
- Aðstoð við túlkun og innleiðingu reglugerða í flugrekstur fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla í sambærulegu starfi nauðsyn
- Þekking á íslenskum flugreglum, EASA Air Operations og Part-M reglugerðum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á Íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

*Umsóknarfrestur er til og með **15. Ágúst 2016.** Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.*
*Umsóknir sendist á **boh@nordurflug.is.** Nánari upplýsingar veitir Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdarstjóri.*

NORÐURFLUG
HELICOPTER.IS

AURORA SEAFOOD

# AURORA SEAFOOD

Pilnie poszukujemy dwóch mężczyzn do pracy w fabryce rybnej w Borgarnes.
Zapewniamy darmowe zakwaterowanie i bezpłatny internet.
Prosimy o wysłanie zgłoszeń w postaci CV na adres mailowy:
asgeir@auroraseafood.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

## Starfsmaður í mötuneyti

Við leitum að stundvísum, samviskusömum og þjónustulunduðum starfsmanni í 100% starf í mötuneyti okkar. Unnið er alla virka daga, aðra vikuna frá kl. 8-16 og hina frá kl. 12-20. Á föstudögum er unnið frá kl. 7-14.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og um framtíðarstarf er að ræða.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármála-ráðherra auk stofnanasamnings milli Eflingar og Reykjalundar.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2016**

Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 ***gudbjorg@reykjalundur.is***

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni ***www.reykjalundur.is***

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?




**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is




GRINDAVÍKURBÆR

## Forval-Byggingarverktakar

Grindavíkurbær óskar eftir áhugasömum verktökum til að taka þátt í forvali vegna lokaðs útboðs á verkið „Sundlaug Grindavíkur, utanhússbreytingar"

**Lauslegt yfirlit yfir verkið:**
Endurbætur á suðurhluta sundlaugar Grindavíkur sem staðsett er á Austurvegi 1, Grindavík.

Um er að ræða endurbætur á gluggakerfi, sem skal endurnýja með blöndu af álglerkerfi og polycarbonate plötum. Vindgrindur eru festar á stálsúlur fyrir framan álgluggakerfið.

**Helstu verkþættir eru:**
- Rif og förgun á ál tré glerkerfis, hluta þakkants, gólfefna, hurða og skjólveggja.
- Uppbygging: uppsetning á ál glerkerfi, polycarbonate plötum, vindgrindum, skjólveggjum, endurnýjun á þakkanti og málun.

**Helstu magntölur uppbyggingar eru:**

| | |
|---|---|
| • Álgluggakerfi | 92 m² |
| • Polycarbonate | 92 m² |
| • Vindgrindur | 160 m² |
| • Þakkantur | 25 m² |

Allt að 4 verktökum sem uppfylla tiltekin skilyrði verður boðin þátttaka í útboðinu.

Óskað er eftir verktökum með reynslu af álgluggakerfum.

Einnig er óskað eftir yfirliti um 2 sambærileg verk sem verktaki hefur unnið.

Gluggakerfið er lagt til af verkkaupa.

**Verkinu skal að fullu lokið þann 1. desember 2016**

Áhugasamir sæki um forvalsgögn á netfanginu armann@grindavík.is og gefa upp nafn fyrirtækis og upplýsingar um tengilið. Gögn verða send út á rafrænu formi frá og með mánudeginum 8. ágúst 2016.

Forvalsgögnum skal skilað inn eigi síðar en miðvikudaginn 10. ágúst 2016, kl. 15:00.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um próf til viðurkenningar bókara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2016 sem hér segir:

- **Prófhluti I**: Reikningshald 13. október 2016 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.
- **Prófhluti II**: Skattskil og upplýsingatækni 24. nóvember 2016 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.
- **Prófhluti III**: Raunhæft verkefni 10. desember 2016 – prófið hefst kl. 12 og stendur til kl. 17.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 686/2015 um próf til viðurkenningar bókara og prófefnislýsingu sem birt er á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is.

Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 29.000.

Próftökugjöld skal greiða í síðasta lagi fjórum vikum fyrir hvern auglýstan prófdag. Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftökumaður sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir prófmenn skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is – www.atvinnuvegaraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/ vidurkenndir-bokarar/

*Reykjavík, 5. ágúst 2016*
*Prófnefnd viðurkenndra bókara*

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**Vogabakki**
**Yfirborðsfrágangur 2016**

Verkið felst í yfirborðsfrágangi á 70 m breiðu og 145 m löngu baksvæði Faxaflóahafna við Vogabakka inni á athafnasvæði Samskipa. Skafa skal núverandi yfirborð og setja í réttar hæðir. Púkkmulningi/biksmygið púkk skal síðan lagt yfir og svæðið malbikað. Verktaki skal einnig annast jarðvinnu lagna og leggja fráveitu- og vatnsveitulagnir.

Umfang verks:

| | |
|---|---|
| • Malbikun, 6 cm þykkt | 10.350 m² |
| • Púkkmulningur, breytileg þykkt | 13.350 m² |
| • Fráveitulagnir, Ø250 ST | 420 m |
| • Fráveitubrunnar | 8 stk |
| • Niðurföll | 22 stk |
| • Vatnsveitulagnir, PEH 200 | 64 m |
| • Vatnsveitulagnir, PEH 32 | 130 m |

Útboðsgögnin verða afhent hjá Hnit verkfræðistofu h.f., Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík frá og með **þriðjudeginum 9. ágúst** n.k.

Tilboðum skal skila til Skrifstofu Faxaflóahafna sf. , Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík fyrir **klukkan 11:00, mánudaginn 22. ágúst 2016.** Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma.

**Verklok eru 21. október 2016.**

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

# ÓSKAST TIL LEIGU

**VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ**
**HÚSNÆÐI ÓSKAST TIL LEIGU**

**20392** - Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir velferðarráðuneytið. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 10 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um góða staðsetningu, á miðborgarsvæði höfuðborgarinnar eða næsta nágrenni þess, einnig um gott aðgengi og næg bílastæði.

Húsrýmisþörf velferðarráðuneytisins er áætluð um 2.250 fermetrar (brúttó) og er um hefðbundið skrifstofuhúsnæði að ræða.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is þriðjudaginn, 26. júlí 2016.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulag þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, öryggis, afhendingatíma, staðsetningu, aðkomu og bílastæðum.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 20392 skulu sendar á netfangið www.utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

Fyrirspurnarfrestur rennur út 16. ágúst 2016 en svarfrestur er til og með 19. ágúst 2016.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en kl. 12:00 þriðjudaginn 23. ágúst 2016.

Merkja skal tilboðin; nr. 20392 – Leiga á húsnæði fyrir velferðarráðuneytið.

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. a. lið 1. mgr. 6a. gr.

Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar um:

- Afhendingartíma húsnæðis
- Staðsetningu, stærð húsnæðis og tillöguteikningar
- Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu,
- Leiguverð per/m2 og heildarleiguverð
- Húsgjöld
- Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag
- Önnur atriði eftir tegund verkefnis

**Sjá þessa og aðrar útboðstilkynningar á utbodsvefur.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

# ÚTBOÐ

## ÞINGVELLIR – HAKIÐ GESTASTOFA, STÆKKUN

**ÚTBOÐ NR. 20248 -** Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. forsætisráðuneytisins, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við byggingu 1.057 m² gestastofu á Hakinu við Þingvöll.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Mótafletir | 2.600 m² |
| Steinsteypa | 450 m³ |
| Tvöfaldur asfaltpappi | 1.000 m² |
| Torf á þök | 660 m² |
| Gröftur fyrir húsi | 1.700 m³ |
| Losun klappar | 1.500 m³ |

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 3. september 2017. Útboðsgögnin verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is frá og með þriðjudeginum 19. júlí 2016. Fyrirspurnarfrestur er til 17. ágúst. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 24. ágúst 2016 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

# ÚTBOÐ

## Útboð 20277
## Útboð á færsluhirðingu fyrir ÁTVR

Ríkiskaup, fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) 410169-4369, óska eftir tilboðum í færsluhirðingu á eftirfarandi debet- og kreditkortum:

**Visa electron, Maestro, Visa, Master/Eurocard**

Ekki er heimilt að bjóða í einstakar ofangreindar kortategundir. Einnig óskar ÁTVR eftir tilboðum í önnur kort sem eru samþykkt og er valkvætt að bjóða í.
Þau kort eru American Express, JCB og Union Pay.
Nánari lýsing á umfangi og þjónustu er að finna í útboðsgögnum sem verða aðgengileg á vefsíðu Ríkiskaupa í sl. **miðvikudaginn 10. ágúst nk.**

**Sjá þessa og aðrar útboðstilkynningar á utbodsvefur.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# ÚTBOÐ

## Skarðshlíð I. áfangi

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð og lokafrágang núverandi gatna í Skarðshlíð I. áfanga vegna breytts skipulags í hverfinu, ásamt breytingum á frá-veitulögnum, neysluvatnslögnum og lögnum veitna.

Útboðsgögn verða seld hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, Norðurhellu 2, frá og með þriðjudegi 26. júlí 2016. Verð kr. 5.000.-

Tilboð verða opnuð á sama stað, mánudaginn 15. ágúst 2016, kl. 11:00.

**Helstu magntölur eru:**

| | | |
|---|---|---|
| Uppúrtekt úr götum og stéttum | 1.870 | m3 |
| Hreinsun yfirborðs í núverandi götum | 5.165 | m2 |
| Upphækkun núverandi brunna | 24 | stk. |
| Upphækkun núverandi niðurfalla | 30 | stk. |
| Snjóbræðslulagnir | 920 | m |
| Lagnaskurðir fyrir veitur | 450 | m |
| Neðra burðarlag | 1.240 | m3 |
| Efri burðarlög | 5.950 | m2 |
| Malbikun | 5.810 | m2 |

Verklok eru 1. nóvember 2016

HAFNARFJARÐARBÆR
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA
hafnarfjordur.is
585 5500

HAFNARFJÖRÐUR

# ÚTBOÐ

## Ferðaþjónusta fatlaðra 2016 – 2021

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í akstur með fatlaða einstaklinga búsetta í Kópavogi.

Verkið felst í móttöku ferða beiðna, skipulagningu ferða og akstri farþega milli áfangastaða á höfuðborgarsvæðinu. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

**Helstu magntölur eru:**

- **Fjöldi ferða 55.000 ferðir/ári**

Samningstíminn er 5 ár frá 1. desember 2016 með heimildarákvæði um framlengingu um 2 ár.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 - í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð, frá og með þriðjudeginum 9. ágúst nk.

Tilboðum skal skila á sama stað þriðjudaginn 30. ágúst 2016 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# ÚTBOÐ

## Ræstingar í sundlaugum

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í ræstingar í sundlaugum í Kópavogi.

Verkið felst í annarsvegar ræstingum í Sundlaug Kópavogs og hins vegar ræstingum í sundlauginni Versölum í Kópavogi. Um er að ræða samfelldar og reglubundnar ræstingar samkvæmt lýsingu. Boðið verður uppá vetvangsskoðun 16. ágúst 2016 kl. 10:00 í Versölum og kl.11:00 í Sundlaug Kópavogs.

**Helstu magntölur eru:**

- **Gólffletir Sundlaug Kópavogs 1.596 m²**
- **Gólffletir Versalir sundlaug 1.155 m²**

Samningstíminn er frá 1.október 2016 til 30. september 2021.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð frá og með þriðjudeginum 6. ágúst 2016.

Tilboðum skal skila á sama stað þriðjudaginn 23. ágúst fyrir kl. kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

*Bæjarsjóður Kópavogs.*

Kópavogsbær
kopavogur.is

FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR

## Útboð á framkvæmdum vegna rennibrauta og heitra potta á svæði Sundlaugar Akureyrar.



Fasteignir Akureyrar óska eftir tilboðum eftirfarandir verkþætti:

- Jarðvinnu
- Steypusögun
- Burðarvirki
- Lagnir
- Raflagnir
- Loftræstilagnir

Útboðsgögn verða tilbúin til afhendingar á rafrænu formi frá og með **25. júlí 2016** í gegnum netfangið dora@akureyri.is.

**Kynningarfundur og vettvangsskoðun verður miðvikudaginn 10. ágúst 2016 kl. 13.00.** Kynningarfundurinn verður haldinn í bæjarstjórnarsal Ráðhúss Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 4. hæð og í framhaldinu gefst bjóðendum kostur á að skoða aðstæður á verkstað.

**Tilboðum skal skila fyrir kl. 10.00 þriðjudaginn 23.ágúst 2016** til Fasteigna Akureyrarbæjar Geislagötu 9, 4. hæð, 600 Akureyri og verða tilboðin opnuð á sama tíma að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Fasteignir Akureyrarbæjar áskilja sér þann rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**

# Sunnubraut 50
**efri sérhæð með bílskúr**



## OPIÐ HÚS
**þriðjudaginn 9.ágúst kl.17:30-18:00**



- Efri sérhæð, mikil lofthæð, tvennar svalir
- Skráð hjá FMR 162,8 m², þar af er íbúðin 135,6 m²
- Bílskúr að stærð 27,2 m²
- Glæsilegt sjávarútsýni
- Nokkrir metrar skilja á milli lóðar og sjávarmáls



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **59,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Básbryggja 15
**íbúð 301**



## OPIÐ HÚS
**mánudaginn 8.ágúst kl.17:30-18:00**



- Einstök íbúð að stærð 148,3 m²
- Þrjú svefnherbergi, eitt þeirra mjög rúmgott
- Gott eldhús opið inn í stofu
- Mjög rúmgott baðherbergi
- Fallegir boga gluggar sem setja mikinn svip á eignina



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **48,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Eignarlóð í Grímnes- og Grafningshreppi

Sumarhúsalóð við Jónslaut nr. 1, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er eignarlóð, 10.000,0 fm. að stærð. Aðkoma að lóðinni er frá Grafningsvegi og liggur lóðin vatnsmegin við Grafningsveg með fallegu útsýni yfir Þingvallavatn. Heimilt er að reisa allt að 150,0 fm. sumarhús úr timbri á lóðinni. Sér borhola fyrir kalt vatn er á lóðinni.
**Verð 9,5 millj.**

### Eignarlóðir við Þingvallavatn

7.400 fermetra eignarlóðir niður við Þingvallavatn
Höfum fengið til sölumeðferðar tvær 7.400 fm. samliggjandi vatnslóðir á einstökum stað alveg niður við Þingvallavatn í landi Villingavatns, samtals 1,48 hektarar að stærð.
Skv. nýju deiliskipulagi má byggja allt að 223ja fermetra hús á hvorri lóð, þar af allt að 40 fermetra bílskúr/bátaskýli. Frá lóðunum nýtur óhindraðs útsýnis yfir Þingvallavatn og til fjalla.

### Sturlureykir - Borgarfirði

Sturlu-Reyki 1 í Borgarfirði. 1/15 hluta jarðarinnar Sturlu-Reykir 1, sem er 200 ha. afgirt lögbýli og séreignarhluta uppá 0.52 ha. fyrir sumarbústað. Lóðin er nr. 11. Jörðin er í 95 km. fjarlægð frá Reykjavík, á milli Reykholts og Kleppjárnsreykja, rétt við Deildartunguhver. Á jörðinni eru heimilaðar 15 sumarbústaðalóðir ( 12 eru byggðar) og er staðsetning sumarhúsa skipulögð þannig að hver lóð hefur mikið næði. Auk þess eiga allir sameigendur „gamla bæinn" fullbúið, mikið endurnýjað, tveggja hæða steinhús, sem nýtt er af eigendum eftir skráðum reglum og samkomulagi.
**Verð 18,9 millj.**




# Glæsilegt einbýlishús við Fjólugötu

Glæsilegt 473,3 fm einbýlishús við Fjólugötu í Þingholtunum. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara. Tvöfaldur sérstæður bílskúr með geymslu og sólstofu. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu m.a. yfir Tjörnina.

Húsið var endurnýjað/endurbyggt að nánast öllu leyti árið 2002 og var hvergi til sparað. Mikil áhersla var lögð á að halda í upprunalegt útlit hússins m.a. hvað varðar þak hússins, gluggasetningu og skipulag. Frá þessum tíma hefur verið gott viðhald á húsinu.

**Möguleiki á séríbúð í kjallara**

**Húsið skiptist þannig**

1. hæð: tvær stofur, borðstofa, eldhús, búr, snyrting og gangur. Aðalinngangur og einnig bakinngangur innaf eldhúsi.

2. hæð: þrjú herbergi, stórt fataherbergi, tvö baðherbergi og gangur.

Kjallari: þrjú herbergi, kæld geymsla, þvottahús, eldhúsaðstaða, baðherbergi, snyrting, rúmgóð geymsla og gangur. Sérinngangur er í kjallara.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

**Sverrir Kristinsson**
*Löggiltur fasteignasali*
sverrir@eignamidlun.is
588 9090 / 861 8514



**· Óskað er eftir tilboðum í eignina**

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Til sölu

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í gólflögnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og íbúðarhúsnæði

- Vel rekið og arðbært fyrirtæki
- 200 milljón króna velta / EBITDA 50 milljónir
- Mikil veltuaukning milli ára
- Gott orðspor / Mikil góðvild
- Tækifæri til veltuaukningar
- Stórir viðskiptavinir
- Mörg verkefni framundan



**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fyrirtækja, fasteigna- og skipasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Við leitum að ...

Rað eða parhúsi í Linda, Sala eða Smárahverfi, má vera á einni eða tveimur hæðum.

Sérbýli (rað, par eða einbýlishúsi). Í póstnr. 201 eða 203 Kópavogi. Bein kaup eða skipti á 4ra herbergjaíbúð í Lindahverfinu.

Rað, par eða einbýlishús í Garðabæ, bein kaup eða skipti á glæsilegri íbúð í Sjálandshverfinu Garðabæ.

3-4ra herbergja íbúð í Akrahverfi Garðabæ

Stórri íbúð eða hæð við Baugakór Kópavogi eða nágrenni.



Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
aðstoðm. fast.
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsso**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gh@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**


LG G5
GLOMO AWARDS
THE GLOBAL MOBILE AWARDS
2016
EDITORS CHOICE
ANDROID AUTHORITY
life's good when you play more
~~99.900,-~~
79.900,-
SAMSUNG
Galaxy S7
~~109.900,-~~
99.900,-
SAMSUNG
Galaxy S7 edge
~~129.900,-~~
119.900,-
iPhone SE
69.900,-
PÓSTURINN
Sendum frítt
Krókhálsi 5c
Sími 546-9000
emobi.is
bara gott verð

# ALLIR VELKOMNIR Á GRÍMSÆVINTÝRI

Hið árlega Grímsævintýri verður á Borg í Grímsnesi í dag. Það er Kvenfélag Grímsneshrepps sem stendur fyrir hátíðinni sem hefur glatt Grímsnesinga og aðra undanfarin ár.

Á hátíðinni verður fjölmargt til skemmtunar. Hin árlega tombóla verður á sínum stað en hún er nú haldin í nítugasta sinn í ár og á því stórafmæli. Handverks- og matarmarkaður verður í íþróttahúsinu og bókamarkaður verður á staðnum, Hjálparsveitin Tintron sýnir tæki sín og tól og skátarnir á Úlfljótsvatni verða með útieldhús þar sem hægt verður að poppa og baka brauð yfir opnum eldi.

Sirkus Íslands fer á kostum og Leikfélagið Borg skemmtir gestum með sögum af persónum úr Grimmsævintýrum. Þá er frítt í sund og tilboð á ís í Verzluninni á Borg svo fátt eitt sé nefnt.

Aðgangur að hátíðinni er ókeypis og allur ágóði af tombólunni rennur til góðgerðar- og líknarmála innanlands.



**Persónur úr Grimmsævintýrum skemmta gestum á Grímsævintýri.**






# ÆÐISLEG BLÁBERJAKAKA MEÐ VANILLUSÓSU

Þessi bláberjakaka er nauðsynleg með kaffinu nú þegar berjatíminn er að hefjast fyrir alvöru. Á kökunni er mulningur (e. crumble) sem passar vel með berjabragðinu.

## ÞAÐ ER ÞÆGILEGT AÐ GERA KÖKUNA

**Botninn**

- 200 g hveiti
- 150 g smjör
- 1 msk. sykur
- 1 eggjarauða

**Bláberjafylling**

- 400 g bláber (má nota frosin)
- 2 dl bláberja- eða hindberjasulta
- 2 ½ dl kartöflumjöl

**Mulningur**

- 80 g hveiti
- 80 g púðursykur
- 80 g smjör
- 50 g haframjöl
- 30 g hakkaðar heslihnetur og möndlur

**Vanillusósa**

- 3 dl mjólk
- 3 dl rjómi
- 1 vanillustöng
- 110 g sykur
- 6 eggjarauður

**Aðferð við botn**

Blandið saman hveiti, sykri og smjöri. Hrærið eggjarauðum saman við einni í einu. Pakkið deiginu inn í plastfilmu og geymið í ísskáp í um það bil 30 mínútur.

Fletjið deigið út og leggið í bökuform. Pikkið í deigið með gaffli og bakið síðan í 180°C heitum ofni í 15 mínútur eða þar til deigið fær á sig gullinn blæ.

**Bláberjafyllingin**

Blandið saman bláberjum, sultu og kartöflumjöli og hellið yfir botninn.

**Mulningur**

Blandið saman öllu sem á að fara í mulninginn og dreifið yfir bláberin. Setjið aftur í ofn við 180°C og bakið í 20 mínútur.

**Vanillusósa**

Vanillusósan er gerð með því að sjóða upp mjólk, róma, vanillustöngina og 1/3 af sykrinum. Þeytið restina af sykrinum með eggjarauðunum. Hellið síðan heitu mjólkurblöndunni saman við eggin hægt og rólega meðan hrært er í. Hitið rólega upp aftur þar til sósan þykknar. Sigtið sósuna og kælið.

# Alhliða garðaþjónusta allan ársins hring

Bræðurnir **Hjörleifur Björnsson** og **Róbert Bjargarson** reka garðyrkjufyrirtækið Garðaþjónustu Íslands. Fyrirtækið tekur að sér alhliða garðvinnu og viðhald allan ársins hring fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.

„Við erum alhliða garðaþjónusta með öflugar viðhaldsdeildir. Við sjáum um allt sem viðkemur garðinum, slátt, beðahreinsun, trjáklippingar og fleira, fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Þá erum við einnig öflugt verktakafyrirtæki og tökum að okkur lóðabreytingar og meiriháttar hellulagnir og smíðavinnu,“ segir Hjörleifur Björnsson, annar eigandi Garðaþjónustunnar, en fyrirtækið rekur hann ásamt bróður sínum, Róberti Bjargarsyni.

„Við erum fyrst og fremst á einstaklingsmarkaðnum og einbeitum okkur að því að þjónusta einkagarða. Í viðhaldsþjónustu hjá okkur allt árið er einnig mikið af húsfélögum í bland við einstaklinga. Þá sjáum við um allt frá A til Ö sem viðkemur garðinum og bílaplani. Á veturna felst þjónustan í hálkueyðingu, söndun og snjómokstri. Á vorin og sumrin tekur svo við hefðbundin garðyrkja, s.s. klippingar, sláttur o.s.frv.

## Persónuleg þjónusta

„Garðaþjónusta Íslands er ekki stórt fyrirtæki og við viljum ekki vera það, einfaldlega vegna þess að við viljum gera hlutina vel og hafa yfirsýn yfir starfsemi okkar,“ segir Hjörleifur. „Við viljum taka að okkur minna og gera það þá betur og leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu. Við erum ekki í færibandavinnu.“

> Garðaþjónusta Íslands er ekki stórt fyrirtæki og við viljum ekki vera það, einfaldlega vegna þess að við viljum gera hlutina vel og hafa yfirsýn yfir starfsemi okkar. Við viljum taka að okkur minna og gera það þá betur og leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu.
>
> Hjörleifur Björnsson

## Fagmenn

„Við höfum fagmenntað fólk í okkar hópi og hjá okkur starfar meðal annars skrúðgarðyrkjufræðingur. Þar að auki búum við yfir gríðarlegri reynslu, sem að hluta til er komin til vegna þess að við stofnuðum fyrirtækið 2008 þegar lítið var um stærri framkvæmdir og við þurftum því að taka að okkur öll verk sem buðust. Þess vegna hefur fyrirtækið þróast út í að vera mjög sterk alhliða garðaþjónusta og mjög vel tækjum búið í alla garðyrkju og framkvæmdir.“

## Skipulag fram í tímann

Hjörleifur segir sprenginguna hafa orðið á markaðnum á síðasta ári og fyrirspurnum og verkefnum fjölgaði svo um munaði. Því þurfi fólk að skipuleggja framkvæmdir vel fram í tímann en nú eru þeir að taka niður bókanir fyrir haustið 2016.

„Nú er sá tími árs að ganga í garð þar sem eftirspurnin verður mikil. Á síðasta ári varð alger sprenging og við lentum í því í fyrsta skipti að geta ekki einu sinni svarað öllum fyrirspurnum. Það er liðin sú tíð að hægt sé að hringja í garðyrkjumann og hann er kominn eftir viku. Fólk þarf að hugsa fram í tímann varðandi framkvæmdir sem á að fara í, hellulagnir, pallasmíði og annað; hafa samband og skipuleggja fram í tímann,“ segir Hjörleifur.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.garda.is.**


Hjörleifur Björnsson og Róbert Bjargarson reka Garðyrkjuþjónustu Íslands. MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR




## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAMIÐSTÖÐIN



KIA Rio lx 1.4 disel. Árg 2016, ek 31 Þ.KM, dísel, 6 g. V. 2.090 þús. Rnr.100504. Bíllinn er á staðnum hjá okkur. Bílamiðstöðin s.517 4500



RENAULT Clio Sport tourer. Árg 2016, ek 35 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 2.690 þús. Rnr.100784. Bíllinn er á staðnum hjá okkur. Bílamiðstöðin s.517 4500



KIA Ceed Ex World cup edition. Árg 2015, ek. 26 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 3.390 þús. Rnr.100312. Bíllinn er á staðnum hjá okkur. Bílamiðstöðin s.517 4500



SUZUKI Swift Sjálfskiptur. Árg 2015, ek 47 Þ.KM, bensín, sjálfsk. V. 2.090 þús.. Rnr.100193. Bíllinn er á staðnum hjá okkur. Bílamiðstöðin s.517 4500



EINN EIGANDI . CHEVROLET Aveo dísel. Árg 2013, ek 49 Þ.KM, dísel, 5 gírar. V. 1.890 þús . Rnr.100161 . Bíllinn er á staðnum hjá okkur. Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



FORD MONDEO DIESEL nýskr. 08/2008, ekinn 212 Þ.km, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 999.000 kr. 100% lán í boði! Raðnr.255394 á BILO.is



MMC PAJERO GLS nýskr. 05/2000, ekinn 220 Þ.km, 3,5l bensín, sjálfskiptur. Það er leður, sóllúga ofl. svo er hann 7 manna! TILBOÐ 699.000 kr. 100% lán í boði! Raðnr. 255402 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

100bilar.is bílasala



Mazda 3 Vision, 5/2015, ekinn 63.000, taubíll, tilboðsverð 2790,- þús, ásett verð 2990,- þús, er á staðnum, raðnr 230008

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**






## Bílar til sölu



**3 HEIL SÆTI Í AFTURRÖÐ**
Peugeot 5008 árg. '13 ek. 57 þús. beinsk. bensín 1600. Kr. 2490 þús. S: 8247590



Land Cruiser 150 GX. ek.130 þús/km. Árg. 2011. V. 6.150.000 S. 6608107 / 6953537



Mitsubishi Lancer árg.'08 ek 150þús sk.'17, sjálfsk. Verð 1.590 þús. Skoða skipti. Uppl. í s. 899 9066



Dekureintak-PEUGEOT 206+, árgerð 2012, ekinn 85 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Ásett verð kr. 1.180.000, tilboðsverð kr.1.000.000. Sími 8992077



Toyota Raf 2001. Skoðaður 2016. Ek.134 þús Km. Verð 850 Þús. Sími 8617202.



**TOYOTA AVENSIS 2003 - 790.000 KR**
TOYOTA AVENSIS WAGON SOL árg. 2003. Ekinn 235.000 Sjálfskiptur. Vél upptekinn hjá Toyota í 84 þús km. er því ekinn 151 þús. frá upptöku. Skyggðar rúður Allt nýtt í bremsum. Hjólalegur framan. Ný smurður. Uppl. í síma 8220102 Verð 790.000. Bein sala

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Vörubílar



M. Benz Actros 2646 með malarvagni til sölu. Ekinn 140.000km. Árgerð 2007. Verð 6,9m+vsk. Áhugasamir hafið samband í S:660-0040.

## Húsbílar




## Fjórhjól



Til sölu Fjórhjól Arctic Cat 650, árg 2005. Ekið 2200km. Verð 800þ. Uppl. 892-9669

## Hjólhýsi



**HJÓLHÝSI Á LAUGARVATNI**
Dethleffs, árg.'91, 20fm. Lítur mjög vel út. 2ja hásinga. Hjónarúm og allt innifalið. Nýlegur pallur og skjólgirðing í kring ásamt geymsluskúr. Verð 1,5 milljón. S. 8958840

## Lyftarar




## Bátar




**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin. Heimavík nú Höfðabakka 1, S. 555 6090 www.heimavik.is

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**Garða og heimilisþrif**
**Hringdu og fáðu verðtilboð!**
**Við komum með brosið, förum með ruslið.**
**Sími 861 8752**

## Bókhald

Tek að mér bókhald fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Viðurkennd réttindi og góð reynsla. MD bókhald ehf sími 616-9480

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SMIÐIR**
**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímapantanir f. sólpallasmíði f. sumarið 2016.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar**




**Parket Útlit ehf**
Við sjáum um viðhald á gólfum. Gerum staðbundnar viðgerðir, slípum upp gamalt, leggjum niður nýtt.
Tökum einnig að okkur sólpalla.
Erum á Facebook, hafðu samband í s: 692-7131 (stefan@parketutlit.is)
Þitt val, okkar þekking.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA



Stiga Estate 7102 H
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 25.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur



Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í 105, laust strax. Uppls í síma 6900978

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Einhleypur, reyklaus, snyrtilegur og reglusamur miðaldra skrifstofumaður óskar eftir stúdíóíbúð eða herbergi með aðgangi að eldhúsi og snyrtingu, í lok ágúst eða fyrr, á Höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning ekki fyrirstaða. Uppl. Sigurbjörn s: 867-3707 & bjornbondi@gmail.com

Óska eftir húsnæði til mánaðarmóta. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Höfuðborgarsvæði. S. 6113868

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

## Sumarbústaðir



Til sölu eignarland í landi Ormstaða Grímsnesi. Tilbúinn að taka bíl sem greiðslu. Verð 2.6m en fer í 1.7m S. 6917834

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KÖKUHÚSIÐ AUÐBREKKU**
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu og aðstoðar í bakaríinu. Fullt starf.
Vinnutími 10-17
**Uppl. gefur Björk í s. 693 9091.**

**NONNABITI**
Hressa og duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.
**Umsóknir sendist á nonnabiti@nonnabiti.is eða S. 699 1095 Elmar**



**STARFSMAÐUR ÓSKAST Í RÓTGRÓNA VEIÐIBÚÐ Í RVK.**
Stundvísi, heiðarleiki, snyrtimennska, góð framkoma og þekking á stangveiði er skilyrði. Um framtíðar starf er að ræða. Ef þú þekkir ekki fluguna á myndinni þá er þetta ekki starfið fyrir þig !
Sendið CV eða ferilskrá á zircon@simnet.is

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf, 11-11 vaktir og einnig í hlutastarf á kvöldin og um helgar. Ath. lágmarksaldur 18 ár og íslenskukunnátta er skilyrði. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.

Vinsælt veitingahús í miðbænum óskar eftir að ráða vandvirkan kokk til starfa. Vsml. sendið umsókn ásamt ferilskrá á starf. restaurant@gmail.com

Popular restaurant in center of Reykjavík is looking for a proficient cook. Please send an application and CV to starf. restaurant@gmail.com

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**
Óskum eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslustörf í Holtagörðum.
**Vinsamlega hafið samband við Lindu 863-7579 eða á linda@joifel.is**

**PROCAR BÍLALEIGA Í KEFLAVÍK**
óskar eftir starfsmönnum í eftirfarandi störf. Afgreiðsla og almenn þjónusta við viðskiptavini. Bílaþvottur ásamt tilfallandi verkefnum.
Unnið er á vöktum og bjóðum við uppá ferðir á milli Reykjavíkur og Keflavíkur fyrir þá starfsmenn sem búa á höfuðborgarsvæðinu.
**Áhugasamir sendi umsókn á gunnarb@procar.is**

**RÆSTINGAR**
Ræstingaþjónustan auglýsir laus ræstingastörf á daginn og kvöldin á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi. Hreint sakavottorð og íslensku/enskukunnátta skilyrði.
**Umsóknir berist rth@rth.is eða á skrifstofutíma í síma 510-1311.**

**CLEANING JOBS**
Ræstingaþjónustan offers daytime and evening cleaning jobs in Reykjavik and in Selfoss. Clean criminal record and Icelandic/English language skills required.
**Send applications to rth@rth.is, or call 510-1311 during office hours.**

**RAFVIRKJAR RAFVIRKJAR**
Er ekki kominn tími á að breyta til? Rafvirkjar Reykjavíkur vantar rafvirkja eða nema í skemmtilega og hreinlega innivinnu. Unnið er við ljósleiðara, tölvulagnir, myndlykla, tölvur og ýmsan annan smáspennubúnað. Ýmis hlunnindi fylgja starfinu og samkeppnishæf laun.
**Upplýsingar í síma 6604090 Birgir einnig má senda póst á netfangið rar@rar.is**

Bakarameistarinn

**BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI.**
leitar eftir ábyrgðarfullum, duglegum einstaklingum í pökkun, umsjá með dreifingu, tiltekt og aðstoð við bakara í vinnslusal. Helstu kröfur eru sjálfstæð - skipulögð vinnubrögð, sveigjanleiki og jákvæðni. Starfið er fjölbreytt, krefjandi og hentar mjög vel fyrir morgunhana. Vinnutími er : 05:00-13.00 Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
**Áhugasamir umsækjendur geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is eða í s. 864 7733 Óttar**

**STARFSKRAFTAR ÓSKAST**
Óskum eftir starfskröftum bæði í fullt starf og hlutastarf í Litlu Kaffistofuna við Suðurlandsveg. Viðkomandi þurfa að vera vanir afgreiðslu og eldhússtörfum. Þurfa að geta byrjað sem fyrst og hafa bíl til umráða. Allar frekari upplýsingar veitir Halla í síma: 6596676 eða hallveigbjork@gmail.com

**FISKVINNSLA Í HAFNARFIRÐI LEITAR EFTIR VÖNUM VERKSTJÓRA Í FISKMÓTTÖKU.**
Viðkomandi þarf að geta leyst framleiðslustjóra af. Einnig vantar starfsfólk í snyrtingu, pökkun og almenna fiskvinnu.

Upplýsingar í síma 565-0830 á milli 9.00 og 15.00. Einnig er hægt að senda póst á vinna@hamrafell.is

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

Óska eftir röskri og vandvirkri að þrífa 3ja herb. íbúð. Sv. 104 Uppl. í s. 588 6221

Óska eftir að ráða harðduglegan og vandvirkan starfskraft í bílaþrif. Umsóknir sendist á bilathrif1@gmail.com

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

**KORNIÐ/FJARÐARBAKARÍ**
Skólafólk óskast í hlutastörf, önnur hver helgi í vetur. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Óska eftir þrifum í heimahúsi alla virka daga, 4 tíma á dag. Vinsamlegast hafið samband í síma 8959070 eða í netfangið olgamariao@gmail.com

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

Matsvein vantar á 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522

**FISKVINNSLA Í HFJ.**
Óska eftir vönu starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Einnig vantar starfsmann í útkeyrslu, ásamt tilfallandi verkefnum. Uppl. í s. 824 3180



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

**LOK Á HEITA POTTA**



- **Einangrunarlok**
- **Yfirbreiðslur**
- **Metum ástand og gerum við**

*www.fjardarbolstrun.is*
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
***Varahlutaþjónusta***
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is




# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## atvinna

### Bílaþjónusta N1 leitar að liðsstyrk

**Við leitum að þjónustuliprum reynslubolta, bifvélavirkja eða viðgerðarmanni á smur- og hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu.**

**Helstu verkefni:**
- Almennar bílaviðgerðir
- Smur- og hjólbarðaþjónusta

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af bílaviðgerðum
- Samskiptafærni og vönduð vinnubrögð

Áhugasamir sendi inn umsókn á **www.n1.is** – merkt bílaþjónusta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma **440 1030**, dagur@n1.is

Framúrskarandi fyrirtæki · JAFNLAUNA VOTTUN VR · N1

Endalaust sumar

# ENDALAUS GSM
# 2.990 KR.

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*

EKKI HAFA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMAR!

Settu þig í samband og fáðu Endalausan GSM · 1817 | 365.is

## til sölu

### FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR MATGÆÐINGA!

Til sölu fyrirtæki í framleiðslu á tilbúnum matréttum með aðstöðu í glæsilegu veislueldhúsi, miklir möguleikar bæði að auka framleiðslu og veisluþjónustu/catering. Góð velta og vel rekið fyrirtæki sem er staðsett á Suðurnesjum en sá möguleiki er opinn að flytja starfsemina ef hentar.

**Sendið inn fyrirspurn með fullu nafni og símanúmeri á: matvara777@gmail.com**

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## skemmtanir



BOLTINN Í BEINNI

# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*




# Hljómsveitin Klettar

## Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.

Allir velkomnir

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

sem skemmtanaþyrstir Íslendingar ættu að kannast við: Lokunartíma skemmtistaða, mómentið þegar ljósin eru kveikt og eftir stendur strípaður veruleikinn. „Fantasían hverfur. Það er ótrúlega skrýtið þegar það gerist inni á strippstað sem er svona ótrúlega mikið leikhús, fantasía og erótík og allt í einu er allt lýst upp með flúorljósum og búið að loka staðnum.“

**Heim með hausverk**

Olga hélt dagbók á meðan hún starfaði á staðnum og er STRIPP byggt á færslum úr henni. „Ég skrifaði niður pælingar mínar um þetta allt saman og það sem gerðist í þessum aðstæðum sem ég var í. Verkið er byggt á minni sögu en við erum líka að leika okkur að mörkum veruleika og skáldskapar og leyfum okkur að nálgast efnið á einlægan og fyndinn hátt.“

Í verkinu er ekki tekin afstaða með eða á móti slíkri starfsemi og segir Olga það hafa verið ljóst frá upphafi að það yrði ekki gert. „Við föttuðum strax að við vildum ekki setja fram einhverjar skoðanir með eða á móti strippstöðum. Þeir eru náttúrulega ólöglegir á Íslandi og svo veit ég ekki alveg hvað mér sjálfri finnst um þá.“

Hún segir markmið verksins að segja raunverulega sögu á fyndinn og einlægan hátt. Þrátt fyrir að fjalla um þessa afmörkuðu reynslu snerti sagan og verkið þó á ýmiss konar málefnum og nefnir Olga sem dæmi efnahagsástandið, skuldir og stöðu ungra kvenna í nútímasamfélagi.

„Stundum er alveg búið að vera þungt að pæla í þessu og maður kemur heim með hausverk. Við erum búin að ræða takmörkuð hlutverk kvenna í samfélaginu, ólíkt aðgengi að peningum og skuldir sem eru áberandi í íslensku samfélagi í dag.“ Hópurinn nálgast umfjöllunarefni verksins með húmorinn að leiðarljósi og markmiðið er ekki að planta hugmyndum í höfuð áhorfenda. „Við viljum ekki ákveða fyrir áhorfandann hvað honum á að finnast. Frekar velta upp spurningum og skapa umræðu.“

Líkt og áður sagði vinnur Olga verkið með leikhópnum Dance for Me sem skipaður er þeim Pétri Ármannssyni og Brogan Davison. „Ég vissi hvernig þau voru búin að vinna áður með raunveruleikann á sviði og fannst eins og þetta gæti orðið spennandi samstarf,“ segir Olga og bætir við að vinnan við verkið hafi gengið vel þó hún viðurkenni að umfjöllunarefnið sé að mörgu leyti talsvert þungt. „Þó að þetta sé mín persónulega saga þá er þetta ótrúlega flókið efni. Sú staðreynd að konur skuli vinna við að fara úr fötunum fyrir pening og séu jafnvel töluvert betur launaðar við það starf heldur en mörg önnur störf finnst mér vera vandamál en ég vil samt ekki að mínar skoðanir komi of sterkt fram. Ég held að sé áhugaverðara fyrir áhorfendur að þær komi ekki of sterkt í gegn í sýningunni.“

Þegar Olga er spurð að því hvort að hún sjái eftir þessari reynslu svarar hún eftir stuttan umhugsunartíma að hún sjái ekki eftir henni þó hún viti ekki enn alveg hvað henni þyki um starfið og sé raunar ekki viss um að komast nokkurn tíma að niðurstöðu.

„Ég er búin að fara í svo marga hringi með þetta nú þegar þannig að ég er ekki viss um að ég muni nokkurn tíman komast að einhverri lokaniðurstöðu. Þetta er svo flókið og ólík hugmyndafræði sem togast á í manni varðandi þetta. Hugmyndin um frelsi einstaklingsins til þess að gera það sem hann vill og þar af leiðandi gera það sem hann vill við eigin líkama, hugmyndir um siðferði og femínískar pælingar eins og hvort og hvernig þetta hafi áhrif á aðrar konur í heiminum. Þetta er stórt og flókið og ég enda aldrei á einhverju einu sem mér finnst segja mér hvernig þetta á að vera.“

STRIPP verður frumsýnt á sviðslistahátíðinni Everybody Is Spectacular þann 24. ágúst næstkomandi í Tjarnarbíói.

## Unnið að verkinu undanfarin tvö ár

Hópurinn Dance for Me var stofnaður utan um samnefnda sýningu árið 2013 og hefur hann einnig sett upp verkin Dansaðu fyrir mig og Petru.

Hópurinn er skipaður þeim Brogan Davison og Pétri Ármannssyni. Leikhópurinn er þekktur fyrir frumlega nálgun að sviðsetningu á raunveruleikanum.

Hópurinn hefur frá stofnun sýnt víðsvegar um Ísland og einnig á alþjóðlegum listahátíðum í Noregi, Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Kanada og Bretlandi.

Þau Olga, Brogan og Pétur hafa síðastliðinn mánuð verið við æfingar hér á landi en vinna við STRIPP hófst fyrir rúmum tveimur árum. Haldið var til æfingadvalar á Ítalíu og einnig var æft í Berlín. Lokavinnsla verksins fer fram hér á landi og verða alls sex sýningar en einnig verður haldið með verkið á sviðslistahátíð erlendis.

STRIPP verður frumsýnt á sviðslistahátíðinni Everybody Is Spectacular þann 24. ágúst næstkomandi í Tjarnarbíói.



**Þau Brogan, Olga og Pétur hafa verið við æfingar í Tjarnarbíói.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Merkisatburðir

**1907** Lárus Rist fimleikakennari syndir yfir Oddeyraráł. Leggur af stað alklæddur og í sjóklæðum og vaðstígvélum en tínir fötin af sér á leiðinni. Markmiðið er að sýna fram á að sjómenn hafi gagn af sundkunnáttu.
**1933** Steinn Steinarr skáld og fjórir aðrir hljóta dóm fyrir að skera niður hakakrossfána við hús þýska vararæðismannsins á Siglufirði.
**1965 Hljómplatan Help með Bítlunum kemur út í Bretlandi.**
**1974** Gerald Ford tekur við embætti Bandaríkjaforseta í kjölfar afsagnar Nixons.
**1983** Friðarganga á vegum herstöðvaandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.
**1985** Minnisvarði um Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnara er afhjúpaður í landi Miðhúsa á Fljótsdalshéraði, þar sem hann var fæddur.



Fallegir legsteinar á góðu verði
Kynningarverð
á öllum legsteinum í sýningarsal að
**Auðbrekku 4, 200 Kópavogi**



Bergsteinar legsteinagerð
Verið velkomin
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Eygló Margrét Lárusdóttir sýnir nýjustu fatalínuna sína, Murder she wrote, í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Fagnar sex ára afmæli Kios ásamt nýrri fatalínu

**Eygló Margrét Lárusdóttir fatahönnuður sýnir nýjustu fatalínuna sína í dag ásamt því að fagna sex ára afmæli hönnunarverslunarinnar Kios. Innblásturinn að línunni kom frá sjónvarpsþáttunum Murder she wrote og hefur línan nú þegar vakið talsverða athygli.**

„Í dag mun ég sýna nýjustu fatalínuna mína, Murder She Wrote, ásamt því að fagna sex ára afmæli Kios,“ segir Eygló Margrét Lárusdóttir fatahönnuður, en sýningin hefst klukkan 17.00 og stendur til klukkan 19.00 í dag. Eygló útskrifaðist frá fatahönnunarbraut Listaháskóla Íslands árið 2005 og hefur þó nokkra reynslu í farteskinu.

„Innblásturinn að línunni kom frá sjónvarpsþáttunum Murder she wrote og ákvað ég að skíra línuna eftir þáttunum. Ég hef fengið mjög skemmtileg viðbrögð frá fólki, en flíkurnar vekja sterk viðbrögð og mynda samtal um vopn og glæpi,“ segir Eygló Margrét.

Hönnunarverslunin Kios er á Laugavegi 65, en þar selja átta mismunandi fatahönnuðir hönnun sína, og hjálpast að við að standa vaktina í búðinni.



Hér má sjá jakka úr nýjustu línu Eyglóar. MYND/RAFAEL PINHO.

Óhætt er að segja að verslunin njóti velgengni en Kios hlaut nýverið verðlaun sem besta hönnunarverslun Reykjavíkur.

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur og erum við virkilega ánægðar með samstarfið. Það er gott að geta skipt á milli okkar vöktum og hjálpast að við að reka verslunina,“ segir Eygló.

Margt verður um að vera í Kios í dag, en ásamt því að sýna nýjustu línu tískumerkisins Eygló, verða til sýnis myndir eftir ljósmyndarann Rafael Pinho.

„Þetta eru virkilega flottar myndir sem Rafael Pinho tók fyrir mig af línunni Murder she wrote. Hér verður frábær stemning og öllum velkomið að kíkja við,“ segir Eygló spennt fyrir deginum.

**gudrunjona@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magnfríður Perla (Lúlú) Gústafsdóttir**

verður jarðsungin mánudaginn 8. ágúst kl. 13.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Sigurbjörg Sjöfn Rafnsdóttir**
**Camillus Birgir Rafnsson** — **Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Rafn Benedikt Rafnsson** — **Helga Matthildur Jónsdóttir**
**Ólafía B. Rafnsdóttir**
**Ómar Steinar Rafnsson** — **Lilja Ragnarsdóttir**
**Erla Rafnsdóttir** — **Michael O'Byrne**
**Ólafur Róbert Rafnsson** — **Guðný Ósk Garðarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur þeirra.**



Yndislegog ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Lilja Friðjónsdóttir**
**hjúkrunarheimilinu Eir,**

lést miðvikudaginn 3. ágúst.
Guðrún Lilja verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. ágúst, kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Guðrúnar Lilju er bent á Hjartavernd.

**Helga Viðarsdóttir**
**Daníel Viðarsson** — **Margrét Magnúsdóttir**
**Viðar Viðarsson** — **Anna Elísabet Ólafsdóttir**
**Friðjón Már Viðarsson** — **Margrét Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Mynd frá 16. júlí síðastliðnum. Næst sést í kirkjuna, þá er íbúðarhúsið, hálfklætt krossviði og listasafnshúsið lengst til hægri.

# Vísanir í listasögu heimsins

**Endurbætur á húsi og listaverkum Samúels í Selárdal í Arnarfirði þokast áfram. Margir leggja hönd á plóg og fé í söfnunarbauk á staðnum að sögn Ólafs Engilbertssonar.**

Hús Samúels Jónssonar í Selárdal, „listamannsins með barnshjartað“ hefur tekið stakkaskiptum í sumar í höndum manna frá TV-verki. Klæðningu þess er að ljúka og vinna við innréttingar að hefjast. Í húsinu á að verða kaffistofa, minjagripabúð og gestaíbúð fyrir listamenn, fræðimenn og aðra áhugasama. Gerhard König myndhöggvari er líka á leið vestur eina ferðina enn, ásamt sjálfboðaliðum, að sinna viðgerðum á listaverkunum. Hann er sérfræðingur í viðgerðum, bæði á steypu og tré.

Þetta upplýsir Vestfirðingurinn Ólafur Engilbertsson hjá Sögumiðlun. Hann fylgist vel með framkvæmdunum enda í stjórn Félags um listasafn Samúels í Selárdal. „Ég hef vitað af byggingum og listaverkum Samúels frá því ég var unglingur. Eftir að ég var í námi á Spáni fékk ég aukinn áhuga á þeim enda eru fyrirmyndirnar að þeim í sunnanverðri Evrópu. Samúel endurskóp þær norður á hjara. Hann vísar í ljónagosbrunninn í Alhambra á Spáni og gerði eftirlíkingu af Péturskirkjunni í Róm. Líka módel af Taj Mahal á Indlandi og Gullna hofinu í Dehlí en þau eru nú glötuð og lýsi ég hér með eftir þeim, ef einhver skyldi hafa þau undir höndum.“

Íbúðarhús Samúels var að hruni komið en var tekið niður árið 2009 og síðan byggt upp í áföngum. Kirkjuturninn var við það að fjúka í fyrra og fór mikill tími í að bjarga honum að sögn Ólafs. „Svo þarf að gera við listasafnshúsið áður en það verður hæft til að halda þar sýningar.“

Endurbæturnar fóru af stað fyrir alvöru árið 2005, Ólafur segir fjár til þeirra hafa verið aflað í gegnum Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, Ferðamálastofu og með frjálsum framlögum. „Það hefur komið ótrúlega mikið í söfnunarkassa á staðnum, miðað við að enginn er þar að rukka,“ segir hann og laumar að númeri söfnunarreikningsins, 512-26-4403 og kennitölunni 440398-2949.

Fólk af hátt í 20 þjóðernum hefur unnið við björgun mannvirkjanna, að sögn Ólafs. „Þetta er fjölþjóðlegt verkefni enda hefur Samúel vísanir í listasögu heimsins.“ gun@frettabladid.is



Íbúðarhúsið Brautarholt hefur verið klætt í sumar. Innrétting þess er fram undan. Leifur heppni stendur keikur framan við dyrahelluna.



Ólafur í kirkju Samúels áður en sýning málverka og módela var sett þar upp.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Kristjáns M. Baldurssonar**

**Elín Ýrr Halldórsdóttir**
**Anna Rut Kristjánsdóttir**
**Ásta Ýrr Kristjánsdóttir** **Kári Logason**
**Herdís Kristjánsdóttir** **Pétur Andri Dam**
**Halldór Kristjánsson** **Ástdís Nina Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug, hjálpsemi og vináttu vegna fráfalls og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Ingrúnar Ingólfsdóttur**
hjúkrunarfræðings,
Þrastarási 44, Hafnarfirði.

**Magnús Gíslason**
**Hersir Gíslason** **Carola Falk**
**Vala Magnúsdóttir** **Eiríkur Haraldsson**
**Daði Magnússon** **Dagbjört Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**



Okkar ástkæri,

**Jóhannes Ólafsson**
Njálsgötu 65,

lést á heimili sínu 25. júlí síðastliðinn. Útför hans hefur farið fram.

**Aðstandendur hins látna.**



Elskulegur frændi og vinur,

**Sigurður K. Magnússon**
Stafholti, Reynimel 66,

lést að heimili sínu 31. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elín Steinþórsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Önnu Þórunnar Einarsdóttur**

sem andaðist 21. júlí. Við þökkum starfsfólki á deild A-3 á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun og vinarhug.

**Gunnar Jónsson**
**Unnur Gunnarsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför yndislega drengsins okkar og bróður,

**Hjalta Jakobs Ingasonar**

Þökkum af öllu hjarta fyrir aðstoð og stuðning sem við höfum fengið á erfiðum tíma.

**Ingi Þór Jónsson** **Gunnhildur Rán Hjaltadóttir**
**Ída Þorgerður Ingadóttir**
**Lotta Þorbrá Ingadóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóel Bachmann Jóelsson**
Sunnubraut 3, Keflavík,

sem lést mánudaginn 1. ágúst, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Þórhildur Bachmann Jóelsdóttir** **Konráð Gíslason**
**Guðríður Bachmann Jóelsdóttir** **Kristján Hannesson**
**Guðný Bachmann Jóelsdóttir** **Kjartan Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Stjúpfaðir okkar og vinur,

**Björgólfur Eyjólfsson**
bóndi í Lækjarhvammi í Laugardal,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, sunnudaginn 24. júlí. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þökkum veitta samúð.

**Egill Teitur Eysteinsson** **Ingibjörg Vigdísardóttir**
**Andrés Gísli Vigdísarson** **Gunnar Hafsteinsson**
**Rúna Jónsdóttir** **Jón Þór Ragnarsson**



Við þökkum af öllu hjarta samúð ykkar, vináttu og hjálp vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Jóns Guðmundssonar**
Jörundarholti 122, Akranesi.

Guð blessi ykkur öll.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Alma Garðarsdóttir**




100% Íslenskt ungnautakjöt

200kr verðlækkun pr. kg

**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg




4stk 80 g

**579** kr. 2x140 g

**549** kr. 2x120 g

**598** kr. 4x80 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

100% Íslenskt ungnautakjöt

ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR



**1.498** kr. kg

**KS Lambalærissneiðar**
Frosnar




**1.398** kr. kg

**KS Lambalæri**
Án mjaðmabeins, frosið

GOTT Á GRILLIÐ



**1.298** kr. kg

**KS Lambalæri**
Frosið

KS

# ÍSLENSKT LAMBAKJÖT



**698** kr. kg

**KS Lambasúpukjöt**
Frosið




**298** kr. kg

**KS Lambahjörtu**
**KS Lambalifur**
Frosin

LUNDAPARTUR



**1.998** kr. kg

**KS Lambahryggur**
Frosinn, hálfur (lundapartur)

VALITOR

Verð gilda til og með 7. ágúst eða meðan birgðir endast - *Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1.298
kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

1. FLOKKUR




2.598
kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1. flokkur, ferskar




2.598
kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

# BÓNUS

# skilar til viðskiptavina

## ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kvóta til innflutnings á kjöti.*

TAKMARKAÐ MAGN



3.798
kr. kg

**Nautalundir**
Frosnar, Þýskaland - Verð áður 4.398 kr.

TAKMARKAÐ MAGN
ÞRIÐJI SKAMMTUR
40.000 POKAR




1.279
kr. 900 g

Euro Shopper
**Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g




498
kr. kg

Danpo **Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

1 Díva leitar vísu vatna (11)
11 Háhýsi um borg og bý, eru það framfarirnar? (10)
12 Bjánafálkar, klaufasauðir og hvað svo? (11)
13 Feit fletta hentugum ýlustráum (10)
14 Hugsa upp trúarbrögð sem komast nær kjarna prúðmennskunnar (11)
15 Með glugga á þrjá vegu, því það er fremst í lengjunni (10)
16 Knúðum hljóð með fótum eftir viðeigandi skólum (9)
17 Kvöld eitt heimsóttu hestamenn norn á gandi sínum (9)
18 Stig er kjaftar minnast slagsins (9)
22 Einblína á burðarása (4)
23 Frumefnisvísan er nú meiri fjólan (7)
26 Tékka á stritinu við dópið (10)
28 Sá þá móðu og taldi (5)
31 Yfirgefur svæðið á fjórum fótum eftir matinn (7)
33 Fita Fjónbúa í hvelli fyrir bomburnar (10)
34 Tel kornrækt ÁTVR góða fyrir rekstur hins opinbera (11)
35 Er vit í að taka lán fyrir eyju með veð í gömlu máli? (8)
36 Best að moka yfir þessi lóðaviðskipti (9)
37 Þverra manna var þar skjór í uppnámi (8)
38 Í miðri Los Angeles upplifði Jón sig meðal rándýra (5)
39 Úðaðu í þig öllu sem kassi á sléttu gólfi geymir (7)
40 Mun sjá eftir því ef ég sný upp á þarmagust (8)
41 Sultukræklingur fyrir þá sem eru alveg í kássu (7)
42 Naskar á skít, þótt þær séu í ruglinu (6)

**LÓÐRÉTT**

1 Finnur hnit fyrir höfuðból og óðal (9)
2 Óreynd fara fyrir grænjaxlasveitunum (9)
3 Kepptu æ oní æ við þau sem æ voru örmagna (9)
4 Þarf snafs eftir hlekkina, því hestastússið tók á (9)
5 Sker hár þeirra sem taka upp aga (9)
6 Sveigjum fé að hlífum gegn skítkasti (10)
7 Förum á bæ rassanna og leitum þeirra sem þar búa (10)
8 Draga síst að borga fyrir stæði (10)
9 Af margdauðri kveð-unn-i (9)
10 Smurði sig áfengum ábæti (11)
19 Auka æðri menntastofnanir þekkingu? (12)
20 Jarðyrkjan er eina þjálfunin sem landnemarnir stunda (12)
21 Dagsbrúnarmegin málmslæðu hugmynda (12)
23 Riddarakross vegna árásar og inngangs (11)
24 Gónum óreynd að fuglum og hálfgrösum (10)
25 Frjáls undan eðli sínu og greddu (11)
27 Að lengja leikþátt breytir litlu (10)
29 Rannsakar dýpt eignarlands (10)
30 Heyið af tindinum er eins og forstjóradjobbið (10)
32 Tímabil hinnar fljótandi fæðu skerpir skarpan (9)





Lausnarorð síðustu viku var

**FJALLDALAFÍFILL**

FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Smámyndasmiðnum** eftir **Jessie Burton** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Stefánía Björnsdóttir, Kópavogi.**




### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fótabúnaður (13) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „6. ágúst“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




Feðgar á ferð heimsækja Ingibjörgu Zophaníasdóttur á Hala í Suðursveit. Ingibjörg er 10 barna móðir sem verður 93 ára í sumar og þrátt fyrir að hún sé blind þá bakar hún pönnukökur, prjónar barnakjóla og fer í gönguferðir á hverjum degi.
365.is | Sími 1817
365


# Þrautir

## Bridge *Ísak Örn Sigurðsson*

### Banvæn vörn

Einhver sterkasta sveitakeppni veraldar fór fram í Washington í Bandaríkjunum og lauk um síðustu helgi. Sveit Fleischer vann sigur 106-91 á sveit Zimmerman í úrslitaleiknum. Spilarar í sveit Fleischer eru Brad Moss, Joe Grue, Chip Martel, Marty Fleischer, Sabine Auken og Roy Welland. Sveit Zimmerman mætti sveit Lavazza í undanúrslitum og hafði þar sigur. Að margra áliti eru það sterkustu sveitir heims, þó að hvorugri þeirra hafi tekist að hampa titlinum að þessu sinni. Spil úr leik þeirra var ansi áhugavert. Norðmennirnir Helness og Helgemo náðu þar ótrúlegri vörn gegn spaðageimi Diego Brenners og Norberto Bocchi. Svo virtist sem Helness hefði yfirlit yfir allar hendur, en hann sat í norður. Suður var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ K
♥ Á87
♦ G9765
♣ G752

**Vestur**
♠ Á109632
♥ D92
♦ 43
♣ K4

**Austur**
♠ D765
♥ 3
♦ K1082
♣ ÁD103

**Suður**
♠ G4
♥ KG10654
♦ ÁD
♣ 986

Suður vakti á 1 hjarta, vestur kom inn á 1♠, norður sagði 2♥ og austur lauk sögnum með 4♠ sögn. Helness átti út og það tók hann skamman tíma að spila út tígulfimmu sem Helgemo átti á drottningu. Hann tók á ásinn og spilaði hjartagosa í þriðja slag. Vestur setti lítið spil og Helness drap á ás, eftir nokkra umhugsun og spilaði tígulgosa. Helgemo trompaði það með spaðagosa og uppfærði þannig fjórða slag varnarinnar. Sami samningur var spilaður á hinu borðinu í leiknum og útspilið þar var hjartaás og sveit Zimmerman græddi 11 impa á spilinu.

## Skák *Gunnar Björnsson*

**Hvítur á leik**



Lenka Ptácníková (2.136) átti leik gegn Tinnu Kristínu Finnbogadóttur (1.931) í fyrstu umferð Íslandsmóts kvenna.

**23. Rxb7! Bxe5?** (23...Dxb7 er betra en eftir 24. Rxd5! vinnur manninn til baka með yfirburðastöðu.) **24. fxe5 Hxe5 25. Da6!** Hvítur vann sigur 12 leikjum síðar. Önnur umferð fór fram í gærkvöldi.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |



Endalaust sumar
ENDALAUS GSM
2.990 KR.
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*
Ekki hafa áhyggjur af símnotkuninni í sumar!
Settu þig í samband og fáðu Endalausan GSM
1817
365.is
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is
*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB
365

## Konráð og félagar á ferð og flugi 211

Bragi Halldórsson

„Er þetta ekki talnavölundarhúsið þar sem við eigum að byrja á bláu tölunni neðst og með því að fylgja bara sléttum tölum lárétt og lóðrétt en ekki á ská, finna leið upp á topp teningsins, bláu tölunnar átta?“ spurði Kata. „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum að fylgja sléttu tölunum 2, 4, 6, og 8.“ „Mig minnti það,“ sagði Kata. „Mér gekk nú ekkert of vel síðast þegar við glímdum við svona þraut en nú skal það ganga betur,“ sagði hún ákveðin og keppnisskapið leyndi sér ekki.

Getur þú fundið leiðina í gegnum teninginn með því að fylgja sléttu tölunum lárétt og lóðrétt?

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 2 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 7 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 2 | 2 | 6 | 5 | 2 | 3 | 6 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 2 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 4 | 2 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 8 | 4 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 6 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 2 | 7 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 5 | 6 |



### Leikur vikunnar

## Hlutirnir í húfunni

Allir þátttakendur leiksins setja einhvern hlut í húfu. Einn tekur að sér að stjórna leiknum. Hann er með húfuna og tekur alltaf einn hlut úr henni í einu. Stjórnandi byrjar á því að segja hvað sá á að gera sem á fyrsta hlutinn. Muna að hafa það eitthvað létt eins og að hoppa á öðrum fæti, flauta, klappa saman lófunum, syngja lag, fara með vísu eða hvað annað sem er vel framkvæmanlegt. Þannig gengur þetta koll af kolli þar til húfan er tóm.










Bríeti Hrefnu finnst skemmtilegast að fara í tívolí og að eiga afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Hélt veislu með Orra afa

Þegar **Bríet Hrefna Guðlaugsdóttir** byrjar í grunnskóla í haust þætti henni skemmtilegast ef krakkarnir fengju að mála skólastofuna.

Bríet Hrefna er fimm ára núna en er samt alveg að verða sex. Hún er nýlega búin að kveðja leikskólann Kór og byrjar bráðum í Hörðuvallaskóla. Skyldi hún ekki vera spennt? Jú, ég er mjög spennt. Ég held að það verði skemmtilegast ef við fáum að mála stofuna.

**Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?** Í sumar ætla ég að fara í Disneyland og Lególand (þess má geta að þetta hefur ekki verið borið undir foreldra barnsins). En veistu, Orri afi varð sextíu ára um síðustu helgi og við héldum veislu saman.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Mér finnst skemmtilegast að fara í tívolí og að eiga afmæli.

**Hver eru áhugamál þín?** Ertu að meina eins og að vera í sandkassa og svona? Það er samt ekki að vera í sandkassa, það eru trampólín og fimleikar.

**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Röndótt fiðrildi og Dorrit, hundurinn sem vinir mínir eiga.

**Ertu að æfa eitthvað?** Já, ég er æfa að fimleika með Gerplu og svo ætla ég að fara í fótbolta með HK í haust. Vinkonur mínar ætla með mér fótbolta.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Ég ætla að verða flugkona og búðarkona í Krónunni. Svo ætla ég að verða eitthvað annað sem ég veit ekki alveg. Ég ákveð það þegar ég verð fullorðin.

## Lestrarhestur vikunnar Aldís Una, átta ára

**Hvað finnst þér skemmtilegast við bækur?** Að lesa þær og sérstaklega ef þær eru um dýr.

**Hvaða bók last síðast og um hvað er hún?** Hulda Vala dýravinur og töfrahálsmenið og er um stelpu sem getur talað við dýr.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Þyrnirós.

**Hvers konar bækur þykja þér skemmtilegar?** Langar bækur, löng ævintýri.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Norðlingaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Fer eiginlega alltaf eftir skóla og stundum á sumrin.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Lesa, hestar, að lita, ballett, spila á píanó og gítar.

**Ef þú ætlaðir að skrifa bók, um hvað ætti hún að vera og hvað myndi hún heita?** Um náttúruna og sérstaklega dýr. Kannski myndi hún bara heita Náttúran.




Aldís Una Þorgeirsdóttir fer oftast á bókasafnið eftir skóla og stundum á sumrin.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

# KODDÍ AFMÆLI



Opið alla daga
7-22
Laugavegi og Hagasmára

10 heppnir fá árskort af kleinuhringjum!

Yfir 1.000.000 kleinuhringja seldir frá opnun



**Við erum 1 árs! Þökkum frábærar móttökur.**

Opið frá kl. **7–22** á Laugavegi og í Hagasmára.
Opnunartíma í Kringlunni má finna á **dunkindonuts.is.**

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9

DUNKIN' DONUTS®

Brandenburg | SÍA

# RISAÚ

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
**Tvöfaldir LG kæliskápar með allt að 150.000kr afslætti**
Philips bluetooth hátalarar með allt að 60% afslætti
**Whirlpool uppþvottavélar frá 54.995**
LG 65"Ultra HD 4K sjónvörp frá 199.995

## OPIÐ ALLA HELGINA!

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 11-16 OG SUNNUDAGINN 7. ÁGÚST 13-17.

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

BÍLTÆKI
SJÓNVÖRP FERÐATÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
MP3 SPILARAR HLJÓMBORÐ
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HEYRNARTÓL
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti**
Vestfrost þvottavélar frá 39.995
**Kæliskápar í miklu úrvali á frábærum verðum**
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
**Philips heyrnartól með allt að 75% afslætti**
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Að mestu hægur vindur, en strekkingur með suðausturströndinni. Víða bjart veður en þó líkur á síðdegisskúrum, einkum norðaustanlands. Hiti 10 til 17 stig, hlýjast vestan til.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 17° | Oslo 20° | Stokkhólmur 19° | Gautaborg 17° | Helsinki 18° | Þórshöfn 13° | Nuuk 10° |
| London 21° | Amsterdam 21° | París 22° | Berlín 21° | Madrid 31° | Brussel 20° | Róm 30° |
| Boston 23° | New York 24° | Orlando 26° | Moskva 28° | Singapúr 28° | Tókýó 26° | Sydney 11° |

### Flóð & fjara

| | Flóð | Fjara |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | **08.36** | **02.26** |
| | 3,6m | 0,17m |
| | **20.50** | **14.39** |
| | 3,76m | 0,26m |
| **Akureyri** | **00.31** | **06.40** |
| | 1,47m | 0,24m |
| | **13.05** | **18.53** |
| | 1,4m | 0,38m |
| **Ísafjörður** | **10.31** | **04.34** |
| | 1,98m | 0,21m |
| | **22.39** | **16.44** |
| | 2,15m | 0,31m |

### Tunglstaða

Vaxandi
8%

Sólarupprás:
04.51

Sólarlag:
22.12

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↓6 | 11° →5 | 11° ↘1 | 11° ↖11 | 12° ↗3 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↓4 | 12° ←4 | 11° ↖4 | 9° ↑5 | 11° ↗8 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↓5 | 10° ↓2 | 10° ←2 | 13° ↗4 | 16° ↗10 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↓9 | 9° ↓7 | 9° ↓2 | 13° ↑3 | 16° ↑5 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ↙7 | 13° ↖6 | 10° ↖6 | 10° ←4 | 12° ↙2 |





Sýning í Tjarnarbíói
laugardaginn 13. ágúst kl. 20:30
aðeins þessi eina sýning

Miðasala á midi.is
Tryggðu þér miða!


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
BAD MOMS
TILBOÐ KL 3:30, 3:50 OG 4
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
MATT DAMON JASON BOURNE
BRYAN CRANSTON THE INFILTRATOR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 2, 4, 6 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 3D ÍSL.TAL | 1:30, 3:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ENS.TAL | 3:50, 5:30, 8 |
| BAD MOMS | 5:40, 8, 10:10 |
| JASON BOURNE | 10 |
| THE INFILTRATOR | 10:30 |
| GHOSTBUSTERS | 8 |
| ÍSÖLD ÍSL.TAL | 1:40 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Stærsta mynd sumarsins er komin
Hér er Bourne upp á sitt besta
ENTERTAINMENT WEEKLY
MATT DAMON JASON BOURNE
HITFIX 83%
STAR TREK BEYOND
LEYNILÍF GÆLUDÝRA

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 2:50 - 6 - 8:40 - 11:20 |
| SUICIDE SQUAD 2D VIP | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL.TAL 3D | KL. 12 - 2 - 4 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL.TAL 2D | KL. 1 - 3:10 - 5:50 |
| JASON BOURNE | KL. 8 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| THE BFG | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 10:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 1 - 3:20 |
| RIBBIT ÍSL.TAL | KL. 12:50 (400 KR.) |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 8 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 10:40 |
| THE BFG | KL. 5:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 3 |
| RIBBIT ÍSL.TAL | KL. 3:30 (400 KR.) |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 1 - 5:20 - 8 - 10 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 4 - 7 - 10:40 |
| JASON BOURNE | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL.TAL 3D | KL. 3:10 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL.TAL 2D | KL. 1 - 5:40 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 10:20 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 1 - 3:20 - 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 1 - 3:10 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 3:40 - 6:20 - 9 - 11:40 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 - 10:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 3D | KL. 1 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL 2D | KL. 1:20 - 3:20 - 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL.TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL.TAL 2D | KL. 1 - 3:10 |
| JASON BOURNE | KL. 8 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 10:40 |

BFG VARIETY
NOW YOU SEE ME 2
LEITIN AÐ DÓRU

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SUICIDE SQUAD
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
SAUSAGE PARTY FORSALA HAFIN
Í beinni TURANDOT 15. september í Háskólabíói
BAD MOMS
GHOSTBUSTERS
JASON BOURNE
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

**6. ÁGÚST 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Muse
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Laugardalshöll
Stórsveitin Muse er komin til landsins enn einu sinni enda á hún mjög stóran og æstan áhorfendahóp hér á landi.

**Hvað?** Útihátíð við Arnarhól
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Arnarhóll
Hin árlega útihátíð Hinsegin daga á Arnarhóli er á sínum stað. Þarna koma fram fjölbreyttir og skemmtilegir tónlistarmenn sem halda fjörinu úr göngunni lifandi.

**Hvað?** Valdimar og DJ Óli Dóri
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kaffitár, Safnahúsinu
DJ Óli Dór er alltaf að spila það ferskasta og Valdimar þarf eiginlega ekki að kynna til leiks. Það er fátt betra en að drekka ískaldan kaffi í síðustu sól sumarsins á einum besta laugardegi ársins.



Valdimar mun syngja fyrir kaffiþyrsta á Kaffitári í Safnahúsinu á laugardaginn.

**Hvað?** Ungmennapartí
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Frostaskjól
Hinsegin dagar og Ungliðahreyfing Samtakanna '78 standa fyrir ungmennapartíi þar sem hinsegin ungmenni koma og skemmta sér. Pitsur verða á boðstólum, plötusnúður sér um fjörið og rúta skutlar fólki á Hlemm eftir fjörið. Þetta dansiball er einungis í boði fyrir ungmenni yngri en 20 ára og áfengi er stranglega bannað.

**Hvað?** Pride-ballið 2016
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Bryggjan, Grandagarði
Stjórnin mun spila á Pride-ballinu í ár og það er ákaflega líklegt að það verði alvöru ballstemming í



**Stjórnin verður eldhress á Pride-ballinu enda ekki hennar fyrsti dansleikur.**

gangi enda hefur Stjórnin spilað einu sinni eða tvisvar á balli áður. Miðaverð er 2.500 krónur í forsölu en 3.500 krónur við dyrnar. Pride-passinn gildir til miðnættis og fá handhafar hans forgang í röð.

**Hvað?** Trató
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hljómsveitin Trató treður upp á Rosenberg.

**Hvað?** Útgáfuveisla Thule Records
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Paloma
Útgáfupartí þar sem fagnað verður útgáfu Downgarden með Exos og T1/T2 með Thor. Fagnað verður á efri hæð og líka niðri í kjallara. Meðal þeirra sem fram koma eru bæði Exos og Thor og síðan fleiri eldheitir snúðar.

## Uppákomur

**Hvað?** Gleðigangan
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** BSÍ
Nú er komið að því – Gleðigangan heldur af stað frá BSÍ og eins og alþjóð veit er alltaf tjúllað fjör hvort sem gengið er með eða bara samglaðst á hliðarlínunni.

**Hvað?** Fiskidagurinn mikli
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Dalvík
Fiskidagurinn er brostinn á. Undirbúningur hefur verið í botni og alls konar viðburðir hafa verið í gangi alla vikuna. Í dag og kvöld verður aðalpakkinn kórónaður með flutningi Fiskidagslagsins með Matta og Friðriki Ómari.

**Hvað?** Wotever Iceland: Freaks & Monsters
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn
Dúndrandi partí á Gauknum á vegum Wotever Iceland. Fólk er hvatt til að mæta klætt í búninga – eða ekki. DJ Villiljós og DJ Mobus verða á spilurunum frá 22.00.

**SUNNUDAGUR**

## Uppákomur

**Hvað?** Taflmót og borðspil
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Taflfélag Reykjavíkur í samvinnu við Árbæjarsafn heldur stórmót í tafli. Mótið er opið fyrir alla og það kostar 1.500 krónur að taka þátt – eldri borgarar og öryrkjar taka þátt ókeypis. Spilavinir mæta.

**Hvað?** Hjólaleiðsögn
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Viðey
Steinn Ármann Magnússon leikari verður með leiðsögn um Viðey fyrir hjólreiðaunnendur og aðra áhugasama. Fólk þarf að koma með eigin reiðhjól, að sjálfsögðu. Leiðsögnin er ókeypis en að það þarf að borga í ferjuna.

**Hvað?** FjölskylduSirkuspartí
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Klambratún
Árleg fjölskylduhátíð Hinsegin daga á Klambratúni.

Góða skemmtun í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Ódýrt í bíó
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
SÝND KL. 1:50 SÝND Í 2D OG 3D
SÝND KL. 2 ÍSL TAL
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
SÝND KL. 1:50 SÝND Í 2D ÍSL TAL
ÍSÖLD ÆVINTÝRIÐ MIKLA
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓIN SAMbio.is
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
THE BFG
LEITIN AÐ DÓRU
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

SÝND Í 3D OG 2D
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
ÍSÖLD ÆVINTÝRIÐ MIKLA 2D
VERTU MEÐ BARNAAFMÆLIÐ HJÁ OKKUR
FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS
MIÐASALA smarabio.is emidi.is midi.is
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

# Mannlífið í fyrirrúmi á myndum Þrándar

**Líflegar myndir úr miðborginni einkenna sýninguna Stræti sem Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður opnar í Port verkefnarými að Laugavegi 23b í dag. Fríríkið Kristjanía kemur þar líka aðeins við sögu.**

„Myndefnið er aðallega götur og torg í miðbænum, meðal annars úr Grjótaþorpinu en mannlífið er í fyrirrúmi,“ segir Þrándur Þórarinsson um efni sýningar hans Stræti, sem opnuð verður í dag klukkan 16 í Port verkefnarými að Laugavegi 23b.

Þrándur er nýfluttur til landsins eftir fjögurra ára búsetu í Kaupmannahöfn, þar sem hann er líka að undirbúa stóra einkasýningu í Nordatlantens Brygge. Þemað er Kristjanía, nútímamyndir en í gömlum stíl. Ein myndin á Stræti er úr þeirri seríu.

Þrándur kveðst hafa málað síðan í menntaskóla. „Ég var á myndlistarbraut í MA. Guðmundur Ármann var þar prímus mótor og leiddi mig fyrstu skrefin í þessu lagskipta málverki sem ég hef fengist við síðan. Þar byrjaði ég líka að leggjast yfir gömlu meistarana og klassíska málverkið sem kallaði sterkt á mig. Ég hef verið að teikna frá blautu barnsbeini og sá það snemma að langbestu teiknararnir voru málarar fyrri alda.“

Þrándur komst í kynni við norska málarann Odd Nerdrum þegar hann flutti suður. „Ég sá Odd vera að skjótast inn í Mál og menningu á Laugaveginum og gaf mig á tal við hann, það varð til þess að ég var nemandi hjá honum í nokkur ár. Þá bjó hann í gamla borgarbókasafninu við Þingholtsstræti og þar voru stóru spurningarnar ræddar. Ég hefði ekki getað fengið betri kennara.“

gun@frettabladid.is



**Fantasía af Hótel Íslandsplaninu.**



**Þrándur sá snemma að langbestu teiknararnir voru málarar fyrri alda.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA







**Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar**

Orka náttúrunnar hefur opnað tvær hraðhleðslustöðvar á Akureyri. Stöðvarnar eru orðnar **13 talsins** og er meðal annars að finna á höfuðborgarsvæðinu, í Borgarnesi, á Selfossi og í Reykjanesbæ. Straumurinn liggur svo sannarlega í vistvænni ferðamáta og ON er stolt af því að leggja sitt af mörkum í þessu hljóðláta samgönguátaki.

ON selur hreina og endurnýjanlega íslenska orku til heimila og fyrirtækja um allt land og nú ganga sífellt fleiri rafbílar fyrir orku náttúrunnar.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn um allt land og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við nýtum auðlindir af ábyrgð til að bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR


2 SPORT
ENSKI BOLTINN
RÚLLAR AF STAÐ 7. ÁGÚST
Sportpakkinn
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
ENSKI BOLTINN ER Á STÖÐ 2 SPORT
2 SPORT
Enski boltinn rúllar af stað 7. ágúst þar sem meistararnir í Leicester City taka á móti bikarmeisturunum í Manchester United í Góðgerðarskildinum á Wembley. Fyrsta umferð í ensku deildinni hefst 6 dögum síðar eða 13. ágúst.
365.is | Sími 1817
365







# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Doddi litli og Eyrnastór
**08.15** Stóri og Litli
**08.30** Ævintýraferðin
**08.45** Elías
**08.55** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.10** Víkingurinn Viggó
**09.20** Mæja býfluga
**09.30** Grettir
**09.45** Ævintýri Tinna
**10.10** Loonatics Unleashed
**10.30** Ben 10
**10.55** Beware the Batman
**11.20** Ellen
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Little Big Shots
**14.05** Two and a Half Men
**14.30** Junk Food Kids. Who's to Blame
**15.20** Grantchester
**16.10** Besti vinur mannsins
**16.40** Ég og 70 mínútur
**17.10** Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**17.40** ET Weekend
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10** Top 20 Funniest 2
**19.55** Away & Back
**23.30** Hitman: Agent 47 Spennutryllir frá 2015 sem segir frá leigumorðingja sem kallast bara 47 og á að baki flekklausan feril sem gerir hann að fyrsta kosti þeirra sem þurfa á þjónustu leigumorðingja að halda – og hafa efni á þjónustu hans. Í raun er 47 klónaður og frá upphafi þjálfaður til að verða besti leigumorðingi í heimi enda býr hann að ótrúlegum styrk og gáfum sem gera hann að óvinnandi andstæðingi. Snjallasti, fimasti, hraðasti og sterkasti leigumorðingi í heimi þarf nú að takast á við gríðarlega öflug leynisamtök sem ætla sér að komast að leyndardómum hans og búa til sinn eigin her af morðingjum.
**01.10** Let's Be Cops Ryan og Johnson eru góðir vinir sem hafa brallað eitt og annað misgáfulegt í gegnum tíðina. Eitt kvöldið ákveða þeir að klæðast lögreglubúningi í búningapartíi og viðbrögð fólks láta ekki á sér standa þar sem flestir telja þá vera alvöru löggur. Þeir félagar ákveða að taka grínið upp á næsta stig og útbúa lögreglubíl til að fullkomna gervið. Málið tekur hins vegar nýja stefnu þegar þeir fá fyrir tilviljun alvöru lögreglumál upp í hendurnar og ákveða að láta vaða. Með aðalhlutverk fara Jake Johnson og Damon Wyans Jr.
**02.50** Cold in July
**04.40** Jupiter Ascending

## SPORT

**07.10** Stjarnan - Víkingur R.
**09.00** Valur - Víkingur Ó.
**10.50** ÍA - FH
**12.30** Pepsi-mörkin
**14.00** Fulham - Newcastle
**15.40** Community Shield - Preview Show
**16.10** Liverpool - Barcelona
**18.20** Einvígið á Nesinu
**19.15** Goals of the Season
**20.10** Barcelona - Leicester
**21.50** Kína - Bandaríkin
**00.10** UFC Now
**01.00** Box: Ward vs. Brand

## STÖÐ 3

**15.50** Who Do You Think You Are
**16.45** Hell's Kitchen
**17.25** Baby Daddy
**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Masterchef USA
**20.10** Ísland Got Talent
**21.05** Supernatural
**21.50** Breakout Kings
**22.35** Boardwalk Empire
**23.35** Bob's Burgers
**00.00** American Dad
**00.25** South Park
**00.50** Fóstbræður
**01.20** Masterchef USA
**02.05** Ísland Got Talent
**03.00** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Skógardýrið Húgó
**08.25** Lína langsokkur
**08.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Ævintýri Tinna
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Skógardýrið Húgó
**12.25** Lína langsokkur
**12.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.25** Ævintýri Tinna
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Ævintýraferðin
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Skógardýrið Húgó
**16.25** Lína langsokkur
**16.48** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.25** Ævintýri Tinna
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Ævintýraferðin
**19.00** How To Train Your Dragon Sequel

Dóra könnuður
kl. **10.00**, **14.00** og **18.00**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Travelers Championship
**11.00** PGA Championship
**13.05** Einvígið á Nesinu
**14.00** Paul Lawrie Match Play
**17.00** Travelers Championship
**22.00** Paul Lawrie Match Play

## BÍÓSTÖÐIN

**08.25** Still Alice
**10.05** Hyde Park On Hudson
**11.40** The Class of '92
**13.40** Song One
**15.10** Still Alice
**16.50** Hyde Park On Hudson
**18.25** The Class of '92
**20.30** Song One Ljúf ástarsaga frá árinu 2014 með Anne Hathaway í aðalhlutverki. Myndin fjallar um unga konu, Franny, sem getur vart á heilli sér tekið þegar bróðir hennar, Henry, fellur í dá. Fljótlega hittir hún tónlistarmanninn James Forester, en hann var í miklu uppáhaldi hjá Henry og í raun átrúnaðargoð hans í tónlist.
**22.00** Unfinished Business Gamanmynd frá árinu 2015 með Vince Vaughn í aðalhlutverki. Myndin fjallar um duglegan eiganda lítils fyrirtækis og tvo félaga hans sem ferðast saman til Evrópu til að landa stærsta samningi lífs síns. En það sem hófst sem venjubundið viðskiptaferðalag fer á allan hátt úr skorðum, og þeir lenda meðal annars á gríðarlegri blætis-kynlífshátíð og á alþjóðlegri ráðstefnu.
**23.30** Forget and Forgive
**01.00** Kalifornia
**03.00** Unfinished Business
**06.40** The Other Woman

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.49** Hrói Höttur
**10.01** Unnar og vinur
**10.20** Jessie
**10.45** Matador
**12.05** Á sömu torfu
**12.20** ÓL 2016: Handbolti
**14.20** ÓL 2016: Handbolti
**16.00** ÓL 2016: Sund
**18.30** Táknmálsfréttir
**18.40** KrakkaRÚV
**18.41** Háværa ljónið Urri
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Ríó
**21.25** ÓL 2016: Samantekt
**22.25** Far And Away
**00.45** Íþróttaafrek
**01.00** ÓL 2016: Sund
**02.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.25** King of Queens
**08.50** How I Met Your Mother
**09.15** Angel From Hell
**09.40** The Odd Couple
**10.05** Rules of Engagement
**10.30** King of Queens
**10.55** How I Met Your Mother
**11.20** Dr. Phil
**12.00** Dr. Phil
**12.40** The Tonight Show
**13.20** The Tonight Show
**14.00** The Tonight Show
**14.40** Korter í kvöldmat
**14.50** Rachel Allen's Everyday Kitchen
**15.15** Chasing Life
**16.00** The Bachelor
**17.30** The Odd Couple
**17.55** The Office
**18.15** Playing House
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Baskets
**20.15** Then She Found Me
**21.55** Defiance
**00.15** Playing It Cool
**01.50** Sleepers
**04.20** The Late Late Show
**05.00** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Doddi litli og Eyrnastór
08.15 Elías
08.25 Kormákur
08.40 Stóri og Litli
08.55 Ævintýraferðin
09.10 Heiða
09.35 Zigby
09.45 Kalli kanína og félagar
10.10 Tommi og Jenni
10.35 Ninja-skjaldbökurnar
11.00 Teen Titans Go!
11.20 Ellen
12.00 Nágrannar
12.20 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.00 Nágrannar
13.25 Grand Designs Australia
14.15 Nettir Kettir
15.05 Save With Jamie
15.50 Two and a Half Men
16.10 Mike & Molly
16.30 Landnemarnir
17.10 60 mínútur
17.55 Any Given Wednesday
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.50 Sportpakkinn Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku, taka viðtöl við sérfræðingana og sýna brot frá því sem fór fram.
19.10 Stelpurnar
19.30 Feðgar á ferð
19.55 Planet's Got Talent
20.25 Grantchester Önnur syrpa þessara spennandi þátta sem byggðir eru á metsölubókum rithöfundarins James Runcie og fjalla um prestinn Sidney Chambers og lögreglumanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamál í bænum Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.
21.10 The Tunnel
22.05 The Third Eye
22.55 Aquarius
23.40 60 mínútur Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
00.25 Modern Family Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
01.00 The Night Of
01.50 Suits
02.35 The Night Shift
03.20 The X-Files
04.05 Gotham
04.55 Rizzoli & Isles

## SPORT

07.15 Ástralía - Frakkland
09.05 Venesúela - Serbía
10.55 QPR - Leeds Bein útsending
13.05 Premier League World 2015/2016
13.35 Einvígið á Nesinu 2016
14.25 Community Shield 2016 - Preview Show
14.50 Leicester - Man. Utd. Bein útsending
17.05 Liverpool - Barcelona
18.45 Fjölnir - ÍA Bein útsending
21.25 Shaqtin a Fool. Old School
21.50 Danmörk - S-Afríka Bein útsending
00.00 Einvígið á Nesinu 2016
00.50 Japan - Kólumbía Bein útsending

## STÖÐ 3

16.00 Project Runway
16.40 The Last Man on Earth
17.05 Cristela
17.25 Selfie
17.50 Raising Hope
18.15 The Big Bang Theory
18.35 Modern Family
19.00 Fóstbræður
19.25 Sjálfstætt fólk
20.00 Um land allt Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.
20.20 Bob's Burgers Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.
20.45 American Dad
21.10 South Park
21.35 Cold Case
22.20 Réttur
23.10 Fóstbræður
23.40 Sjálfstætt fólk
00.15 Um land allt
00.40 Bob's Burgers
01.05 American Dad
01.30 South Park
01.55 Cold Case
02.40 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Ljóti andarunginn og ég
07.25 Ævintýri Tinna
07.47 Mæja býfluga
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Ævintýraferðin
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Skógardýrið Húgó
10.25 Latibær
10.48 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
11.00 Ljóti andarunginn og ég
11.25 Ævintýri Tinna
11.47 Mæja býfluga
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Ævintýraferðin
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Skógardýrið Húgó
14.25 Latibær
14.48 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
15.00 Ljóti andarunginn og ég
15.25 Ævintýri Tinna
15.47 Mæja býfluga
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Ævintýraferðin
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Skógardýrið Húgó
18.25 Latibær
18.48 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
19.00 Robots

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Travelers Championship
13.00 Paul Lawrie Match Play
17.00 Travelers Championship
22.00 Paul Lawrie Match Play

## BÍÓSTÖÐIN

08.30 The Fault In Our Stars
10.35 Another Happy Day
12.35 Yes Man
14.20 The Other Woman
16.10 The Fault In Our Stars
18.15 Another Happy Day.
20.15 Yes Man
22.00 The Monuments Men Mögnuð mynd frá 2014 með Matt Damon, George Clooney og Cate Blanchett í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sannri sögu um stærstu fjársjóðsleit sögunnar. Myndin fjallar um óvenjulega herdeild í seinni heimsstyrjöldinni, sem forseti Bandaríkjanna sendi inn í Þýskaland til að bjarga listaverkum og menningarverðmætum úr höndum nasista og koma þeim til réttmætra eigenda. .
00.00 The Interview
01.55 Unforgiven
04.05 The Monuments Men

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
10.10 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
10.25 Popppunktur
11.20 Sinatra: Allt eða ekkert – 2:2
13.25 Íslendinga
14.20 ÓL 2016: Handbolti Bein útsending frá leik Svíþjóðar og Þýskalands í handbolta karla.
16.00 ÓL 2016: Sund Bein útsending frá undanrásum. Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir eru meðal keppenda.
18.20 Táknmálsfréttir
18.30 Stundin okkar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Selfoss í 50 ár
20.30 Hótel Tindastóll
21.00 ÓL 2016: Samantekt
22.00 Íslenskt bíósumar: Embla
23.30 Kvöldstund með Jools Holland
00.35 Íþróttaafrek Íslendinga
01.00 ÓL 2016: Sund Bein útending frá sundi á Ólympíuleikunum í Ríó.
03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

00.15 Playing It Cool
01.50 Sleepers
04.20 The Late Late Show
05.00 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rules of Engagement
08.25 King of Queens
08.50 How I Met Your Mother
09.15 Telenovela
09.40 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
10.05 Rules of Engagement
10.30 King of Queens
10.55 How I Met Your Mother
11.20 Dr. Phil
12.00 Dr. Phil
12.40 Dr. Phil
13.20 The Tonight Show
14.00 The Tonight Show
14.40 Life is Wild
15.25 Parenthood
16.10 Life In Pieces
16.35 Grandfathered
17.00 The Grinder
17.25 Angel From Hell
17.50 Top Chef
18.35 Parks & Recreation
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Rachel Allen's Everyday Kitchen
20.15 Chasing Life
21.00 Law & Order. Special Victims Unit
21.45 American Gothic
22.30 The Bastard Executioner
23.15 Fargo

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |


365 SJÚKLEGUR SUNNUDAGUR
Í KVÖLD
3 NÝJAR
OG HÖRKUSPENNANDI ÞÁTTASERÍUR Á STÖÐ 2
Fáðu þér áskrift á 365.is



2. ÞÁTTARÖÐ!

THE TUNNEL
Hjónum er rænt fyrir framan dóttur þeirra í Ermarsundsgöngunum og böndin berast fljótt að hryðjuverkamönnum. Æsispennandi bresk/frönsk útgáfa af hinum geysivinsælu dönsku þáttum, **Broen eða Brúnni.**



FYRRI SERÍA Á MARAÞON

2. ÞÁTTARÖÐ!

THE THIRD EYE
Lögreglumaðurinn Viggo Lust hefur slitið öll tengsl við fortíðina og tvö ár eru liðin frá því að dóttir hans hvarf sporlaust. Hann hefur hafið störf á nýjum vettvangi en ekki er allt sem sýnist. **Norskir spennuþættir sem hafa slegið í gegn!**

NÝTT!



AQUARIUS
Dramatískir og hörkugóðir þættir þar sem David Duchovny leikur harðsvíraðan lögreglumann sem er á eftir Charles Manson og genginu hans í Los Angeles á sjöunda áratugnum.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# NÝTUM GÓÐA VEÐRIÐ




*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*
timbur@byko.is

## ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ
Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN

**GAGNVARIN FURA** — *Klárum málið!* — 0% VAXTALAUST LÁN

**PALLURINN**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 2.150 kr./m² | 215 kr./lm* |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.960 kr./m² | 245 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.167 kr./m² | 325 kr./lm* |

*4,5 m og styttra

**SKJÓLVEGGURINN**

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 94 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 156 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 185 kr./lm* |
| 0058255 | 22x120 mm. | 247 kr./lm |

**GRIND OG UNDIRSTAÐA**

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 182 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 295 kr./lm* |
| 0058506 | 45x145 mm. | 485 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 715 kr./lm* |

## VERTU MEÐ RÉTTA ÚTBÚNAÐINN



**RAFHLÖÐUBORVÉL**
TE-CD 18/1 Li Kit, 2 x 1,5Ah rafhlöður, 2 gíra, sjálfherðandi patróna, LED ljós, 30 mín hraðhleiðsla og kemur í tösku. Partur af Power X-Change línunni.
**33.995kr.**
74826002



**BÚTSÖG**
TH-MS 2112, 1400W, 5000 sn/mín, 210mm sagarblað, skurðarþykkt (90°x90°) 120x55mm, (45°x45°) 80x32mm, þvinga og rykpoki.
**16.795kr.**
74808295




**STINGSÖG** PST 650-TS, 500W, 3100 sl/mín, 65mm skurðardýpt í tré, 4mm skurðardýpt í stál.
**11.995kr.**
74862660

**ÖRYGGISGLERAUGU**
frá: **525kr.**
76051043

**HEYRNARHLÍFAR**
frá: **995kr.**
76051946

**VINNUHANSKAR**
frá: **695kr.**
93955108-11

## MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA
### KOMDU OG SKOÐAÐU



**KASTARI** Microflod 10W. HV IP65..
**9.995kr.**
51124170



**ÚTILJÓS** vegghengt, LED með skynjara, 7W, IP54.
**17.995kr.**
51124181
*Engöngu í vefverslun og BYKO Breidd

**ÚTILJÓS** staur, 30x9cm, svartur eða hvítur.
**9.995kr.**
52238268/69



**ÚTILJÓS** staur, 100x8x8cm, svartur eða hvítur.
**19.995kr.**
52238271/2



byko.is

**REIKNAÐU ÚT EFNISMAGN Í GIRÐINGUNA OG PALLINN Á BYKO.IS**

**TIMBURVERSLANIR** - OPNUNARTÍMI
**BREIDD, SELFOSS, AKUREYRI OG SUÐURNES** LAUGARDAG 10-16, LOKAÐ SUNNUDAG
**GRANDI** LAUGARDAG 10-18, SUNNUDAG 11-17

# PALLALEIKUR BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. JÚNÍ - 19. ÁGÚST 2016.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

*Vertu með!*




Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 19. ágúst.

-25%




**HERREGÅRD PALLAOLÍA XO** viðarvörn, er ætluð á gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa og mygluvarnarefni. Fæst í ljósbrúnu og glæru.

**1.875kr.**

80602501-2
Verð áður: 2.495kr.

3 LÍTRAR

FRÁBÆRT VERÐ ALLA HELGINA!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda til og með 7.ágúst eða á meðan birgðir endast. Sjá nánar um vaxtalaus lán á byko.is.

## FRÁBÆR TILBOÐ

-20%




**KJÖRVARI 16** viðarvörn, þekjandi, margir litir.

**1.755kr.** 1 LÍTRI
86360040-1337 - Verð áður: 2.195kr.

**5.915kr.** 4 LÍTRAR
86360040-1337 - Verð áður: 7.395kr.

**KJÖRVARI 14** viðarvörn, gagnsær, margir litir.

**1.275kr.** 1 LÍTRI
86332040-9040 - Verð áður: 1.595kr.

**3.995kr.** 4 LÍTRAR
86332040-9040 - Verð áður: 4.995kr.

-20%




BYKO ER STOLTUR BAKHJARL HINSEGIN DAGA Í REYKJAVÍK

# GERUM ÞETTA SAMAN

#REYKJAVIKPRIDE




## ÞÚ SPARAR 40.000 KR.

-27%



PALMAKO
Wooden houses to enjoy

KEMUR ÓSAMSETT OG ÓMÁLAÐ

**TOM BARNAHÚS**
3,8 m², 16 mm klæðning samsett úr einingum.

**109.995kr.**

0291821
Verð áður: 149.995kr.

ANNAR KOSTNAÐUR
Styrkingar: 15.995 kr.
Festingar: 4.995 kr.

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Félagarnir njóta þess að ferðast saman og í dag ætla þeir að mæta í gleðigönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Njóta þess að ferðast saman

Þeir eiga það sameiginlegt að vera samkynhneigðir og elska að ferðast. Félagarnir **Richard** og **Alan**, eru hér á landi í þeim megintilgangi að upplifa Gleðigönguna og fagna frelsinu og hamingjunni.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



Meginástæða þess að við erum á Íslandi er að upplifa Gleðigönguna. Frá því ég hætti að vinna hef ég lagt mikið upp úr því að ferðast, en við Richard ferðumst saman í tvo mánuði á ári. Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem til Íslands," segir Alan Fulwood, spurður út í heimsókn sína til Íslands.

Richard og Alan eru báðir frá Ástralíu og spurðir að því hvernig það er að vera samkynhneigður í Ástralíu sega þeir að margt sé í góðum farvegi en draumurinn sé að lög um samvist samkynhneigðra verði samþykkt þar. Árið 2008 var veitt lagalega heimild hér á landi til að staðfesta samvist samkynhneigðra, en það mun vera eitt stærsta skrefið í réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi.

„Það er frábært að koma hingað til Íslands. Samkynhneigðir einstaklingar eru mjög hamingjusamir hér, enda stendur ísland mjög framarlega hvað varðar réttindi samkynhneigðra. Minn stærsti draumur í dag er að Ástalía samþykki hjónabönd samkynhneigðra, ég bíð enn þá eftir því. Ég vil gjarnan giftast kærasta mínum í Ástralíu, og ef það gengur eftir verð ég giftur aftur eftir að hafa verið giftur konu í þrjátíu ár," segir Richard Densley léttur í bragði og bætir við að vonandi verði hann giftur honum næstu þrjátíu ár.

**ÞAÐ SEM VIÐ SJÁUM Í SJÓNVARPINU ER EKKI ENDILEGA RAUNVERULEIKINN. SAMKYNHNEIGÐIR EINSTAKLINGAR ERU AUÐVITAÐ BARA VENJULEGT FÓLK, ENDA Á ÞAÐ EKKI AÐ SKIPTA NEINU MÁLI HVORT ÞÚ ERT HOMMI, LESBÍA EÐA EKKI.**

Þeir félagar eiga sér mjög ólíka sögu hvað varðar það að koma út úr skápnum, en báðir segja þeir að það hafi þó verið frekar erfitt á þeim tíma og í dag sé fólk mun opnara hvað varðar samkynhneigð.

„Ég áttaði mig fyrst á því að ég var hommi í kring um 45 ára aldur. Ég þekkti mikið af samkynhneigðu fólki og var mikið í kring um það. Þar leið mér vel. Það hefur lítið annað breyst, ég kem úr mjög litlu samfélagi þar sem fólk tók því vel og margir töluðu um að ég væri alltaf sami Richard og ég var," segir hann.

„Ég hef aldrei verið giftur og aldrei eignast börn, ætli ég hafi ekki alltaf vitað að ég var samkynhneigður. Ég gerði aldrei neitt mikið úr því að ég væri hommi, þetta olli ekki neinum vandræðum í lífi mínu. Ég hef alltaf bara lifað mínu lífi og er lítið fyrir að vera í sviðsljósinu. Fjölskyldan mín veit að ég er samkynheiður en það kemur sjaldan í umræðuna," segir Alan, en hann er nýorðinn áttræður og hefur fylgst með baráttu samkynhneigðra alla sína tíð og talar um að fólk sé mun opnara fyrir fjölbreytileika í dag.

Sú birtingarmynd homma sem hefur þróast í gegnum tíðina birtist að mestu í sjónvarpi og þáttum þar sem hlutverk homma virðist oftar en ekki vera ýkt týpa og er stællegi og óskammfeilni samkynhneigði besti vinurinn til dæmis klassísk erkitýpa úr kvikmyndum og sjónvarpi sem enn nýtur mikilla vinsælda.

„Það sem við sjáum í sjónvarpinu er ekki endilega raunveruleikinn. Samkynhneigðir einstaklingar eru auðvitað bara venjulegt fólk, enda á það ekki að skipta neinu máli hvort þú ert hommi, lesbía eða ekki. Við erum virkilega spenntir að upplifa Gleðigönguna hér í Reykjavík í dag áður en við höldum áfram að ferðast," segja þeir félagar að lokum.

## Svavar Örn

*útvarpsmaður*



Gangan snýst meira um mannréttindi en nokkuð annað – að hver og einn fái að fljúga eins og hann er fiðraður. Við þurfum að standa vörð um okkar mannréttindi, sérstaklega í ljósi þess sem er að gerast í heiminum. Reynslan sýnir okkur að það er auðvelt að missa mannréttindi þegar brjálæðingar ná völdum. Hins vegar finnst mér dásamlegt að sjá á Hinsegin dögum hvað Íslendingar almennt eru fordómalausir – hvernig gangan og hátíðahöldin öll hafa orðið stærri viðburður með hverju árinu. Á svokölluðu Regnbogakorti, sem Evrópusamtök hinsegin fólks gefa út árlega, er Ísland í fjórtánda sæti og öll önnur Norðurlönd standa framar en Ísland í málaflokknum. Þar höfum við dregist aftur úr, sem eru slæmar fréttir. Þess vegna er mikilvægt að halda þessum málstað á lofti og hafa hátíðina í ár og næstu ár sem allra glæsilegasta.

## Lilja Ósk Magnúsdóttir

*Göngustjóri Hinsegin daga*



Ég hef verið sjálfboðaliði í gleðigöngu Hinsegin daga síðan ég opinberaði tilfinningar mínar og leyfði mér að elska þann sem ég elska. Í göngunni á morgun þá fagna ég því samfélagi sem ég tilheyri – frelsi, fjölbreytileika og fordómaleysi en minnist þess einnig að við göngum líka fyrir allt hinsegin fólk í heiminum.

## Dagur B. Eggertsson

*borgarstjóri*



Gangan er gleði- og mannréttindaganga. Ein stærsta fjölskylduskemmtun ársins. Það er engin tilviljun því það verður enginn ósnortinn af tilfinningunum, ást og stuði í magnaðri blöndu. Þannig líður mér a.m.k. alltaf. Ástæðan fyrir því hvað þessi gleði og gangan sjálf er mikilvæg er sú að barátta fyrir mannréttindum hinsegin fólks er öðrum þræði barátta fyrir því að við höfum rétt á að vera eins og við erum og njóta okkar á eigin forsendum, en þurfum ekki að vera steypt í sama mót. Ég er sjaldan eins stoltur af því að vera borgarstjóri eins og í Gleðigöngunni.

## Anna Kristjánsdóttir

*vélfræðingur*



Gleðigangan er algjörlega nauðsynleg. Ekki aðeins til að sýna baráttuviljann, heldur til að sýna það að við erum til og við þorum að standa saman. Fyrir aðeins örfáum áratugum hefði enginn þorað að mæta í svona göngu. Þá var allt í felum. Eftir að ég kom fyrst út úr skápnum varð maður fyrir alls kyns aðkasti, en það hefur gjörbreyst. Gleðigangan á stóran þátt í því. Svo þurfum við að sýna samstöðu utan landsteinanna, því á sumum svæðum á hinsegin fólk mjög erfitt uppdráttar og réttindi þess takmörkuð – það þarf ekki að líta nema til Færeyja til að sjá það, þótt þar séu að verða jákvæðar breytingar líka.


ego dekor
ÚTSALAN ER HAFIN 20-50% AFSLÁTTUR
-25%
CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm – færanleg tunga
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 127.425,-
-20%
CANNON HORNSÓFI
Stærð: 234X175cm
Verð: 199.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 159.200,-
-20%
PALMER HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 335X218/165cm
Verð: 298.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 238.400,-
-40%
MONACO TUNGUSÓFI
Stærð: 291X168cm
Verð: 238.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 142.800,-
-30%
PALMER TUNGUSÓFI
Stærð: 270X172cm
Verð: 226.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 158.200,-
-50%
MOBI BORÐSTOFUBORÐ
Stærð: 200X100cm
Verð: 89.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 44.500,-
BORÐ OG 6 STK STÓLAR SAMAN: 102.880,-
-30%
STÓLL 133
ÚTSÖLUVERÐ: 9.730,-
-25%
ARLO Stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-
-20%
COBY Stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 14.800,-
-25%
TWIST Stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

## Lífið í vikunni
31.07.16-06.08.16



### UPPTEKINN DJ
**Björn Valur Pálsson** plötusnúður er líklega einn af þeim uppteknustu í því fagi hér á landi enda spilar hann bæði með sveitinni Úlfur Úlfur og Emmsjé Gauta – en hann er þar að auki annar af tveimur meðlimum hljómsveitarinnar **sxsxsx**.

### FÉLL EKKI INN Í HÓPINN
**Heiðrik á Heygum eða Heiðríkur** gefur út plötuna Funeral bráðlega. Hann samdi þessa plötu í kjölfar erfiðleika sem komu upp hjá honum í Færeyjum en samfélagið þar er nokkuð íhaldssamt.



### APABINDIÐ TEKUR VIÐ
**Guðni Th. Jóhannesson** bar litríkt apabindi við fyrstu opinberu heimsókn sína á Sólheima. Skiptar skoðanir eru um ágæti bindisins en Fréttablaðið sló á þráðinn til forsetahjónanna og forvitnaðist aðeins um bindið.



### FRANK OCEAN STRÍÐINN
## 4 ár
**síðan Frank Ocean gaf síðast út plötu**

Söngvarinn Frank Ocean hefur verið duglegur að stríða aðdáendum sínum síðustu fjögur árin. Sumir eru þó algjörlega búnir að fá nóg.








Áslaug Arna virðist nokkuð reffileg á sjónum og sést hér með ónefndum kollega sínum og einu stykki makríl.

# Út á sjó um versló

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,** frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, var á leiðinni út á sjó að veiða makríl á meðan flestir Íslendingar voru að pakka niður tjaldinu og æfa sig í að syngja Lífið er yndislegt.

Maður er aðeins að jafna sig á sjóriðunni, ég varð samt ekkert sjóveik úti á sjó – ég fékk samt mjög mikla sjóriðu þegar ég kom í land, það var allt á fleygiferð hérna heima. Það var allavegana gott að sleppa við sjóveikina, þá gat maður að minnsta kosti unnið almennilega,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins og frambjóðandi flokksins í Reykjavík. Hún hitaði upp fyrir framboðstörnina með annarri törn – hún var að koma af sjó, en hún hélt til makrílveiða með skipinu Sigurði VE frá Vestmannaeyjum rétt fyrir Þjóðhátíð.

*Sumarafleysingum fylgir oft ákveðin busun, var einhver slík um borð í Sigurði?*

„Nei, þeir voru afskaplega almennilegir við mig, þeir sem voru um borð. Ég var eina stelpan en við vorum tveir afleysingamenn þarna. En það voru nokkur atriði sem ég lenti í – til dæmis að reyna að draga stólinn að borðinu og fattaði ekki að hann væri fastur við gólfið og þeir hlæja að manni því að það er greinilegt að maður er í fyrsta skiptið á sjó.“

> **ÞAÐ VORU NOKKUR ATRIÐI SEM ÉG LENTI Í – TIL DÆMIS AÐ REYNA AÐ DRAGA STÓLINN AÐ BORÐINU OG FATTAÐI EKKI AÐ HANN VÆRI FASTUR VIÐ GÓLFIÐ OG ÞEIR HLÆJA AÐ MANNI ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER GREINILEGT AÐ MAÐUR ER Í FYRSTA SKIPTIÐ Á SJÓ.**

*En hvers vegna ákvaðstu að skella þér á sjó?*

„Mig hefur lengi langað til að prófa að fara á sjó til að kynnast sjávarútveginum og starfi sjómannsins. Ég fékk tækifæri til þess hjá mjög öflugu fyrirtæki sem er burðarás sinnar byggðar þarna í Vestmannaeyjum. Ég fékk tækifæri til að sjá þessar veiðiaðferðir og allar þessar framfarir í veiðum og vinnslu. Það var ótrúlega gaman að fá að prófa og taka þátt í þessu.“

*Skáldið sagði að sjómennskan væri ekkert grín, var þetta ekki drulluerfitt?*

„Jú, jú, þetta er algjör törn. En þetta er líka gaman – læra á veiðarfærin og dæla inn fisknum og svona. En þetta er vinna, þetta er hörkuvinna. Ég var þarna í sex daga og við fórum út á Grænlandsmið. Ég var orðin frekar sleip í þessum verkum, seinnipart ferðarinnar allavegana. Maður svaf ekki lengi í einu þarna, það var bara ræst með símtali. Það var aftur á móti áhugavert að koma heim og sofa – það var svo mikil þögn allt í einu og allt svo kyrrt.“

Annars segist Áslaug Arna vera að fara að skipta úr sjómannsgírnum yfir í framboðsgírinn enda ekki langt í kosningar. Hún er núna í óðaönn að undirbúa þann pakka og því má segja að það séu miklar sviptingar í lífi hennar um þessar mundir þó að bæði viðfangsefnin, sjómennskan og framboðið, séu ákveðnar tarnir.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## ŠKODA Octavia Drivers Edition

# Aksturinn verður bara skemmtilegri og skemmtilegri







Við vorum að fá **ŠKODA Octavia Drivers Edition** sem er sérútfærsla af vinsælasta bíl á Íslandi 2015. Hann er með aukahlutapakka á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu til okkar í reynsluakstur og finndu hvernig hann leikur við þig í akstrinum. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá aðeins

**3.839.000 kr.**

**Drivers Edition aukahlutapakki**

- Xenon/LED framljós
- Climatronic miðstöð
- Krómpakki
- Leiðsögukerfi með SD korti
- 17" álfelgur
- 16" vetrardekk á álfelgum

| | |
|---|---|
| Heildarverðmæti | 740.960 kr. |
| **Tilboðsverð á pakka** | **349.000 kr.** |
| Afsláttur | 391.960 kr. |

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Pawels Bartoszek




## Aldrei bíll í bílskúrnum

Við eignumst fullt af hlutum um ævina. Einn þeirra, bíllinn, er sérstaklega hannaður til að þola útiveru. Samt byggjum við sérstakt húsnæði, bílskúra, til að geyma bíla inni. Þetta húsnæði notum við svo ekki til að geyma bíla, enda má geyma þá úti, heldur til að geyma hluti sem þola útiveru verr.

En hvernig hluti? Hluti sem við notum mikið? Nei, þá höfum við inni í íbúðinni. Hluti sem gleðja hjarta okkar? Nei, þá viljum við hafa í nálægt okkur. Nei, í bílskúrnum geymum við hluti sem við þurfum ekki á að halda og elskum ekki en myndum fá samviskubit yfir að henda.

Stundum föttum við þetta og leyfum öðrum að nota bílskúrinn. Einu sinni gat fólk selt bílskúra. En þá kom á daginn að fólk sem kaupir bílskúra notar þá öðruvísi. Ef fólk þarf að eyða nokkrum milljónum til að geyma barnavagnasafn eða glerskáp úr dánarbúi þá hendir það draslinu eða gefur það. Fólk sem kaupir eða leigir rými sérstaklega geymir þar dót sem það elskar og notar. Til dæmis trommusett.

Svo var tekið fyrir þetta. Bílskúrseigendur þóttu slappir nágrannar, tóku ekki þátt í hússjóði, trommuðu á trommusettin sín og nýttu skúrana undir verkstæði eða íbúðir. Í dag má áfram leigja skúra í blokkum, en eflaust er ákveðin notkun þeirra sums staðar illa séð.

Hin fjölbreytta nýting bílskúra er samt ákveðin vísbending um að það sé þörf á svona einföldum rýmum sem nýta má í alls konar tilgangi. Til dæmis til að hýsa ísbúðir, hjólaverkstæði, hverfisknæpur eða híbýli fyrir fátæka námsmenn. Það er kannski bara ekki jafn mikil þörf til að hafa allt þetta húsnæði til að geyma bíla.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




